# Hverjir hreppa Óskarinn?

Það stefnir í harða baráttu í mörgum flokkum á Óskarsverðlaunahátíðinni sem verður haldin hátíðleg í 77. sinn í Hollywood í nótt.

SÍÐA 18 ▶



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. febrúar 2005 – 56. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

## SUNNUDAGUR



**VANNÝTT STÓRIÐJA Í EYJAFIRÐI** Norðurskel hefur áform um stórfellt kræklingaeldi í Eyjafirði. Verið er að ganga frá endurfjármögnun fyrirtækisins og ef björtustu vonir ganga eftir verða til hundruð nýrra starfa í Eyjafirði innan fárra ára. **Sjá síðu 2**

**VILL AÐ GENGIÐ VERÐI FRAM AF HÖRKU** Verkalýðshreyfingin vill að gengið verði fram af fullri hörku gagnvart fyrirtækjum sem hafa erlenda starfsmenn án leyfa og brjóta lög og kjarasamninga á þessum starfsmönnum. **Sjá síðu 6**

**VILJA BÖRN FRÁ FLÓÐBYLGJUSVÆÐUNUM** Skrifstofu Íslenskrar ættleiðingar hafa borist margar fyrirspurnir frá fólki sem vill kanna möguleika á ættleiðingum frá hamfarasvæðunum í Asíu. **Sjá síðu 6**

### VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGLÆTISVEÐUR FRAM EFTIR DEGI** Dálitil væta vestanlands, hugsanlega él fyrir norðan. Hiti 1-4 stig. **Sjá síðu 4**

### DAGURINN Í DAG



**ÍSLENSK OG NORRÆN LÖG LEIKIN** Kristjana Stefánsdóttir söngkona og Agnar Már Magnússon píanóleikari flytja blöndu af íslenskum og norrænum lögum í Norræna húsinu. Tónleikarnir hefjast klukkan fjögur.



| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 26 | Myndlist | 26 |
| Tónlist | 26 | Íþróttir | 20 |
| Leikhús | 26 | Sjónvarp | 28 |








*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallups, nóv. 2004.



# Vilja undirbúa aðildarviðræður

## Framsóknarmenn munu að líkindum samþykkja ályktun á flokksþingi sínu í dag um að undirbúningur aðildarviðræðna við Evrópusambandið fari af stað innan flokksins.

**FLOKKSÞING** Yfirgnæfandi líkur eru á því að flokksþing framsóknarmanna samþykki í dag ályktun um að hefja undirbúning aðildarviðræðna að Evrópusambandinu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Í ályktuninni kemur fram að niðurstaða undirbúningsvinnu um aðild verði kynnt á næsta flokksþingi þar sem kosið verði um hvort flokkurinn stefni að aðild eða ekki.

Utanríkismálanefnd flokksins lauk við tillögu að ályktun í gær og mun í dag kynna hana flokksmönnum, sem kjósa um ályktunina. Tillögurnar sem lagðar voru fram í upphafi þingsins miðuðu að því að hefja aðildarviðræður strax á þessu kjörtímabili. Þær tóku breytingum á flokksþinginu, enda brytu þær í bága við ríkisstjórnarsáttmálann, og þess í stað var lagt til að aðildarviðræður yrðu hafnar strax á næsta kjörtímabili.

Töluverðar umræður urðu um tillögurnar á þinginu í gær og voru formaður og varaformaður flokksins á öndverðum meiði í málinu. Halldór Ásgrímsson vill hefja undirbúning að hugsanlegum aðildarviðræðum en Guðni Ágústsson telur það ekki tímabært.

Niðurstaðan varð sú að afgreiðslu málsins var frestað um einn dag og var utanríkismálanefnd falið að komast að niðurstöðu. Samkvæmt heimildum blaðsins felast tillögurnar í málamiðlunum með því að fella meðal annars á brott úr fyrstu drögum ákvæði varðandi „óljósa stöðu og framtíð EES-samningsins“. Hins vegar verði lýst yfir vilja til að ganga í ESB.

Halldór og Guðni voru ósammála um framtíð EES-samningsins og hagsmuni Íslands innan ESB. Halldór sagði í samtali við Fréttablaðið að Íslendingar hefðu reynt mikið að ná fram endurbótum á EES-samningnum, sem hefði ekki þróast eins og hann ætti að gera. „Það hefur ekki gengið vel og nú eru flokksmenn farnir að huga meira að hugsanlegri aðild,“ sagði Halldór. Guðni sagði að Íslendingar þyrftu að halda vel utan um EES-samninginn. „Minn draumur snýr ekki að því að ganga í Evrópusambandið,“ sagði Guðni.

- sda/sjá síðu 4




FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**BARIST VIÐ ELDINN** Húsið skíðlogaði þegar slökkvilið bar að garði. Íbúar voru að heiman og engan sakaði en miklar skemmdir urðu á nýuppgerðu húsinu. Vel gekk að ráða niðurlögum eldsins. Á innfelldu myndinni er Hjálmar Diego Haðarson, eigandi hússins, á tali við lögreglumann.

Bikarúrslit handboltans:

## Stjarnan og ÍR fögnuðu

**HANDBOLTI** Stjarnan og ÍR urðu í gær bikarmeistarar í handbolta en þá fóru úrslitaleikir SS-bikarsins fram í Laugardalshöllinni að viðstöddu fjölmenni. Stjörnukonur unnu bikarinn í kvennaflokki eftir 14 marka sigur á Gróttu/KR og ÍR-strákarnir fylgdu síðan í fótspor þeirra með sex marka sigri á HK í karlaleiknum.

Stjarnan vann þarna sinn fyrsta bikarmeistaratitil í sjö ár eða síðan 1998. ÍR-ingar höfðu aldrei unnið bikarinn í karlaflokki og höfðu reyndar mátt þurfa að bíða í 59 síðan að handboltalið félagsins vann síðasta stóran titil en ÍR varð Íslandsmeistari í eina skiptið 1946.

Bæði félög eiga það sameiginlegt að hafa innan sinna raða frábært unglingastarf og að stærsti hluti liðanna beggja eru uppaldir leikmenn sem voru flestir að uppskera sinn fyrsta stóra titil. - óój

Eldsvoði í Breiðholti:

## Heimilið varð eldinum að bráð

**ELDUR** „Við fjölskyldan vorum úti að borða þegar það var hringt í mig og sagt að það væri kviknað í,“ sagði Hjálmar Diego Haðarson niðurbrotinn á meðan hann horfði á heimili sitt við Rjúpufell brenna í gærkvöldi.

Birgir Finnsson, sviðsstjóri útkallssviðs slökkviliðsins, segir að hringt hafi verið í slökkviliðið á áttunda tímanum í gærkvöldi og tilkynnt um eldinn. Allar stöðvar slökkviliðsins voru sendar á vettvang og þegar sú fyrsta kom á staðinn var eldurinn orðinn mikill. Eldurinn kom upp í endaíbúð í raðhúsalengju og tókst að koma í veg fyrir að hann dreifði sér í aðliggjandi íbúðir. Búið var að slökkva eldinn um klukkan hálf níu. „Við gengum strax í að slökkva eldinn og náðum tökum á honum nokkuð fljótt,“ segir Birgir en þá átti eftir að slökkva í glóðum og reykræsta.

Eldsupptökin voru að öllum líkindum í eldhúsinu eða stofunni. Birgir segir ljóst að skemmdir á húsinu séu mjög miklar. „Við vorum nýbúin að taka íbúðina í gegn og mála hana alla,“ segir Hjálmar Diego en það sé þó huggun harmi gegn að íbúðin var mannlaus þegar eldurinn kom upp. -bs

Henson:

### Heldur hönnunarkeppni um nýjan galla



SÍÐA 30 ▶

Árni Bragason:

### Hornstrandir friðlýstar fyrir 30 árum



SÍÐA 12 ▶






## SPURNING DAGSINS

*Er þetta stundum spurning um gæði frekar en magn?*

**„Þetta er spurning um prinsipp.“**

Jóhann R. Benediktsson er sýslumaður á Keflavíkurflugvelli. Embættið tekur mikið magn fíkniefna úr umferð á hverju ári en sýslumaðurinn á Eskifirði hefur ákært mann fyrir varðveislu á 0,07 grömmum af tóbaksblönduðu hassi.

Landhelgisgæslan:

# Þyrla kölluð þrisvar út

**SLYS** Áhöfn þyrlu Landhelgisgæslunnar, TF-LIF, var kölluð þrisvar út í fyrrinótt. Þyrlan var hálfnuð á leið að báti úti fyrir Hornafirði þegar henni var snúið norður í Skagafjörð til að sækja mann sem hafði slasast alvarlega í útafakstri.

Um klukkan hálf sex um nóttina barst tilkynning frá Neyðarlínunni um slys í Baldri Karlssyni ÁR-06, sem var staddur um 30 mílur úti af Hornafirði. Skipverji hafði handleggsbrotnað og var talið að brotið væri opið. Nokkru síðar hringdi Neyðarlínan aftur vegna bílslyss í Skagafirði. Ákveðið var að snúa þyrlunni við en hún var á lögð af stað á haf út og var komin hálfa leið að bátnum Baldri. Þyrlan kom til baka til Reykjavíkur frá Skagafirði með hinn slasaða laust eftir klukkan níu um morguninn. Maðurinn er nú í öndunarvél á gjörgæsludeild Landspítalans með alvarlega höfuðáverka. Ekki er vitað um tildrög slyssins. Skipstjórinn á Baldri Karlssyni sigldi með slasaða skipverjann til hafnar og að sögn lögreglu eru áverkar hans ekki eins alvarlegir og talið var í fyrstu.



**ÞYRLA LANDHELGISGÆSLUNNAR**
Áhöfn þyrlunnar var kölluð þrisvar út í fyrrinótt

Fyrr um kvöldið var áhöfn þyrlunnar kölluð út en þá var óttast um bát sem hafði tekið niðri við Hópsnes. Útkallið var síðan afturkallað stuttu síðar er báturinn komst á flot á ný.

- js

Breytingar á Háskólasjóði

# Afhending prófskírteina

**MENNTAMÁL** Brautskráning frá Háskóla Íslands fór fram í Háskólabíói í gær. 287 kandídatar voru útskrifaðir og að lokinni afhendingu prófskírteina ávarpaði Páll Skúlason rektor þá.

Páll talaði um breytingar sem verða gerðar á Háskólasjóði Eimskips. Fé til framhaldsnáms við skólann verður stóraukið auk þess sem breytingarnar gera það mögulegt að ráðast í byggingu Háskólatorgs. Páll sagði fræðilega hugsun skila sér inn á æ fleiri þjóðfélagssvið og þannig ykjust áhrif háskólasamfélagsins.

- hþ

Verslanir Krónunnar:

# Lækka verð

**VERSLUN** „Við höfum fundið fyrir velvilja á markaðnum og vildum svara því kalli,“ segir Sigurður Arnar Sigurðsson, forstjóri Kaupáss, um verðlækkun á helstu neysluvörum í verslunum Krónunnar. Sigurður segir verðlækkunina misjafna eftir vöruflokkum en hún getið verið allt að 20 prósentum.

Sigurður Arnar segir að með nýjum eigendum Kaupáss hafi svigrúm til lækkunar skapast. „Við kynntum okkur markaðinn og hagræddum í rekstri og það varð til þess að við treystum okkur í þetta.“ Sigurður segir að í kjölfar verðlækkunarinnar hafi verið mikið að gera í öllum verslunum Krónunnar og hann sé bjartsýnn á framhaldið.

- bs

Idol-partí á Hólmavík:

# Börn send heim

**SKEMMTUN** Börnum var vísað út af Idol-kvöldi sem haldið var á skemmtistaðnum Bragganum á Hólmavík á föstudaginn. Vel var brugðist við ábendingu lögreglu um að ungmennum væri ekki heimilt að vera á samkomunni nema í fylgd forsjármanna.

Sigurður Þorvaldsson, einn af skipuleggjendum kvöldsins, segir kvöldið hafa heppnast vel og gesti skemmt sér hið besta. Heimamenn geta líka glaðst yfir því að Heiða heldur áfram í Idolinu, en hún er frá Hólmavík.

- hþ

## HÁSKÓLI ÍSLANDS

**DEILDIR KYNNA NÁMSFRAMBOÐ** Námskynning verður í Háskóla Íslands í dag og kynna allar ellefu deildir skólans námsframboð sitt á háskólasvæðinu. Gestir geta kynnt sér bæði grunnnám og framhaldsnám. Kynningin verður í Aðalbyggingu, Íþróttahúsi HÍ, Odda og Öskju.

# Vannýtt stóriðja í Eyjafirði

**Norðurskel hefur áform um stórfellt kræklingaeldi í Eyjafirði. Ef björtustu vonir ganga eftir verða til hundruð nýrra starfa í Eyjafirði innan fárra ára.**

**KRÆKLINGARÆKT** Nýjar áætlanir Norðurskeljar í Hrísey gera ráð fyrir 800 tonna bláskeljarækt í fyrsta áfanga og að því markmiði verði náð árið 2008. Hlutafé Norðurskeljar var í upphafi tæpar fimm milljónir króna en verður eftir endurfjármögnun um 65 milljónir króna. Víðir Björnsson, einn stofnenda Norðurskeljar, segir að þar að auki hafi fyrirtækið tryggt sér lánsfé og fyrirtækið hafi nú úr 80 milljónum að spila.

„Reksturinn gekk erfiðlega fyrstu árin vegna skorts á fjármagni og erfiðleika á meðan við vorum að ná tökum á ræktuninni en það er nú að baki. Afurðaverð er hátt og allt bendir til að svo verði áfram og því erum við mjög bjartsýn,“ segir Víðir.

Það tekur Norðurskel um tvö og hálft ár að rækta kræklinginn í sölustærð og var uppskeran aðeins rúm þrjú tonn í fyrra. Víðir segir að ekki sé búist við meira en tíu til fimmtán tonnum í ár og 35 tonnum árið 2006.





**VÍÐIR BJÖRNSSON Í BRÚNNI**
Gamla Hríseyjarferjan er notuð við kræklingaeldið.



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR OG HJÖRDÍS ÝR SKÚLADÓTTIR**
Skeljahátíð hefur verið haldin í Hrísey undanfarin tvö ár og hafa gestir fjölmennt í bæði skiptin.

Kræklingurinn er ræktaður á línum, sem komið er fyrir í sjó, og í ár verða settir út 100 kílómetrar af línum. Því megi búast við mikilli uppskeru árið 2008 og stöðugri aukningu árin þar á eftir.

Nú eru einungis tveir í fullu starfi hjá Norðurskel og einn í hlutastarfi. Í sumar bætast við fimm starfsmenn við að útbúa línurnar sem settar verða niður á árinu. „Við stefnum á að vinna kræklinginn í neytendapakkningar og gangi það eftir munu um 25 manns starfa hjá Norðurskel þegar 800 tonna markinu verður náð. Eftir það verður okkur ekkert að vanbúnaði að hefja stórfellda kræklingarækt. Við höfum ræktunarsvæði fyrir 20 þúsund tonn en 13 þúsund tonna ársframleiðsla á kræklingi skapar um 450 störf miðað við fullunna vöru. Það er svipaður fjöldi og mun starfa í álverinu í Reyðarfirði,“ segir Víðir.

Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, segir það afar jákvætt ef fyrirtækinu tekst að skapa fjölda starfa á svæðinu. „Með því að koma að rekstrinum núna erum við í raun að efna fyrirheit sem sveitarstjórn Hríseyjar hafði gefið fyrir sameininguna. Ég bind vonir við að árið 2008 verði fyrirtækið þannig statt að bæjarfélagið þurfi ekki að koma að rekstrinum heldur komi fjármagn frá fjárfestum,“ segir Kristján Þór.

kk@frettabladid.is

Eldur í skýjakljúfi:

# Níu bjargað í þyrlu

**TAÍLAND, AP** Þrjár manneskjur fórust og níu björguðust með hjálp þyrlu þegar eldur kom upp í 23 hæða skýjakljúfi í Taichung-borg í Taívan.

Eldurinn var slökktur á einni og hálfri klukkustund en byggingin var rýmd um leið og eldsins varð vart. Talið er að eldurinn hafi komið upp á bar í miðri byggingunni, sem nefnist Golden Plaza. ■

Amnesty International:

# Stofnandi látinn

**LONDON, AP** Bretinn Peter Benenson, stofnandi mannréttindasamtakanna Amnesty International, er látinn, 83 ára að aldri.

Benenson stofnaði samtökin árið 1961. Ætlaði hann að starfrækja þau í eitt ár eftir að hann las blaðagrein um fangelsun tveggja portúgalskra stúdenta sem höfðu skálað fyrir frelsi. Nú er Amnesty Internatinal aftur á móti stærstu sjálfstæðu mannréttindasamtök heims með yfir 1,8 milljónir meðlima víðs vegar um heiminn. „Ævi Peter Benenson og hugrekki hans var í takt við hugsjón hans um að berjast gegn óréttlæti í heiminum,“ sagði talsmaður Amnesty International. „Hann trúði á mátt venjulegs fólks til að breyta því sem erfitt er að fá breytt.“ ■

## AFRÍKA

**FRIÐARGÆSLULIÐAR FÉLLU** Níu friðargæsluliðar á vegum Sameinuðu þjóðanna voru skotnir til bana í Kongó. Hermennirnir voru á eftirlitsferð í Ituri-héraði í norðausturhluta landsins þegar vígamenn sátu fyrir þeim. Árásin er sú mannskæðasta sem friðargæsluliðar hafa orðið fyrir þau sex ár sem þeir hafa verið í Kongó.







Formaður Leikarafélags Íslands:

# Uggandi yfir þróuninni

**KJARAMÁL** „Það sækir vissulega að manni uggur þegar tæplega þriðjungi fastráðinna leikara er sagt upp á einu bretti,“ segir Rúnar Freyr Gíslason, formaður Leikarafélags Íslands, um þá ákvörðun Tinnu Gunnlaugsdóttur Þjóðleikhússtjóra að segja upp þeim tíu leikurum sem stystan starfsaldur hafa. Tinna hefur tilkynnt að flestir leikaranna verði ráðnir aftur sækist þeir eftir því en sú ráðning verði aðeins tímabundin.

Rúnar Freyr segir að félagið muni boða til fundar hið fyrsta þar sem málið verði rætt. Spurningin sé meðal annars hvort reka eigi þjóðleikhús með fastráðnum leikurum eða ekki. „Ég tel kosti fastráðningar mjög mikla því öflugur hópur sem býr við starfsöryggi skilar af sér betri vinnu en ella. Ef reka á Þjóðleikhúsið til lengdar með lausráðnum leikurum tel ég að það muni skaða stéttina. Við færum mörg ár aftur í tímann, þegar leikarastarfið var ekki álitið fullt starf og fólk þurfti að vinna í hinu og þessu meðfram því.“

Þá segir Rúnar að við fyrstu sýn virki það skrýtið að starfsaldur hafi verið látinn ráða hverjum væri sagt upp en ekki hæfni leikara.

- bs



**RÚNAR FREYR GÍSLASON**
Öflugur hópur sem býr við starfsöryggi skilar af sér betri vinnu en ella.




# 71% landsmanna vilja ekki selja Grunnnetið

Mikill meirihluti landsmanna er andvígur því að selja Grunnnetið með Símanum skv. skoðanakönnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir Og Vodafone.*

**Þjóðin velur frelsi.**

og vodafone

og hvað segir þú?

* Spurt var: Ertu hlynntur því eða andvígur að grunnnet Landssímans verði selt með fyrirtækinu þegar það verður selt einkaaðila? 71 prósent var mjög eða frekar andvíg sölunni, 18 prósent voru frekar eða mjög hlynnt sölunni og 11 prósent voru hlutlaus. Könnunin var gerð 18.-22. febrúar 2005.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 27548 02/2005

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 25.02.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 60,75 | 61,05 |
| Sterlingspund | GBP | 115,94 | 116,50 |
| Evra | EUR | 79,98 | 80,42 |
| Dönsk króna | DKK | 10,75 | 10,81 |
| Norsk króna | NOK | 9,68 | 9,73 |
| Sænsk króna | SEK | 8,81 | 8,86 |
| Japanskt jen | JPY | 0,58 | 0,58 |
| SDR | XDR | 92,61 | 93,17 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**109,70 -0,28%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Sjálfsmorðsárás í Tel Aviv:

# Sjö manns handteknir

**ÍSRAEL, AP** Ísraelsher og palestínska lögreglan hafa handtekið sjö manns vegna sjálfsmorðsárásar fyrir utan næturklúbb í Tel Aviv á föstudag.

Ísraelsher handtók fimm manns skammt frá bænum Tulkarem á Vesturbakkanum, þar á meðal tvo bræður árásarmannsins. Palestínska lögreglan handtók aftur á móti tvo menn sitt í hvoru lagi vegna árásarinnar, sem varð fjórum að bana og særði um þrjátíu manns. Mahmoud Abbas, leiðtogi Palestínu, hefur heitið því að refsa þeim sem stóðu að baki sprengingunni, en hún var sú fyrsta síðan Ísraelar og Palestínumenn samþykktu nýja friðaráætlun fyrr í mánuðinum. „Palestínsk yfirvöld munu ekki standa aðgerðarlaus eftir voðaverk sem þetta,“ sagði Abbas. „Við munum elta uppi þá sem bera ábyrgð á sprengingunni og þeim verður refsað duglega,“ sagði hann.

Palestínsku vígasamtökin Heilagt stríð íslams sem hefur aðsetur sitt í Sýrlandi hafa lýst ábyrgð á árásinni á hendur sér en áður höfðu Al Aqsa, Hamas-samtökin og líbanska Hizbolla-hreyfingin harðneitað aðild. ■



**SKOÐAR VERKSUMMERKI**
Ísraelskur öryggisvörður skoðar verksummerki fyrir utan næturklúbbinn í Tel Aviv eftir sprenginguna sem þar varð á föstudag.

Arnold Schwarzenegger:

# Sér ekki eftir steraáti

**KALIFORNÍA, AP** Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri í Kaliforníu, segist ekki sjá eftir því að hafa notað steralyf á sínum yngri árum þegar hann stundaði vaxtarrækt af miklu kappi.

„Ég iðrast einskis því að á þessum tíma var þetta nýtt á markaði og við fórum til læknis og fengum lyfin undir handleiðslu hans,“ sagði Schwarzenegger í viðtali á ABC-sjónvarpsstöðinni. Hann hefur áður játað að hafa tekið stera en benti þá á að þeir hefðu verið löglegir á þeim tíma. „Við vorum að prófa okkur áfram enda voru þetta ný efni,“ sagði hann. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

**TEKINN FRÁ BORÐI**
Vagninn er þó nokkuð skemmdur.

Skemmdur strætó:

# Kominn til landsins

**ÓHAPP** Í morgun kom til landsins strætisvagn með flutningaskipinu Lagarfossi. Vagninn, sem er í eigu Hópbíla, skemmdist þó nokkuð er hann var hífður um borð í skip til flutnings fyrir nokkrum mánuðum síðan. Þá slitnaði stroffa, sem varð til þess að vagninn losnaði og féll til jarðar. Talsmaður Hópbíla segir fyrirtækið ætla að gera vagninn upp og að hann verði vel þegin viðbót í þjónustuflota fyrirtækisins. - js

## EVRÓPA

**HERÞOTUR HRAPA** Fjórar rússneskar herþotur fórust í flugslysum í fyrra að sögn Vladimír Mikhailov, yfirmanns rússneska flughersins. Þetta er mun minna en árið áður þegar, ellefu herþotur fórust. Mikhailov sagði helstu ástæðu flugslysa vera mistök flugmanna.

## LOTTÓ

**ENGINN MEÐ ALLAR RÉTTAR** Enginn var með allar fimm tölurnar réttar í lottóúrdrætti gærkvöldsins. Einn fékk bónusvinninginn og hlaut tæpar þrjú hundruð þúsund krónur í sinn hlut. Þær tölur sem komu úr drættinum voru 1, 21, 31, 35, 36 og bónustalan var 13. Tölurnar eru birtar án ábyrgðar.

# Norðmenn fylgjast með flokksþinginu

### Forsætisráðherra Noregs bíður ákvörðunar framsóknarmanna um stefnu í Evrópumálum. Halldór Ásgrímsson segir að Norðmenn muni hugsanlega hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið á næstunni.

**FLOKKSÞING** „Forsætisráðherra Noregs, Kjell Magne Bondevik, hringdi í mig og spurði hvort það væri rétt að við ætluðum að afgreiða tillögu á þessu þingi um að hefja aðildarviðræður á kjörtímabilinu. Hann sagði að það myndi hafa mikil áhrif í Noregi ef Ísland tæki slíkt skref,“ sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra.

„EES-samningurinn er á margan hátt brothættur. Við erum þar í samvinnu við Norðmenn og Liechtenstein. Ef Norðmenn fara út stöndum við einir eftir með Liechtenstein og menn eru mjög viðkvæmir fyrir því hér á landi. Sama er uppi á teningunum í Noregi.“

Halldór sagði það hugsanlegt að Norðmenn hefji aðildarviðræður við Evrópusambandið á næsta kjörtímabili. „Við verðum að vera vel undir það búin. Það hefur orðið mikil viðhorfsbreyting í Framsóknarflokknum í Evrópumálum á nokkrum árum. Tillögurnar sem nú eru til umræðu komu úr grasrótinni og það kom mér mjög á óvart hversu langt þær gengu,“ sagði Halldór.

„Við Íslendingar eigum að sýna frumkvæði í þessum málum, eigum ekki að taka ákvörðun vegna þess að Norðmenn hafi tekið ákvörðun heldur á eigin forsendum. Hins vegar er eðlilegt og rétt að við höfum náið samráð um það og við höfum ákveðið að gera það, Íslendingar og Norðmenn.“



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**SIGURÐUR EYÞÓRSSON OG HALLDÓR ÁSGRÍMSSON**
Halldór sagði mikilvægt að huga að undirbúningi aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Íslendingar ættu að hafa frumkvæði að því í stað þess að bíða og sjá hvað Norðmenn ætluðu að gera.

Guðni Ágústsson sagði að Framsóknarflokkurinn væri tvískiptur í afstöðu sinni til ESB og óttast að það muni kljúfa flokkinn ef samþykkt verður að hefja undirbúning aðildarviðræðna. „Ég vil ekki ganga svo langt á þessu þingi. Ég vil halda friðinn innan Framsóknarflokksins og leyfa framsóknarmönnum að koma að málunum, ræða þau í sínum hópi og taka ákvörðun síðar,“ sagði Guðni.

„Ég vara mjög við miklum átökum um Evrópumálin í Framsóknarflokknum á þessu stigi. Við vitum að það er ekkert mál jafnviðkvæmt í dag á sviði íslenskrar stjórnmálaumræðu og aðild að Evrópusambandinu. Þegar við erum að skapa frið innan Framsóknarflokksins er þess vegna mjög mikilvægt að við ályktum af skynsemi í þessum efnum,“ sagði hann.

sda@frettabladid.is



**BJARTSÝNISVERÐLAUN AFHENT**
Magnús tekur við viðurkenningu úr hendi Halldórs Ásgrímssonar.

Bjartsýnisverðlaun Framsóknarflokksins:

# Magnús Scheving verðlaunaður

**FLOKKSÞING** Magnús Scheving var sæmdur bjartsýnisverðlaunum Framsóknarflokksins á þingi flokksins í gær. „Afi minn sagðist aldrei hafa neina trú á mér því ég væri allt of bjartsýnn,“ sagði Magnús meðal annars af því tilefni.

Hann sagðist reyndar vita það að hann væri bjartsýnn. Það þyrfti bjartsýnismann til þess eins að komast í gegnum jafn yfirfullan dag og hann ætti fyrir höndum dag hvern. -sda

Egilsstaðir:

# Hálka veldur árekstri

**LÖGREGLUMÁL** Árekstur varð á Fagradalsbraut á Egilsstöðum í hádeginu í gær. Meiðsli voru minniháttar en fólkið fór allt til læknis á Egilsstöðum. Eftir að gert hafði verið að sárum þess fór fólkið heim til sín. Héla hefur verið á þessum stað og eru tildrög slyssins þau að bílarnir óku yfir lúmskan hálkublett þar sem sólar hafði ekki gætt. - js

SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN



Subaru Impreza Sedan
Verð áður 2.160.000
Verð nú 1.990.000

=170.000
króna gengishagnaður

IMPREZA

Verð á mán 23.021,-*

Í samstarfi við SP-FJÁRMÖGNUN HF

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

*Bílasamningur SP-FJÁRMÖGNUN með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

## Veðrið

**HÆGLÆTISVEÐUR FRAM EFTIR DEGI**
Framan af verður vindur hægur og bjart nokkuð víða, sérstaklega á Suður- og Austurlandi. Svo snýst hann í norðanátt síðdegis og má reikna með strekkingi austanlands en nokkrum vindi vestra. Það má helst reikna með lítilsháttar rigningu vestanlands og hugsanlega dálítlum éljum fyrir norðan. Hiti á bilinu 0-5 stig en annars frost allt að 6 stigum. Á morgun kólnar hressilega og má reikna með frosti allt að 10 stigum.



Kveðja,
Guðríður Arnardóttir
náttúrufræðingur.

### Í dag




### Á morgun




Strekkingur austantil en kaldi annars staðar. Bjart syðra en lítilsháttar él fyrir norðan.

### Þriðjudagur




Hægviðri vestantil en strekkingur allra austast. Hlýnar um tíma.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | -3°C | sk.m.köflum | Budapest | 0°C | léttskýjað | St.Pétursborg | -8°C | skýjað |
| Osló | 0°C | léttskýjað | Split | 4°C | léttskýjað | Berlín | -2°C | léttskýjað |
| Stokkhólmur | -5°C | skýjað | Feneyjar | 3°C | léttskýjað | Vínarborg | -3°C | léttskýjað |
| Helsinki | -9°C | skýjað | Napolí | 11°C | rigning | Prag | -4°C | skýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

*Höfundur metsölubókarinnar A Random Walk Down Wall Street*

# Dr. Burton G. Malkiel á Íslandi

**Vorfundur Íslandsbanka-Eignastýringar**



## Hvernig náum við bestum árangri í fjárfestingum?

### Dagskrá

- **Ávarp**
  *Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka*
- **A Lifetime's Reflection on Investing**
  *Dr. Burton G. Malkiel, prófessor við Princeton-háskóla*
- **Hver og einn þarf að finna sína eigin leið við fjárfestingu í hlutabréfum**
  *Sigurður B. Stefánsson, framkvæmdastjóri Eignastýringar*

Fundarstjóri verður Guðfinna Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík.

**Vorfundur Íslandsbanka-Eignastýringar verður haldinn á Nordica hótel, Suðurlandsbraut 2, þriðjudaginn 1. mars og hefst kl. 20.00.**

Gestur fundarins er dr. Burton G. Malkiel, höfundur metsölubókarinnar *A Random Walk Down Wall Street* sem kennd er við háskóla um allan heim. Dr. Malkiel er prófessor við hinn virta Princeton-hákóla í Bandaríkjunum. Fundurinn er haldinn í samstarfi við Vanguard Group, eitt stærsta eignastýringarfyrirtæki heims.

**Skráðu þátttöku þína á www.isb.is eða hjá Þjónustuveri Íslandsbanka í síma 440 4000 fyrir kl. 12, þriðjudaginn 1. mars.**

Aðgangur er ókeypis, en sætafjöldi takmarkaður.
Boðið verður upp á kaffiveitingar fyrir fundinn.
Húsið verður opnað kl. 19.30.

ÍSLANDSBANKI | 100%



## KJÖRKASSINN

*Er rétt af Reykjavíkurborg að bjóðast til að gefa Háskólanum í Reykjavík lóð í Vatnsmýrinni?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 53% |
| Nei | 47% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fylgistu með fréttum af flokksþingi framsóknarmanna?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Bifröst hefur kennslu í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði:

# Nýtt háskólanám á Íslandi

**MENNTAMÁL** Viðskiptaháskólinn á Bifröst fer af stað með grunnnám til BA-gráðu í haust, þar sem fléttað verður saman heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS). Auk þessarar nýju námsleiðar mun skólinn frá næsta hausti bjóða upp á heilsársnám svo ljúka megi grunnnámi á tveimur árum.

HHS-gráðan er vel þekkt erlendis en íslenskir háskólar hafa ekki áður boðið upp á þessa námsleið. Magnús Árni Magnússon verður deildarforseti nýrrar félagsvísinda- og hagfræðideildar sem námið heyrir undir.

Magnús segir námið miða að stjórnunar- og leiðtogaþjálfun og nefnir hann sem dæmi að margir breskir stjórnmálamenn eigi svipað nám að baki. „Andi skólans breyttist með tilkomu lagadeildarinnar og þetta nám mun auka enn á fjölbreytnina innan skólans. Það er ásókn í þessar námsgreinar og ég hlakka mikið til að fara af stað með þetta“.

- hþ



**MAGNÚS ÁRNI MAGNÚSSON**
Forseti nýrrar félagsvísinda- og hagfræðideildar við Bifröst.

Stykkishólmur:

# Teknir fyrir hraðakstur

**LÖGREGLUMÁL** Átta manns voru stöðvaðir og kærðir af lögreglunni í Stykkishólmi fyrir of hraðan akstur í fyrrinótt. Mældust þeir á 105 kílómetra hraða og yfir en sá sem fór hraðast yfir ók á 147 kílómetra hraða. Vegir voru auðir og umferð lítil. Einnig hafði lögreglan sérstakt eftirlit vegna ölvunaraksturs. Var vel fylgst með þeim sem fóru mjög snemma af stað um morguninn eftir gleði föstudagskvöldsins. Einn var stöðvaður og mældist hátt áfengishlutfall í blóði hans.

-js

Evrópuráðið vill auka öryggi:

# Svartir kassar í bílum

**ERLENT** Svarta kassa svipaða flugritunum sem skrá það sem gerist í flugvélum verður hugsanlega að finna í öllum nýjum bílum innan skamms. Evrópuráðið rannsakar um þessar mundir hvort slík tæki myndu auka öryggi í umferðinni.

Kassarnir geta skráð upplýsingar, þar á meðal hraða og bremsunotkun bílsins, skömmu áður en hann lendir í árekstri. Þannig getur lögreglan vitað nákvæmlega hvernig aðstæður voru í bílnum áður en slysið átti sér stað. Nú þegar hafa nokkrar breskar lögregludeildir notað svarta kassann með góðum árangri. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**VILL FRESTA OPNUN SAMEIGINLEGS VINNUMARKAÐAR**
Verkalýðshreyfingin hefur áhyggjur af þróuninni á innlendum vinnumarkaði og vill að stjórnvöld gangi fram af fullri hörku gagnvart fyrirtækjum sem brjóta lög og kjarasamninga. Mennirnir á myndinni eru þýskir iðnaðarmenn að reisa veggi í íslensku íbúðarhúsnæði. Þeir tengjast fréttinni ekki með beinum hætti.

# Vill að gengið verði fram af hörku

**Verkalýðshreyfingin vill að gengið verði fram af fullri hörku gagnvart fyrirtækjum sem hafa erlenda starfsmenn án leyfa og brjóta lög og kjarasamninga á þessum starfsmönnum.**

**ATVINNUMÁL** Stjórnlaus innflutningur erlends verkafólks var ræddur á miðstjórnarfundi ASÍ í síðustu viku. Þar kom fram að verkalýðshreyfingin vill vara við þessum innflutningi og telur mikilvægt að mótuð verði stefna til að viðhalda og treysta kjör og samskipti á íslenskum vinnumarkaði.

ASÍ vill að gripið verði til allra tiltækra ráða til að koma í veg fyrir undirboð og svarta atvinnustarfsemi sem byggir á misnotkun á erlendu vinnuafli. Þá vill ASÍ að gengið verði fram af hörku gagnvart fyrirtækjum sem stunda svarta atvinnustarfsemi og brjóta lög og samninga. Eins að settar verði fram reglur sem miði að því að setja ramma um starfsmannaleigur og vinnumiðlanir hér á landi.

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins telur verkalýðshreyfingin mikilvægt að efla samstarf og samráð stjórnvalda, verkalýðshreyfingarinnar, aðila vinnumarkaðarins og annarra sem koma að málum útlendinga á vinnumarkaði. Bæta verði upplýsingaflæði og styrkja framkvæmd laga og reglna, til dæmis að hafa eftirlit með útlendingum og fyrirtækjum sem þeir starfa hjá.

Innan verkalýðshreyfingarinnar heyrast háværar raddir um að mótuð verði stefna um útgáfu atvinnuleyfa til einstaklinga sem frá löndum utan EES og að tekin verði af öll tvímæli um það hvaða skilyrði þetta fólk þurfi að uppfylla. Sú ósk hefur komið fram að viðkomandi verði meðal annars að vera fastur starfsmaður hjá fyrirtækinu.

Verkalýðshreyfingin vill að kannaðir verði möguleikar á samstarfi við vinnumiðlanir í nýju aðildarríkjunum innan EES til að draga úr hættunni á miðlun fólks og að fyrirtækjum verði leiðbeint um samstarf við vinnumiðlanir.

Þá er vilji til að skoða hvort hægt sé að fresta opnun sameiginlega vinnumarkaðarins gagnvart íbúum nýrra aðildarríkja EES og að tekið verði á skattamálum vegna erlendra starfsmanna sem hingað koma á vegum starfsmannaleiga og í gegnum þjónustusamninga.

ghs@frettabladid.is

Hjálparstarfsmenn:

# Sendu rangt lík heim

**SVÍÞJÓÐ, AP** Ættingjar konu sem fórst í flóðunum í Asíu fengu rangt lík sent í líkkistu heim til Svíþjóðar. Ástæðan er ruglingur sem varð hjá sænskum hjálparstarfsmönnum í Taílandi.

Ættingjarnir tóku á móti kistunni, sem var hulin sænska fánanum, og héldu skömmu síðar stutta minningarathöfn. En þegar réttarmeinafræðingar opnuðu kistuna daginn eftir brá þeim heldur betur í brún þegar þeir sáu þar lík af manni. Lík konunnar er enn í Taílandi en ættingjum Svíans látna sem var fluttur heim fyrir mistök hefur verið tilkynnt um snemmbúna komu hans.

„Okkur þykir þetta mjög leitt,“sagði Kjell Larsson, yfirmaður hjálparstarfs Svía í Taílandi. ■

Ólafur F. Magnússon:

# R-listinn sveik samkomulag

**BORGARMÁL** R-listinn sveik samkomulag sem hann gerði við F-listann, að sögn Ólafs F. Magnússonar borgarfulltrúa. Ólafur segist hafa frestað að flytja tillögu um stofnun nýs starfshóps um deiliskipulag við Laugaveg að ósk Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur borgarstjóra. Hún hefði á móti heitið að R-listinn myndi ekki nýta frestunina til að flytja aðrar tillögur um málið.

Hins vegar hefði Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs, tilkynnt að hann myndi flytja tillögu á fundi skipulagsráðs sem var í gær. Með því sé verið að svíkja samkomulagið við F-listann. Ekki náðist í borgarstjóra eða Dag B. Eggertsson vegna málsins. ■



**JÓHANNES PÁLL PÁFI**
Páfinn má ekki tala og getur því ekki blessað á Péturstorginu eins og hann er vanur.

Páfinn rúmfastur:

# Engin blessun

**VATÍKANIÐ, AP** Jóhannes Páll páfi II mun fylgjast með vikulegri sunnudagsblessun sinni á Péturstorginu úr sjúkrarúmi sínu. Verður þetta í fyrsta sinn í 26 ára páfatíð hans sem hann blessar ekki á torginu. Páfinn gekkst undir barkaskurðaðgerð á dögunum en aðstoðarmaður hans mun hlaupa í skarðið fyrir hann og lesa blessunarorð hans.

Páfinn, sem er 84 ára, andar nú óstuddur en má ekki tala samkvæmt læknisráði. Hann hefur verið á sjúkrahúsi síðan á fimmtudag en þar gekkst hann undir aðgerðina vegna öndunarörðugleika sem hann átti við að stríða. ■


# ÚTSALA
## Á FELLIHÝSUM OG TJALDVÖGNUM



**Nú er aldeilis gott tækifæri til að gera góð kaup!**
Við þurfum að rýma fyrir nýjum vörum og seljum því eldri árgerðir af fellihýsum og tjaldvögnum á frábæru verði þessa helgi.

**Verslaðu við traustan aðila!**

**Opið:**
Laugardag 12 - 16
Sunnudag 13 - 17

Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR

EYJARSLÓÐ 7 • SÍMI 511 2203 • www.seglagerdin.is


Íslensk ættleiðing hefur fengið fjölda símtala:

# Íslendingar vilja börn frá flóðbylgjusvæðunum

**ÆTTLEIÐING** Skrifstofu Íslenskrar ættleiðingar hafa borist margar fyrirspurnir frá fólki sem vill kanna möguleika á ættleiðingum frá hamfarasvæðunum í Asíu.

Lisa Yoder, formaður Íslenskrar ættleiðingar, segir fólk vilja gera hvað það geti til að hjálpa til. Ólíklegt sé að það fólk sem hafi haft samband sé þegar á listum félagsins því ættleiðingarferli taki langan tíma.

Á vef Íslenskrar ættleiðingar stendur að stjórnvöld þeirra landa sem urðu fyrir flóðbylgjunni hafi lýst því yfir að börn af flóðasvæðunum verði ekki ættleidd fyrr en að nokkrum tíma liðnum. Stjórnvöld leiti fjölskyldna barnanna sem urðu viðskila við foreldra sína. Reynist börnin munaðarlaus þurfi að finna ættingja þeirra eða vinafólk sem geti tekið við þeim. Finnist þau ekki verði hugsanlega af ættleiðingum frá löndunum.



**LISA YODER**
Formaður Íslenskrar ættleiðingar segir langt um liðið frá því að börn voru ættleidd frá þeim ríkjum sem illa urðu úti í flóðbylgjunni á öðrum degi jóla.

Lisa segir Íslendinga þekkja hvernig sé að lenda í náttúruhamförum. Þeir vilji finna leiðir til að hjálpa til. Íslensk ættleiðing hafi hins vegar ekki sambönd í ríkjunum sem illa urðu úti og sinn tíma taki að koma þeim á.

- gag

» Hyundai Getz

**Verð frá kr. 1.270.000**

Stóri smábílinn frá Hyundai

Me› bílinn handa flér



# Geggjaður Getz



"Þessi er alveg ótrúlega léttur og auðveldur í akstri, fyrir utan það hvað hann er kraftmikill. Maður finnur strax muninn. Þá eru litirnir flottir og mælaborðið er töff. Þetta er líka sniðugur bíll með alveg ótrúlega mikinn staðalbúnað. Hann er t.d. með geislaspilara, ABS og meira að segja ISOFIX festingar.
Og farangursrýmið er tvískipt.
Alveg geggjaður bíll!"

**Hyundai Getz GLS 5 dyra, beinskiptur.**
**Þú eignast hann fyrir kr. 1.370.000**
**Bílasamningur kr. 14.300 á mánuði.**
**m.v. 30% útborgun.**
**Einnig er hægt að velja 10% eða 20% útborgun.**
**Við staðgreiðum þann gamla*.**

**Kr. 14.300 á mán.***

Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning til 84 mánaða og 30% útborgun. Staðgreiðum þann gamla 45 dögum eftir efhendingu nýja bílsins.Nánari upplýsingar hjá söluráðgjafa í síma 575 1200. Bíll á mynd: Hyundai Getz 1.6 bsk.

HYUNDAI
hefur gæðin

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílás Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444 Bifreiðaverkstæðið Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bifreiðaverkstæði Borgþórs Egilsstöðum sími 471 1436

# skoðun

SJÓNARMIÐ
HAFLIÐI HELGASON

Umræða um hækkun verðs fasteigna hefur verið þokukennd.

## Mýtur og sannindi um markað

Hátt fasteignaverð hefur valdið hugarangri víða í samfélaginu og skiljanlegt að menn velti vöngum yfir orsökum þessar hröðu hækkunar. Fasteign er jú einu sinni stærsta fjárfesting venjulegs fólks.

Umræðan hefur á tíðum einkennst af vanstillingu og vanþekkingu. Stjórnmálamenn hafa gert sig seka um kjánaleg gífuryrði án frekari rökstuðnings. Upphrópanir um rán og samsæri eru ekki sæmandi vitibornum stjórnmálamönnum. Umræðan hefur snúist um leit að blórabögglum og þar hafa bankar og braskarar verið í skotlínunni.

Greiningardeild KB banka brást við þessari umræðu um fasteignaverðið með fundi þar sem kynnt var ýtarleg skýrsla um ástæður hækkana og væntingar um framtíðarhækkanir. Skýrslan er vel rökstutt plagg sem nýtast ætti í umræðu um þróun fasteignamarkaðar og leiðrétta ýmiss konar misskilning sem riðið hefur húsum í umræðunni.

**„Lóðakaup og kaup á íbúðum til að selja síðar eru dæmigerð spákaupmennska. Hún gengur vel meðan verð hækkar, en illa þegar verð lækkar. Í þeirri spákaupmennsku græða þeir sem lesa rétt í spilin og taka skynsamlegar ákvarðanir, en hinir tapa.**

Skýringar á hækkun fasteignaverðs eru ekki flóknar. Innkoma stórrar kynslóðar á fasteignamarkaðinn, án þess að byggt hafi verið nóg til að anna eftirspurn, verulega aukið aðgengi að lánsfé og lægri vextir en áður hafa sést hér á landi og aukinn kaupmáttur ráðstöfunartekna. Þetta eru ástæðurnar. Framboð húsnæðis er sú ástæða sem vonandi mun breytast og ná jafnvægi. Hinir þættirnir tveir verða vonandi áfram fyrir hendi og ólíklegt að þeir sem býsnast yfir fasteignaverðinu vilji hækka vexti og lækka kaupmátt launa til þess að ná fasteignaverði niður.

Niðurstaða Ásgeirs Jónssonar, hagfræðings KB banka, er raunar sú að verð fasteigna miðað við fjármagnskostnað og ráðstöfunartekjur sé lægra en meðaltal síðustu tólf ára. Það þýðir að þeir sem nú eru að kaupa sína fyrstu íbúð borga heldur lægra hlutfall tekna sinna í að koma sér þaki yfir höfuðið en kaupendur fyrstu íbúða að meðaltali síðustu tólf ár. Það sem meira er, ein ástæða verðsprengjunnar nú er að hópur fólks sem nú kaupir íbúðir átti þess varla kost nema með aðstoð ættingja fyrr en á síðasta ári.

Lóðaverð hefur verið nefnt til sögunnar sem orsök hækkunarinnar og einnig svonefndir fasteignaheildsalar. Ásgeir Jónsson færði fyrir því ágæt rök að slíkt væri misskilningur. Lóðakaup og kaup á íbúðum til að selja síðar eru dæmigerð spákaupmennska. Hún gengur vel meðan verð hækkar, en illa þegar verð lækkar. Í þeirri spákaupmennsku græða þeir sem lesa rétt í spilin og taka skynsamlegar ákvarðanir, en hinir tapa.

Verð fasteigna myndast í frjálsum samningum kaupanda og seljanda. Á bak við fasteignahækkanirnar er fjöldi slíkra samninga þar sem hver og einn kaupandi tekur ákvörðun um hvað hann sé tilbúinn að borga fyrir húseign. Hver og einn ber líka ábyrgð á þeirri ákvörðun. Vandi frjáls markaðskerfis er auðvitað sá að ábyrgðin er færð til einstaklinganna. Miðstýrt fjármálakerfi er ekki æskilegt, en velta má fyrir sér hvort ekki megi gera betur í því að mennta íslenskan almenning, og stjórnmálamenn ef því er að skipta, í grundvallarsannindum um lögmál markaðar. ■


**OKKUR ER HEITT Í HAMSI!**

Nú er barist um orkufyrirtækin.
Verður Síminn seldur til Búlgaríu?
Hvað þarf til að stofna Háskóla Vestfjarða?.
Vinstri - Grænir bjóða til opins fundar með alþingismönnunum **Steingrími J. Sigfússyni og Jóni Bjarnasyni á Ísafirði.**
Fundurinn verður haldinn á **Hótel Ísfirði** sunnudaginn **27. feb. kl.20**
Þessi mál og fleiri verða þar til umræðu.

**Ávörp:**
**Henry Bæringsson** form Vinstri- Grænna á Vestfjörðum fjallar um orkumál
**Rannveig Þorvaldsdóttir,** kennari fjallar um menntamál
**Allir velkomnir**

Fundur með sveitarstjórnarfólki í Súðavík kl. 16.
**Stjórn V.G. á Vestfjörðum**


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Dýr gjöf

Rannveig Rist, formaður stjórnar Símans, kom færandi hendi í Þjóðminjasafnið á fimmtudaginn eins og sjá mátti á mynd á forsíðu Fréttablaðsins í fyrradag. Hún var að afhenda Fjarskiptasafn Símans sem starfrækt hefur verið í rúman áratug í gömlu Loftskeytastöðinni við Suðurgötu, steinsnar frá safnhúsinu. Það var ekki gjafmildin ein sem rak frú Rannveigu þessa leið. Sala Símans stendur fyrir dyrum og næsta víst þykir að enginn kaupenda muni hafa svo mikinn áhuga á sögu gamla Landsímans að hann vilji eignast minjasafn fyrirtækisins. Við venjulegar aðstæður er það þjóðminjavörður, Margrét Hallgrímsdóttir, sem tekur við gjöfum til safnsins en að þessu sinni var Þorgerður Katrín menntamálaráðherra mætt á staðinn. Það á sér eðlilegar skýringar. Þjóðminjasafnið á í endalausum fjárhagsvandræðum og getur ekki ættleitt þennan króga Símans nema fá meðgjöf frá ríkinu. Það verður höfuðverður menntamálaráðherra að útvega þá peninga á næstu fjárlögum.

### Óttast valdamissi

Ungur sagnfræðingur, Hilma Gunnarsdóttir, telur sig hafa fundið skýringu á andstöðu ákveðinna manna við svokallaðan póstmódernisma. Þeir séu hræddir um að missa völd sín. Hún ritar grein um efnið á vefritið Kviksögu og segir: „Mögulega snýst þetta allt um vald. Vald er fasti, til að einhver öðlist vald þarf einhver að afsala sér valdi sínu. Það eru ástæður fyrir því að Páfinn í Róm, Björn Bjarnason og prófessor við Háskóla Íslands rísa upp gegn póstmódernisma. Póstmódernisminn afmiðjar þessa hugmynd um vald vestrænna karlmanna. Hann felur í sér áminningu um að heimurinn er miklu flóknari og margbrotnari en það brot sem hingað til hefur blasað við okkur. Við eigum okkur ekki lengur eina sögu, heldur óendanlegan fjölda af sögum. Ekki einn sannleik – heldur fjölmarga slíka." Páfinn í Róm er heilsutæpur svo ekki má búast við skjótum svörum hans við þessari kenningu, en vonandi bregðast þeir við, prófessorinn og ráðherrann.



gm@frettabladid.is

## Skiptimarkaður skoðana

TÍÐARANDINN
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

**„Það virðist landlægt þessa dagana að afgreiða skoðanir annarra sem hvert annað tuð úti í bæ, eða tal manna, eins og það heitir í besta falli.**

Einn besti mælikvarði á heilsufar þjóða er möguleiki fólks á að tjá skoðanir sínar. Ólík viðhorf og lifandi skoðanaskipti eru lyklar lýðræðisins – og allt saman opnar þetta gáttir inn á skiptimarkað skoðana þar sem þjóðfélagið á að fá að njóta sín í öllum margbreytileika sínum. Fjölbreytni er nefnilega lykilorð – og einsleitni ávísun á stöðnun; eða kjósum við samkór jábræðra sem engu vill raska, engu vill treysta ... nema eigin skoðunum?

Nei, takk.

Höldum fremur skoðunum á lofti; altso fleirtölunni.

Söfnum ólíkum skoðunum – og viðrum þær.

Og njótum fjölbreytileikans.

Þetta ætti að vera tiltölulega einföld uppskrift að hamingjusömu samfélagi ólíkra skoðana þar sem menn takast á með rökum og gefa hver öðrum svigrúm til að tjá sig – hæfilegt andrúm fyrir sérvisku og duttlunga – og skilja mikilvægi þess að fjölbreyttar skoðanir fái notið sín á líðandi stundu.

Líklega heitir þetta nú bara umburðarlyndi.

Eða víðsýni.



En jafn sjálfsagt og það hljómar – og jafn átakalaust og það birtist manni á prenti, þá sækir mannskepnan yfirleitt í sama örugga hellinn sinn. Og hírist þar með sínum líkum ... hneykslast og gapir yfir vitleysunni í öðru fólki, fylgir forystusauðnum sem ræður hugsun, ræður hvenær æmt er og skræmt, ræður ferð. Og ef ekki vill betur ... fer með ófriði á hendur öðrum, af því að alltaf skal það vera einhver einn sem hefur rétt fyrir sér. Alltaf skal ein skoðun vera öðrum fremri; réttari, viturlegri, heilagri. Það bara skal vera svoleiðis. Þessvegna verða fyrri stríð og seinni, þessvegna er það ævinlega svo að allt er fremur tens út af sannfæringu einstakra manna.

Hugsið ykkur annars samfélag einnar skoðunar ...

Þetta samfélag yfirburðaskoðunarinnar ...

Samfélagið sem slær allt annað út ...

Einu sinni hitti ég rammsovéskan alþýðubandalagsmann austur í litlu Moskvu og tók við hann viðtal fyrir Vísi sáluga. Síðan er liðinn aldarfjórðungur eða svo, en óskaplega situr það í minni mér hvað þessi ágæti maður talaði illa um aðra flokka. Að ekki sé talað um þessa villuráfandi sauði sem festast í neti einstaklingshyggjunnar og vilja ekkert gagnast samfélaginu; já, sannkallaðar pöddur og afætur sem hugsa öllum stundum um eigin gróða. Ja fussumsvei og hana nú.

Ég hamaðist við að skrifa niður fúkyrðin eftir þessum grimma róttæklingi – og áttaði mig ekki strax á öfgafullu orðavali hans, enda ungur stúdent að norðan, kominn suður og farinn austur – en seinna meir hefur mér tekist að greina harmkvælin í hugsun þessa manns; alla rembuna, beiskjuna, sjálfspínuna.

Það er eitt að vera á móti skoðun, annað að vilja ekki aðrar skoðanir.

Þessi maður vildi bara eina skoðun.

En það himnaríki á jörðu gekk því miður ekki eftir. Fyrir hann.

Enn í dag er það svo að margir Íslendingar hafa ekki andlega krafta til að una öðrum þess að hafa aðra skoðun en sína eigin. Þeir ýmist ráðast á þær með offorsi – það er að segja hinar óæðri skoðanirnar – eða það sem algengara er; hlusta lítt eða ekki á inntak þeirra og áherslur ... geispa hæfilega í passlegri fjarlægð, eða flissa, fárast innra með sér yfir vitleysunni sem gubbast upp úr þessum fulltrúum annarra og aumari skoðana.

Þetta er óskaplega algengt. Og er einkenni í þeim pólitíska borðtennis sem helst er stundaður á milli valdablokkanna á þingi, borg og bæjarstjórnum. Þar blómstrar andúðin á skoðunum annarra; heilög vandlæting á vitleysunni, ruglinu, ræpunni.

Stundum verða á vegi manns rækilega stífir rembihnútar sem svo mjög hafa bundist sannfæringu sinni um réttu lífsskoðunina að þeir geta ekki tekið þátt í samræðum við annað fólk, heldur samkjafta og tala út í eitt um yfirburði sinna viðhorfa. Svona pólitísk pelastikk eiga það til að króa mann af á lífsleiðinni og úthúða manni fyrir það eitt að hafa skrifað gegn skoðunum sínum fyrir svo sem eins og áratug eða tveimur. Muna það sumsé ennþá sem þvældi fyrir þeim þvergirðinguna í eina tíð. Og láta mann hafa það, umbúðalaust ... að maður sé nú klárlega á hálum ís.

Þessir menn – sem líta á það sem missjón sína að skilja rétt frá röngu – eiga það til að dásama lýðræði og frelsi í einu orðinu en erfa það við mann í hinu að hafa aðra skoðun. Þeir skilja það einfaldlega ekki að þeirra skoðun byggir öðru fremur á díalektík, samtali, rökræðu, ögrandi skoðanaskiptum sem slípa stefnur. Það er ekkert mikilvægara fyrir skoðun en að skora aðra á hólm og skylmast við hana af skynsemi og málefnalegri festu.

Það virðist landlægt þessa dagana að afgreiða skoðanir annarra sem hvert annað tuð úti í bæ, eða tal manna, eins og það heitir í besta falli. Og þá eru menn ýmist orðnir þreyttir á þessu tali, eða telja brýnt að snúa sér að öðru; allt annað beri vott um þras og jafnvel þráhyggju. Sumsé; menn nenna ekki að tala saman – nei, þess þá heldur að tala út í eitt.

Þetta hefur stundum verið kallað flokksblindni, en er náttúrlega miklu meiri fötlun en svo að hún sé bundin við augun; heyrnin virðist heldur ekki til staðar – og hvað þá pólitískt þefskyn.

Ég hitti einu sinni svona mann sem skilgreindi samfélagið á tiltölulega einfaldan hátt; annars vegar væru það við – og hins vegar hinir. Sama prumpið væri í afturenda allra annarra flokka en síns eigin – og með ólíkindum væri að fólk hefði geð í sér að kjósa eitthvað annað yfir sig en farsældarflokkinn sinn breiða.

Hefurðu einhvern tíma skipt um skoðun á lífsleiðinni, spurði ég þennan mann.

Hann var snöggur til svars, yggldi sig og sagði snaggaralega; til hvers?

Þar með lauk samtali okkar ... blessunarlega.

Íslenskt samfélag nær sér aldrei á strik nema það virði sem flestar skoðanir. Og hlusti á þær. Það má ekki loka sig af inni í múlbundnum stjórnmálaflokkum. Ekki frekar en þröngsýnum trúfélögum. Það á að fagna hverri skoðun af annarri. Það þarf ekki og á ekki að óttast þær ... heldur hitt ... að einhver vilji þagga niður í þeim. ■


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871





410 4000 | landsbanki.is
Landsbankinn
Banki allra landsmanna

EKKERT BRUÐL

# Bónus vinsælasta

BÓNUS BLETTAEYÐIR

BÓNUS OXY MAGIC

199 KR.

800 GRÖMM

ÓMÓTSTÆÐILEGT VERÐ!

EITT KÍLÓ!

59 KR.

1000g

Venjuleg brauð eru 770g BÓNUSBRAUÐIÐ er 1000g

Meira að segja mjólkin er ódýrari!

EINN LÍTRI

69 KR.

EINN LÍTRI

59 KR.

12 RÚLLUR Í PAKKNINGU

12 wc RÚLLUR

198 KR.

KAUPTU ÞÉR KÓKKIPPU (6x2) OG ÞÚ FÆRÐ BÓNUS PÁSKAEGG Í KAUPBÆTI að andvirði 399 KR.

99 KR.

400g

Góður á brauðið
Frábær í kryddsmjörið!

TVÖFÖLD PAKKNING

2 HANDSÁPUBRÚSAR

259 KR.

25 KR.

420g

GRANDSALAT
íslensk framleiðsla

159 KR.

200g brúskur

4 RAKBLÖÐ Í PAKKNINGU

4 MAC3 RAKBLÖÐ

459 KR.

Ferskir bitar

Ferskir HOLTA bitar

299 kg KR.

BLANDAÐIR FERSKIR KJÚKLINGABITAR

# Helgarhátíð og þakkir!

# fyrirtæki landsins!

Árleg könnun FRJÁLSRAR VERSLUNAR feb. 2005

FRJÁLS VERSLUN

Við öll sem vinnum í Bónus, þökkum ómetanlegan stuðning og traust þeirra viðskiptavina okkar og annarra sem völdu okkur vinsælasta fyrirtækið aftur í ár og eigum engin orð til að lýsa hversu hlýleg og verðmæt kveðja þetta er.

39 KR.
500 ml

## Danskar kjúklingabringur

FROSNAR DANSKAR BRINGUR

999 KR. kg

Frosnar, danskar, skinnlausar, beinlausar

RAUÐ EPLI

75 KR. kg

Munið B-vítamínin, sinkið og prótínin!

25 KR.
310g

## Lambalærissneiðar og kótelettur

KJARNAFÆÐI

Sneiddur lambahryggur
Sneitt lambalæri

899 KR. kg

FRYSTIVARA

APPELSÍNUR

75 KR. kg

EKKERT BRUÐL

GRÆN EPLI

75 KR. kg

KIWI

75 KR. kg

GUL EPLI

75 KR. kg

GRÆN VÍNBER

198 KR. kg

BÓNUS

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

*„Það er hætt við því að það verði alltaf talsvert mikil sérhönnun fyrir hvert fiskiskip, þar sem þau eru flóknari. Við höfum hins vegar trú á því að hægt verði að ná fram staðlaðri lausnum fyrir flutningaskip, sem er grundvöllur þess að hægt verði að ná verulegum árangri í afkomu, rekstri og uppbyggingu.“*

# Orkusparandi framtíðarflaggskip

**Marorka er fyrirtæki sem hefur náð markverðum árangri í að minnka olíunotkun fiskiskipa. Fram undan er notkun tækninnnar í flutningaskip. Olíukostnaður í rekstri skipa er gríðarlegur og heimurinn er stór. Tækifærin blasa við Marorku, sem ekki á raunverulega keppinauta ennþá.**

Hagsæld framtíðarinnar hér á landi felst í því að okkur takist að byggja upp ný öflug fyrirtæki sem hasla sér völl á alþjóðamarkaði. Fyrirtæki eins og Marel og Össur sem byggja á hugviti og tækni verða ekki til af sjálfu sér. Þau byrjuðu sem lítil hugmynd drifin áfram af frumkvöðlum og þolinmóðu fjármagni sem fylgdi þeim úr vör. Marorka er fyrirtæki sem er á svipuðu stigi og Marel var fyrir rúmum áratug. Vara fyrirtækisins er orkusparnaðartækni fyrir skip. Kyoto-bókunin tók gildi í síðustu viku og fiskiskipaflotinn er stærsti notandi óendurnýjanlegra orkugjafa hér við land. Búnaður Marorku sparar því ekki bara fé, heldur stuðlar einnig að minni mengun. „Við horfum á framleiðslu Marorku út frá því að tæknin sé hagkvæm fyrir útgerðarfyrirtækin,“ segir Þórður Magnússon, stjórnarformaður Marorku. Tæknin skilar nú allt að 10% sparnaði í orkunotkun fiskiskipa í rekstri og fyrir útgerð fiskiskips eru það umtalsverðir fjármunir. Olíukostnaður dæmigerðs nótaskips er hundrað milljónir á ári.

### Skipið sem heild

„Okkar tækni byggist á því að við horfum á skipið sem heildstætt kerfi þar sem við lágmörkum orkunotkun skipsins í heild,“ segir dr. Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Marorku. Hann er frumkvöðullinn og hefur unnið að þróun tækninnar frá upphafi, frá árinu 1995. Hann segir litið til allra þátta í orkunotkun skipa. „Við horfum á aðalvél og skrúfu, kælikerfi og frystibúnað, loftkælingu og svo framvegis. Með tölvulíkönum skoðum við skipið í heild sinni og breytum þáttum, þangað til við erum búin að lágmarka olíunotkun á þeim tíma. Síðan vöktum við orkukerfið þannig að olíunotkun sé alltaf í lágmarki.“ Jón Ágúst segir allt byggt á stærðfræði og aðferðum hennar eins og bestun og hermun og síðan tölvunarfræði. „Í raun er hægt að segja að fyrst núna sé þetta hægt. Við höfum ekki haft reiknigetu fyrr en nú til að gera þetta.“




FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

**FRUMKVÖÐULL OG FJÁRFESTIR** Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson er frumkvöðull Marorku og hefur unnið að þróun tækni fyrirtækisins um árabil. Þórður Magnússon er fjárfestir og leggur auk fjármuna til reynslu og þekkingu af skipulagi og uppbyggingu fyrirtækja. Þeir segja mikilvægt að frumkvöðlar og fjárfestar hafi sömu sýn á verkefni og framtíð fyrirtækja.

Að baki öllu þessu liggur óhemjumikil rannsóknarvinna. „Við höfum verið að benda stjórnvöldum á það hversu mikið af rannsóknum fer fram í slíkum fyrirtækjum. Rannsóknarfé hefur verið beint inn í stofnanir þar sem menntaða starfsfólkið hefur verið. Nú eru miklar rannsóknir stundaðar í fyrirtækjum og því þarf að beina rannsóknarfé inn í fyrirtækin,“ segir Jón Ágúst. Þeir árétta að vilji Marorku sé ekki að taka fé frá rannsóknum stofnana.

### Samstarf við útgerðir

Þórður og Jón Ágúst segja mikilvægt fyrir Marorku að hafa þróað búnaðinn með útgerðarfyrirtækjum. Eskja var fyrsta fyrirtækið sem lét setja búnað frá Marorku í skip hjá sér. „Þetta snýst um að breyta hugarfari og það er lögð áhersla á að skipstjórar séu virkir þátttakendur í þessu,“ segi Jón Ágúst. Hann segir að þeirra hlutverk hafi verið að afla, en nú séu sífellt gerðar meiri kröfur til þess að þeir horfi á kostnaðarhliðina. Þórður segir að í sjávarútvegi hafi verið mikið lagt upp úr því að auka afköst skipa. „Það hefur minna verið litið til þess að lækka kostnaðarhliðina.“ Marorka hefur hannað skip með kanadíska fyrirtækinu Clearwater og með því að koma að hönnuninni frá byrjun hefur tekist að ná orkunotkun niður um fjórðung. Framtíðarsýn fyrirtækisins er að hægt verði að ná orkunotkun niður um 40 prósent. Það munar um minna. Jón Ágúst segir mikilvægt að stjórnvöld og útgerðir hugi að því að lausnir fyrir framtíðina verði að byrja að vinna núna. „Markmiðið hjá okkur er að ávinningurinn vaxi með aukinni gagnasöfnun og endurbótum á kerfinu og útgerðin fái nýja útgáfu af kerfinu á hverju ári. Því sé um gagnkvæmt samstarf að ræða sem eigi að geta leitt til stöðugt minnkandi orkunotkunar og aukinnar hagkvæmni í rekstri,“ bætir Þórður við.

### Borgar sig fljótt

Verkefnið er kostnaðarsamt, en Þórður segir fjárfestingu í tækninni eiga að borga sig upp á einu og hálfu ári. „Við höfum verið að vinna að fjármögnunarleigu og með því ættu menn að sjá arðsemi af fjárfestingunni strax á fyrsta ári.“ Þegar er komin reynsla á tæknina í nokkrum fiskiskipum. Orkunotkun fiskiskipa er flóknari en til að mynda flutningaskipa. Þórður segir að með því að byrja að þróa tæknina fyrir þann markað hafi Marorku tekist að vekja ekki á sér of mikla athygli í þróunarferlinu. Sjávarútvegurinn sé frekar afmarkaður heimur og því sé fyrirtækið með tæknilegt forskot sem ætti að nýtast því þegar sótt verður fram. „Það þýðir að við erum búin að þróa






**VAXANDI HÓPUR** Fyrstu tveir starfsmennirnir voru ráðnir til Marorku árið 2000 en nú er sá fimmtándi í þann veginn að bætast í hópinn. Fyrirtækið er í örum vexti. Veltan hefur tvöfaldast á ári og stjórnendur fylgja fast eftir kröfu um arðsemi samhliða vexti.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR



þessa tækni vel þegar við stingum okkur út í djúpu laugina.“ Þórður þekkir vel til upphafsára Marels frá því að hann var fjármálastjóri Eimskipafélagsins, sem fóstraði Marel í upphafi. Hann segir það sama gilda um Marorku; að í upphafi sé mikið um sérhönnun fyrir hvern kúnna. Marorka hyggst setja búnaðinn upp í Dettifossi, skipi Eimskipafélagsins. „Það er hætt við því að það verði alltaf talsvert mikil sérhönnun fyrir hvert fiskiskip, þar sem þau eru flóknari. Við höfum hins vegar trú á því að hægt verði að ná fram staðlaðri lausnum fyrir flutningaskip, sem er grundvöllur þess að hægt verði að ná verulegum árangri í afkomu, rekstri og uppbyggingu.“ Þangað er stefnt og fyrir fyrirtæki eins og Marorku liggja gríðarleg tækifæri í flutningaskipaflota heimsins. Hvatinn ætti að vera nægur þar sem olíuverð er hátt og útlit fyrir að sá kostnaður í rekstri skipa verði áfram hár.

**MENGUN OG SPARNAÐUR** Betri orkunýting stuðlar að minni mengun. Umhverfisráðherra heimsótti Marorku á dögunum. Gulrót viðskiptavinanna er þó gríðarlegur sparnaður af tækni Marorku.


FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

## Arðsemi og skipulag

Mikill vöxtur hefur verið hjá Marorku frá því að tveir fyrstu starfsmennirnir voru ráðnir árið 2000. Fyrirtækið hefur vaxið hratt og veltan tvöfaldast milli ára. Þórður segir að markmiðið sé að vaxa áfram hratt. Fyrirtækið hefur skilað hagnaði og segir Þórður markmiðið að skila tíu prósent af tekjum í hagnað. Snemma var tekin ákvörðun um að deildarskipta fyrirtækinu í markaðsstarf, þróun, vinnslu og vélbúnað. „Til þess að allir séu ekki að grauta í öllu. Það hefur háð fyrirtækjum í hugbúnaðargeiranum að skilin milli nýsmíði og þess sem verið er að selja hafa ekki verið nógu skýr. Þó við séum ungt fyrirtæki er búið að kortleggja hvernig við ætlum að vinna þetta,“ segir Þórður.

Jón Ágúst segist sjálfur vera hinn dæmigerði frumkvöðull sem hafi alla tíð haft óbilandi trú á verkefninu. Þórður er hins vegar sjóaður fjárfestir. Marorka er sprotafyrirtæki og árangurinn af starfinu kemur ekki í ljós fyrr en eftir langan tíma. Frumkvöðullinn og fjárfestirinn þurfa að sýna þolinmæði. „Ef menn ætla að fjárfesta í svona fyrirtækjum verða menn að horfa til fimmtán, tuttugu ára. Það kostar verulegar upphæðir að byggja upp svona fyrirtæki en það er óraunhæft að fá marga fjáfesta að því fyrr en síðar,“ segir Jón Ágúst. „Það þarf líka að vera geta hjá þeim sem leggja þessum fyrirtækjum lið að fylgja málunum eftir,“ bætir Þórður við. „Það verður að segjast eins og er að það er óhemjumikil þolinmæðisvinna að fylgja þessu eftir, jafnvel hjá okkur þar sem plönin hafa verið að ganga eftir. Það er ekki nóg að leggja til fé, það þarf líka að leggja til þekkingu og vinnu.“ Þeir segja nauðsynlegt að samhljómur sé í framtíðarsýn frumkvöðulsins og fjárfestanna.

Sprotafyrirtæki hafa goldið fyrir netbóluna sem sprakk. Jón Ágúst segir að þrýstingur fjárfesta hafi gert það að verkum að frumkvöðlarnir hafi farið að trúa því að hægt væri að gera hlutina hraðar en raunhæft var. Hann segir að nú séu ekki mörg félög sem náð hafi á það stig sem Marorka er komin á, þrátt fyrir allt tal um nýsköpun. „Það er gríðarlega mikilvægt að þessi fáu félög nái að lifa af og þróast næsta áratuginn. „Ef það gerist ekki fáum við ekkert nýtt flaggskip í hópinn með Marel og Össuri og það yrði gríðarlega alvarlegt mál.“ Það sama gildir um uppfóstrun sprotafyrirtækja og barna, þau þroskast á eigin forsendum og engin leið að flýta því að þau verði fullorðin.

Marorka er þroskavænlegt fyrirtæki og ætti að ná góðum styrk ef rétt verður að því búið. Fimmtándi starfsmaðurinn er á leið inn í fyrirtækið og frumbernskan að baki. „Það sem er fram undan núna er erlend markaðssetning,“ segir Jón Ágúst. „Það er það dýrasta og erfiðast og það er þar sem flestir hálsbrjóta sig.“ Þeir segja leiðina fyrir Marorku að byggja sér upp erlenda samstarfsaðila sem þekkja viðkomandi markað og einbeita sér að einum í einu. Ekkert fyrirtæki býr enn yfir sambærilegri tækni og Marorka. „Það er enginn að keppa við okkur eins og er, en samkeppnin mun koma,“ segir Þórður. Forystunni ætlar fyrirtækið að halda.




argus – 05-0101

# Aðalfundur

Aðalfundur Samskipa hf. verður haldinn þann 8. mars í ráðstefnusal Samskipa, Kjalarvogi kl. 17.00.

**Dagskrá**

- Venjuleg aðalfundarstörf skv. 8. gr. samþykkta félagsins.
- Breytingar á samþykktum félagsins: Tillaga um heimild stjórnar til að hækka hlutafé.
- Tillaga stjórnar um að félaginu sé heimilt að kaupa eigin hlut skv. 55. gr. laga nr. 2 frá 1995 um hlutafélög.
- Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur frá hluthöfum, sem bera á fram á aðalfundi, þurfa að berast stjórn eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.
Endanlegar tillögur og ársreikningur mun liggja frammi á skrifstofu félagsins sjö dögum fyrir aðalfund.
Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað við upphaf fundarins.

*Stjórn Samskipa hf.*

SAMSKIP

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • samskip.is



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 27296 02/2005

# 6,1%* – Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta. Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

*Nafnávöxtun frá 01.01.2005–31.01.2005 á ársgrundvelli.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans www.landsbanki.is

**Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum í útibúum Landsbankans eða í síma 410 4000.**

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

# Boeing 787 Dreamliner

## - boðar nýja tíma í sögu farþegaflugs til og frá Íslandi

Icelandair er það sérstakt ánægjuefni að kynna Boeing 787 Dreamliner, nýja gerð af breiðþotu frá Boeingverksmiðjunum, sem verður afhent félaginu árið 2010.

Boeing 787 Dreamliner byggir á nýrri sýn og nýrri tækni. Hún er sparneytnari en aðrar gerðir farþegaflugvéla frá Boeing fram til þessa, hagkvæmari, hljóðlátari, þægilegri og langfleygari. Flugdrægni Boeing 787 Dreamliner er 15.700 km, sem merkir að hægt verður að fljúga í beinu flugi milli Íslands og nánast allra staða í heiminum utan Ástralíu.

Icelandair var fyrst evrópskra áætlunarflugfélaga til að tryggja sér þessa tímamótavél frá Boeing. Það sýnir óbilandi trú félagsins á framtíðarvöxt, kraft og djörfung og þann einlæga ásetning Icelandair að vilja þjóna íslensku  samfélagi eins vel og framast er unnt.







ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 27530 02/2005


ICELANDAIR
Framtíðin og allur heimurinn eru innan seilingar
ICELANDAIR
www.icelandair.is

**ÍVAN PETRÓVITS PAVLOV (1849-1936)**
lést þennan dag.



*„Þegar gerðar eru tilraunir á að skoða meira en bara yfirborðið. Látið ekki nægja að skrásetja staðreyndir. Reynið heldur að kafa í ráðgátuna um orsakir þeirra.“*

***Pavlov fékk Nóbelsverðlaun árið 1904 fyrir rannsóknir sínar, en hann var frumkvöðull í rannsóknum á skilyrðingu. Frægust er án efa tilraun hans þar sem honum tókst að auka munnvatnsflæði hunda með því að hringja bjöllu. Hann hafði vanið hundana á að þeir fengju að éta þegar bjöllunni væri hringt og því slefuðu þeir við bjölluhljóminn.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Reichstag brann í Berlín*

Þennan dag árið 1933 kom upp stórbruni í Reichstag, þýska þinghúsinu í Berlín. Nasistaflokkurinn var þá kominn til valda, en Hitler var gerður kanslari 30. janúar sama ár. Nasistar kenndu kommúnistum um brunann og notuðu hann sem fyrirslátt til að draga úr borgaralegum réttindum íbúa Þýskalands. Þinghúsbyggingin skemmdist mikið og þegar Adolf Hitler mætti til að berja ósköpin augum lýsti hann yfir: „Þetta er tákn frá Guði!“ Hann fundaði strax með Paul von Hindenburg, forseta landsins, og þrýsti á um aukin völd. Það gekk eftir og var mikilvægt skref fyrir nasistana því nú var Hitler ekki lengur upp á atkvæðagreiðslur í þinginu kominn, en þar var flokkur hans ekki með meirihluta. Strax næsta dag var afnumið ýmiss konar persónufrelsi í Þýskalandi, svo sem málfrelsi og réttur til fundahalda. Við þetta fór líklega um margan Berlínarbúann, sem sá í brunnu þinghúsinu endurspeglast dauða lýðræðis í Þýskalandi. Hollenskum kommúnista að nafni Marinus van der Lubbe var kennt um brunann, en hann var handtekinn við þinghúsið meðan það brann. Málatilbúnaðurinn var þess efnis að van der Lubbe hefði ætlað að skapa óróa í landinu með brunanum. Ekki fór þó framhjá fólki að bruninn hentaði nasistunum ágætlega og margir veltu því fyrir sér hvort það hefði ekki verið Hitler sjálfur sem stóð fyrir íkveikjunni.



**27. FEBRÚAR 1933** Nasistar kenndu kommúnistum um að hafa kveikt í þýska þinghúsinu.

## MERKISATBURÐIR

**1861** Fimm mótmælendur látast þegar her Rússa skýtur á kröfugöngu í Varsjá þar sem mótmælt var stjórn Rússa á Póllandi.

**1939** Bresk og frönsk stjórnvöld viðurkenna stjórn Francos á Spáni.

**1953** Stormsveipur gengur yfir Hnífsdal, barnaskólahúsið fýkur og nokkur meiðsl verða á fólki.

**1955** Miklir jarðskjálftar hefjast í Öxarfirði og halda áfram um þriggja vikna skeið.

**1968** Almenna deild breska þingsins samþykkir lög til að torvelda lituðu fólki að flytja til landsins.

**1982** Í Bandaríkjunum er Wayne B. Williams er fundinn sekur um að hafa myrt 28 unga svarta menn, en lík þeirra fundust á 22ja mánaða tímabili.

## AFMÆLI



**Jón Anton Speight** tónskáld er sextugur í dag.



**Guðfinna Eydal** sálfræðingur er 59 ára í dag.



**Bogi Andersen** læknir er 49 ára í dag.



**Baltasar Kormákur**, leikari og leikstjóri, er 39 ára í dag.

## ANDLÁT

**Ingvar Björnsson**, frá Gafli, lést miðvikudaginn 9. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Guðmundur Eyjólfsson**, Hrafnistu í Reykjavík, áður Álftamýri 49, Reykjavík, er látinn.

**Anne Chris Odland** lést á Balí fimmtudaginn 17. febrúar. Bálför hefur farið fram.

**Guðmundur Björn Sveinsson** lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 24. febrúar.

**Ingólfur Halldórsson**, frá Syðri-Steinsmýri í Meðallandi, lést fimmtudaginn 24. febrúar.

**Oddbjörg Sigurðardóttir**, hjúkrunarheimilinu Eir, lést fimmtudaginn 24. febrúar.

**Sigríður Kristbjörg Matthíasardóttir**, Víðilundi 24, Akureyri, lést föstudaginn 25. febrúar.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

## TÍMAMÓT: HORNSTRANDIR FRIÐLÝSTAR FYRIR 30 ÁRUM

# Sérstaðan eykst með ári hverju

Í dag eru 30 ár síðan samþykkt var að friðlýsa Hornstrandir, en þær ná yfir allt svæðið norðan Skorarheiðar, sem liggur úr botni Hrafnsfjarðar í Jökulfjörðum yfir í Furufjörð. Hornstrandir þykja einstök náttúruperla, ekki síst fyrir þær sakir hvað svæðið er einangrað. Svæðið er kjörland útivistarfólks, en um Hornstrandir má bara fara fótgangandi. Algengt er að farið sé í friðlandið með bátum frá Ísafjarðarbæ eða úr Norðurfirði á Ströndum. Einnig er vinsælt að ganga á Hornstrandir úr Árneshreppi eða frá Unaðsdal á Snæfjallaströnd við norðanvert Ísafjarðardjúp.

Árni Bragason, forstöðumaður náttúruverndarsviðs Umhverfisstofnunar, segir Hornstrandir hafa sérstöðu varðandi stjórnun friðlanda, því frá upphafi hafi verið starfandi ráðgjafarnefnd um málefni Hornstranda, en umsjá friðlandsins er í höndum Ísafjarðarbæjar. „Áður var það þannig að stofnunin átti þrjá fulltrúa, en við ákváðum að fá rödd sveitarfélagsins sterkari inn, þannig að í dag eigum við einn fulltrúa, landeigendur þrjá og Ísafjarðarbær tvo fulltrúa. Vorið 2003 gengum við svo enn lengra og gerðum samning við Ísafjarðarbæ um umsjá með friðlandinu,“ segir Árni, en í náttúruverndarlögum er heimild til að fela lögaðilum umsjón með friðlöndum.

Byggð á Hornströndum var farin að dragast saman þegar þjóðfélagsbreytingar urðu þess valdandi að allir bæir þar fóru í eyði á stríðsárunum eða stuttu síðar. Landið er í einkaeign að mestu og landeigendum tryggðar hefðbundnar nytjar, svo sem æðarvarp, veiði í ám og vötnum og fugla- og eggjataka. Í friðlandinu eru nokkrir tugir húsa, bæði gömlu bæjarhúsin uppgerð og ný sumarhús.

Á Hornströndum eru feiknahá fuglabjörg iðandi af sjófugli. Þá hefur refur átt sér griðland á Hornströndum, en þær eru eini staðurinn á landinu þar sem ekki má veiða hann. Algengt er að ferðalangar rekist á ref því hann hefur vanist ferðum mannanna og er gæfur. Á vef Umhverfisstofnunar kemur fram að dýralíf og gróðurfar á svæðinu beri þess skýr merki að ágangur manna og búfénaðar sé takmarkaður.

Núorðið hefur einungis vitavörðurinn í Hornbjargsvita fasta búsetu allt árið á Hornströndum.



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**ÁRNI BRAGASON** Forstöðumaður náttúruverndarsviðs Umhverfisstofnunar segir ákvarðanatöku í málefnum Hornstranda hafa verið farsæla frá upphafi, en til ráðgjafar um málefni svæðisins er nefnd skipuð fulltrúum bæði landeigenda og sveitarfélagsins.



**FERÐAFÓLK Á HORNSTRÖNDUM** Um Hornstrandir má bara ferðast fótgangandi, en um 3.000 ferðamenn koma þangað á sumri hverju.

Á landinu eru 87 svæði friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum, en um þau gilda dálítið önnur lögmál en um þjóðgarða. Í þjóðgörðum er skylt að haga hlutum þannig að almenningur fái notið þeirra um leið og gætt er að náttúruvernd. Í friðlöndum eru fjölbreyttari reglur um umgengni, sums staðar mjög strangar líkt og í Surtsey, sem friðlýst er til rannsókna, og í Eldey þar sem engum er heimilt að fara í land nema með heimild Umhverfisstofnunar. Eldey er friðlýst vegna súluvarpsins þar, sem er það fjórða stærsta í heiminum. Um Hornstrandir er svo einungis heimilt að ferðast fótgangandi.

Landslagið hefur áhrif á ímyndunaraflið þannig að sagnir um tröll og forynjur vakna enda hefur náttúrutrúin líklega hvergi verið jafn sterk og á Hornströndum.

Árni segir sérstöðu Hornstranda aukast með hverju árinu sem líður. „Á landinu eru engin svæði önnur sem ekki er hægt að nálgast á tækjum, en menn hafa viljað halda fast við að þarna verði eingöngu siglt,“ segir hann og bætir við að enginn áhugi sé fyrir breytingum á því, síst af öllu hjá landeigendum. „Svæðið hefur yfir sér ákveðna dulúð og stór hluti hennar er auðvitað að ekki er auðvelt að komast inn á það.“ Umferð um Hornstrandir er enda ekki mjög mikil og einskorðast að mestu við sumartímann. Árni segir að á sumrin fari um það bil 3.000 manns inn á svæðið, helmingurinn í sumarhús. ■

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1807** Henry Wadsworth Longfellow, ljóðskáld.



**1902** John Steinbeck, rithöfundur.

**1930** Joanne Woodward, leikkona.
**1932** Elizabeth Taylor, leikkona.
**1934** Ralph Nader, umhverfisverndarsinni og forsetaframbjóðandi í Bandaríkjunum.
**1955** Sally Spencer, leikkona.
**1957** Adrian Smith, gítarleikari í Iron Maiden.
**1960** Stoney Jackson, leikari.
**1962** Adam Baldwin, leikari.
**1964** Ewen Vernal, bassaleikari Deacon Blue.
**1980** Chelsea Clinton, dóttir Bills fyrrverandi Bandaríkjaforseta.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ÞJÓÐMINJASAFNIÐ VIÐ SUÐURGÖTU** Í dag lýkur sýningum í Þjóðminjasafni Íslands sem nefnast „Hér stóð bær“ og „Átján álagablettir“.

# Gestir nafngreina bæi

Þessi helgi er síðasta sýningarhelgi á sýningunum „Hér stóð bær“ og „Átján álagablettir“ í Myndasal Þjóðminjasafns Íslands og því síðustu forvöð í dag að berja þær augum.

Á sýningunni „Hér stóð bær“ hefur verið leitað eftir aðstoð safngesta við að nafngreina bæi á myndum sem hingað til hafa verið óþekktir. Að sögn Þjóðminjasafnsins hefur reynst mjög árangursríkt að virkja safngesti með þessum hætti, en meirihluti bæjarnafnanna hefur þegar verið skráður. „Við viljum hvetja fólk til að koma þessa síðustu sýningarhelgi því nú eru síðustu forvöð að þekkja gamla bæinn í dalnum,“ segir í tilkynningu safnsins. ■



†

*Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Guðmundar Tryggvasonar**

Hjúkrunarheimilinu Eir, Hlíðarhúsum 7.

Einnig þökkum við starfsfólki á Hjúkrunarheimilinu Eir fyrir góða umönnun og velvild.

**Guðrún Guðmundsdóttir, Þórir Kristmundsson, Björn Tryggvi Guðmundsson, Steinunn Elínborg Guðmundsdóttir, Sveinbjörn Jóhannesson, Kristín Guðmundsdóttir, Gísli Viggósson, Kolbeinn Guðmundsson, Árný Valgerður Ingólfsdóttir, barnabörn og barnabarnabörn.**


SÓLSTEINAR
**10-40% afsláttur**
af legsteinum út febrúar



**Kársnesbraut 98 • Kópavogi**
**564 4566 • www.solsteinar.is**

allt - atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 8.42 | 13.40 | 18.40 |
| AKUREYRI | 8.31 | 13.25 | 18.21 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

**Góðan dag!**
Í dag er sunnudagurinn 27. febrúar, 58. dagur ársins 2005.

**STÖRF Í BOÐI**

- Verkefnastjóri
- Safnstjóri
- Skrifstofustarf
- Bílaviðgerðarmenn
- Matvælafræðingur
- Sumarstörf
- Skiltagerð
- Kennarar
- Sjómenn
- Sjúkraliði
- Afgreiðsla
- Vefforitarar
- Aðhlynning
- Hársnyrtir

**SMÁAUGLÝSINGAR**
byrja í dag á bls. 13

**Flokkar & fjöldi**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið 1
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bjarni með miðaldahníf milli handanna sem kom upp úr klausturrústunum á Kirkjubæjarklaustri.

# Rannsókn á Reykjaseli væri draumur í dós

**Við sjáum yfirleitt fyrir okkur fornleifafræðinga á haus niðri í einhverjum rústum. Það er sumarmyndin. En hvað gera þeir yfir veturinn? Dr. Bjarni F. Einarsson á Fornleifafræðistofunni svarar fyrir sína parta.**

„Allir gripir sem við tökum upp úr jörðinni á sumrin þarfnast frágangs yfir veturinn. Það verður að forverja, pakka niður, lýsa og ljósmynda. Svo þarf að skrifa og teikna. Í það fer veturinn. Hreinteikna allar teikningar, setja þær saman, skýra þær og túlka. Skrifa skýrslur og setja viðfangsefnið í samhengi við svipaða staði hér heima eða erlendis. Ganga frá skýrslum til verkkaupa eða til þeirra sjóða sem styrkja verkefnin og svo til Fornleifaverndar ríkisins. Gripir og önnur gögn lenda að lokum hjá Þjóðminjasafni Íslands en mitt næsta yfirvald er Fornleifaverndin.

Ég sem sjálfstætt starfandi fornleifafræðingur á eigin stofu vinn líka við umhverfismat. Allar meiri háttar framkvæmdir þurfa að fara í slíkt mat því alltaf geta einhverjar fornleifar verið í hættu og þjóðminjalögin eru það sterk að þau vernda þær. Við leggjum mat á minja- og varðveislugildi og síðan er það Fornleifaverndin sem ákvarðar framhaldið. Það getur verið allt frá lítilli rannsókn til gríðarlegrar rannsóknar og við fornleifafræðingar tökum þær náttúrlega að okkur þegar niðurstaða liggur fyrir.“

Þá vitum við það en hvað skyldi Bjarni vera að fást við spennandi þessa dagana?

„Ég er með ýmis verkefni sem tengjast uppgreftri mínum á Kirkjubæjarklaustri og einnig er ég að undirbúa birtingu stórrar greinar í erlendu tímariti. Hún er um Hólm í Nesjum og hefur legið allt of lengi í láginni. Akkúrat núna er ég að vinna að gerð tilboðs í einhvern stærsta uppgröft sem hefur farið í almennt útboð á Íslandi en það eru minjarnar uppi við Kárahnjúka sem kallaðar hafa verið Reykjasel. Ef maður fengi það verkefni væri það bara draumur í dós því það er ótrúlega spennandi!“

*gun@frettabladid.is*

# Slátrun, bleikjuvinnsla og bruggun

**Efling atvinnulífs brennur á íbúum Kirkjubæjarklausturs.**

Íbúar á Kirkjubæjarklaustri vilja halda sláturhúsi á staðnum í rekstri með einhverjum hætti, annað hvort endurbæta það hús sem fyrir er eða byggja nýtt. Þetta kom fram á borgarafundi sem sveitarstjórnin í Skaftárhreppi efndi til nýlega. Sláturhúsið sem SS hefur rekið undanfarin ár var lagt niður síðastliðið haust því það taldist ekki uppfylla ítrustu kröfur sem gerðar eru til slátrunar til útflutnings.

Heimamenn hafa hins vegar ekki síst heimamarkað í huga þegar þeir hugsa um slátrun á staðnum því í grenndinni er stunduð öflug ferðaþjónusta og bændur vilja nýta sínar afurðir sjálfir. Einnig var rætt um að koma upp bleikjuvinnslustöð því bleikjueldi er stundað á staðnum. Hugmynd um bruggverksmiðju hefur líka komið upp á Klaustri. Allt til að bæta atvinnulífið.



Íbúar á Kirkjubæjarklaustri hafa rætt um að koma upp bleikjuvinnslustöð á staðnum.

*Heimild: Bændablaðið.*

# LIGGUR Í LOFTINU
## í atvinnu

**Styrkir til atvinnumála kvenna** voru auglýstir á vefsíðu Vinnumálastofnunar í síðustu viku. Árið 2005 er fjárveiting styrkja til atvinnumála kvenna 25 milljónir króna. Tilgangur styrkveitinga er einkum að draga úr atvinnuleysi meðal kvenna, efla atvinnulíf í dreifbýli, auka fjölbreytni í atvinnulífi og auðvelda aðgang kvenna að fjármagni. Allar konur, hvar sem þær eru á landinu, geta sótt um styrk. Umsóknir eru metnar af ráðgjafahópi félagsmálaráðherra. Lögð er áhersla á nýsköpun og hún skilgreind út frá samkeppnisforsendum. Eingöngu er hægt að sækja um styrkina á netinu en umsóknarfrestur rennur út 28. mars næstkomandi.

**Atvinnuleysisdagar í janúarmánuði** síðastliðnum voru skráðir 91.369 á landinu öllu sem jafngilda því að 4.352 manns hafi að meðaltali verið á atvinnuleysisskrá í mánuðinum. Þessar tölur jafngilda 3% af áætlun Efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis um mannafla á vinnumarkaði í janúar 2005. Áætlaður mannafli á vinnumarkaði í janúar 2005 er 146.035. Þessar upplýsingar má finna á vef Vinnumálastofnunarinnar.

**Launakostnaður og annar kostnaður við starfsmannahald** er að sliga bandarísku lyfjarisana þrátt fyrir mikinn hagnað og gott gengi að undanförnu, samkvæmt heimildum Financial Times. Baráttan og rígurinn á lyfjamarkaðinum hefur harðnað mikið og hafa þau reynt að sýna styrk sinn og stærð á ýmsan hátt, þar á meðal með því að fjölga starfsmönnum mikið á skömmum tíma.
Sérfræðingar telja að fyrirtækin muni skera niður í starfsmannahaldi á næstunni og hagræða í rekstri sínum enda mikið í húfi.



*atvinna@frettabladid.is*

BECHTEL   HRV ENGINEERING

Á vegum Alcoa byggir Bechtel International Inc. álver á Reyðarfirði. Bechtel er yfir 100 ára gamalt bandarískt verktakafyrirtæki með starfsemi um heim allan. Fjarðaál er hannað og byggt í samstarfi við HRV sem samanstendur af nokkrum fremstu fyrirtækjum á Íslandi á sviðinu, Hönnun, Rafhönnun og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen.

**Iðnaðarmenn - Verkamenn - Tækjastjórnendur:**

**Bygging álvers á Reyðarfirði hefst í mars**

Hafist hefur verið handa við ráðningar. Okkur vantar vana verkstjóra og starfsmenn í eftirfarandi iðngreinum:

- Stálsmíði
- Húsasmíði
- Málmsuðu
- Vélvirkjun
- Rafvirkjun

Einnig vantar:

- Tækjastjórnendur
- Vörubílstjóra
- Verkamenn

Á byggingatímanum sem nær til ársloka 2007 verður þörf fyrir fjöldann allan af iðnaðarmönnum og aðstoðarmönnum ásamt tækjastjórnendum. Þeir sem áhuga hafa á störfum við byggingu álvers á Reyðarfirði eru vinsamlega beðnir um að leggja inn umsókn.

Þeir sem þegar hafa lagt inn umsókn eru vinsamlega beðnir um að hafa samband í síma 470 7595.

Á skrifstofunum eru veittar upplýsingar um störfin og annað sem að þeim lýtur. Þar er einnig hægt að nálgast umsóknareyðublöð, sem og á heimasíðunni.

Ráðningarstofan á Reyðarfirði
Búðareyri 2
730 Reyðarfirði
Sími 470 7599

Ráðningarstofan í Reykjavík
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Sími 470 7400

Eyðublöð og upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðu Fjarðaáls,
www.fjardaalproject.is

**Trúnaðarmaður**
Á hverjum vinnustað á að vera trúnaðarmaður frá stéttarfélagi starfsmanna. Hægt er að leita til hans í tengslum við launamál og öll þau ágreiningsmál sem geta komið upp á milli starfsmanna og yfirmanna.





Samkvæmt tölum Hagstofu hafa laun hækkað á síðustu tólf mánuðum en þegar betur er að gáð er það ekki raunin.

# Launaskrið í raun lítið

*Laun hækkuðu um 6,6 prósent síðustu tólf mánuði, miðað við janúar.*

Á sama tíma hækkaði verðlag um fjögur prósent og kaupmáttur jókst um 2,5 prósent samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Íslands. Eins og kemur fram á heimasíðu Alþýðusambands Íslands, asi.is, gefa þessar tölur ekki rétta mynd af launaþróun. Launaskrið er í raun lítið en það sem skýrir hækkun á launum er að á undanförnum árum hafa almennar launahækkanir verið í janúar á hverju ári. Í upphafi síðasta árs voru flestir samningar lausir og engar launahækkanir en á vormánuðum var gengið frá samningum á almennum markaði. Tveggja ára almennar launahækkanir koma því inn í þessa tólf mánaða mælingu.

Ef upphafshækkun kjarasamninga er færð til 1. janúar á síðasta ári blasir annað við en þá étur verðbólgan upp meira en allar launahækkanir og kaupmáttur rýrnar. ■

# Akureyrardómurinn fól í sér stefnubreytingu

***Ása Ólafsdóttir héraðsdómslögmaður hefur grannskoðað alla dóma og öll álit sem fjalla um mismun á launum karla og kvenna fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf.***

„Jafnréttislögin hafa verið afgreidd frá Alþingi fjórum sinnum og alltaf er talað um að sömu laun eigi að fást fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf en aldrei útskýrt nánar hvernig beri að skilja það orðalag,“ segir Ása. Tekur hún þó fram að við síðustu afgreiðslu laganna, árið 2000, hafi því verið bætt við að samanburðurinn gilti hjá sama atvinnurekanda. Hún telur greinilegt að boltanum sé varpað yfir til dómstóla og úrskurðarnefnda. Það sé á þeirra könnu að bera saman störfin.

„Málin sem ég skoðaði skiptast í fjóra flokka,“ segir Ása. „Í fyrsta flokknum var um nákvæmlega sömu störf að ræða. Í öðrum flokknum voru staðgenglar settir á lægri laun en starfsmennirnir sem þeir voru að leysa af. Í þriðja flokknum voru tilfellin innan sömu stéttar þó um mismunandi störf væri að ræða en í fjórða flokki var farið út fyrir stéttina og störfin voru því ekki á sama sviði.“

Ása segir síðastnefnda flokkinn mest til umræðu núna. Í honum hafi fallið tveir hæstaréttardómar, einn héraðsdómur og fjögur álit kærunefndarinnar. Í öllum tilfellum hafi sönnunarbyrðinni verið varpað yfir á atvinnurekandann. „Það var sem sagt atvinnurekandinn sem varð að sýna fram á að störfin sem um ræddi væru ekki jafnverðmæt og sambærileg,î útskýrir Ása. En telur hún að svona mál verði alltaf að fara dómstólaleið?

„Þegar Jóhanna Sigurðardóttir mælti fyrir jafnréttislögunum á Alþingi 1991sem félagsmálaráðherra lýsti hún því yfir að reglugerð væri í smíðum þar sem ætti að skilgreina hvað væru jafnverðmæt og sambærileg störf. En þessi reglugerð var aldrei búin til. Menn hafa bara beðið eftir því að hvert mál fyrir sig dúkkaði upp. Þetta er því allt í mótun. En það varð stefnubreyting í Akureyrardómnum þegar störf innan ólíkra stétta voru borin saman hvað varðaði ábyrgð, inntak og ytri búnað.“

gun@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ása segir stefnubreytingu hafa orðið þegar dómstólar fóru að bera saman störf á ólíkum sviðum.




Þriðjungur starfsmanna í Ástralíu er lausráðinn.

# Framtíð lausráðinna óljós

*Einn af hverjum þremur í launaðri vinnu í Ástralíu er lausráðinn.*

Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem gerð var í Newcastle-háskóla í New South Wales. Þessu hlutfalli hefur verið náð fimm árum fyrir spár ástralska fræðimanna í atvinnubransanum.

Prófessor John Burgess við háskólann í Newcastle segir að þessi fjölgun lausráðins starfsfólks valdi áhyggjum því þá er framtíð þriðjungs starfsmanna óviss. „Þetta er erfitt fyrir fólk sem vill stöðugleika í lífinu því það er erfitt að komast út úr lausráðningu. Ef þú ert lausráðinn færðu ekki greidd laun í veikindum eða fríi og auðvitað er erfitt að skipuleggja framtíðina, til dæmis þegar sækja þarf um lán fyrir húsnæði,“ segir Burgess.

# Hætta í skóla til að vinna í spilavíti

***Sífellt fleiri hætta í skóla í Macau-héraði í Kína til að vinna.***

Menntunaryfirvöld í kínverska héraðinu Macau kenna spilavítum sem bjóða frábær atvinnutækifæri um að fjöldi þeirra sem hættir í miðskóla fer sífellt vaxandi.

Dagblaðið í Macau greindi frá því í síðustu viku að hundruð miðskólanemenda hafi hætt námi til að leita sér vinnu í spilavítum á síðasta ári – þegar fjögur ný spilavíti voru opnuð á svæðinu. Spilavítin fjögur buðu þúsundir nýrra starfa.

Á nýrri önn á þessu ári eru 95.485 nemendur skráðir í þá 89 skóla sem eru í Macau en það er tæpum þrjú þúsund færra ef miðað er við sama tíma á síðasta ári. Kennarar segja að minni skráning nemenda í skólum sé vegna þess að það freistar þeirra að næla sér í auðfenginn pening í spilavítum en að sitja á skólabekk.

Allt að 56.008 nemendur fá fría menntun í Macau sem kostaði stjórnvöld 53 milljónir dala á síðasta ári. ■



Fjölgun spilavíta í Macau-héraði veldur því að færri nemendur skrá sig í skóla en áður.



Erlendir starfsmenn í Bretlandi fá sumir ekki þau lágmarkslaun sem þeir eiga að fá.

## Margir undir lágmarkslaunum

Í BRETLANDI ER ÁSTANDIÐ EKKI NÓGU GOTT Á VINNUMARKAÐINUM.

Laun margra breskra starfsmanna eru lægri en lágmarkslaun því sumar ráðningarstofur draga ólöglega af þeim pening. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu verkalýðsfélags í Bretlandi. Þar segir að þessi bylgja hafi sérstaklega áhrif á erlenda verkamenn en margar ráðningarstofur draga af launum starfsmanna fyrir mat, ferðir, húsnæði og föt. Í skýrslunni kemur fram að margir láta ekki í sér heyra út af þessu vandamáli því þeir þekkja ekki lög um lágmarkslaun og eru hræddir um að missa vinnuna. Margir fá ekki einu sinni lágmarkstaxta, 4,85 pund, eða um 560 krónur, á tímann. Dæmi eru um að starfsmaður hafi aðeins haft tæplega átta þúsund krónur á viku til ráðstöfunar eftir að vafasöm ráðningarstofa hafði dregið af honum alls kyns kostnað.

**Staðlaráð Íslands óskar eftir að ráða verkefnastjóra**

# Verkefnastjóri

STAÐLARÁÐ ÍSLANDS — ÍSLENSKIR STAÐLAR

**Starfssvið:**
- Yfirumsjón með þátttöku í tæknilegu staðlastarfi hjá evrópsku staðlasamtökunum CEN
- Umsjón með faglegri vinnu varðandi stöðlun á sviði gæða- og umhverfisstjórnunar og kynningu á því starfi
- Útgáfa íslenskra staðla í samstarfi við aðra starfsmenn
- Skipulagning og námskeiðahald á tilteknum sviðum
- Þátttaka í öðrum stöðlunarverkefnum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í verkfræði
- Reynsla af verkefnastjórnun og gæðastjórnun
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Staðlaráð Íslands er vettvangur hagsmunaðila til að vinna að stöðlun og notkun staðla á Íslandi. Ráðið starfar á grundvelli laga um staðla og Staðlaráð Íslands, nr. 36/2003.

Staðlaráð stendur fyrir námskeiðum og veitir ráðgjöf, upplýsingar og þjónustu um hvaðeina er lýtur að stöðlun. Jafnframt sér Staðlaráð um sölu staðla frá fjölmörgum staðlastofnunum.

Staðlaráð er fulltrúi Íslands í alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO og IEC, evrópsku staðlasamtökunum CEN, CENELEC og ETSI, og þátttakandi í norrænu stöðlunarsamstarfi INSTA.

**Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 6. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Laugavegi 170, 105 Reykjavík, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is

# Safnstjóri Listasafns Reykjavíkur

Reykjavíkurborg

LISTASAFN REYKJAVÍKUR — REYKJAVIK ART MUSEUM

**Laus er til umsóknar staða safnstjóra Listasafns Reykjavíkur. Starfið felst í stjórnun og rekstri listasafnsins í Hafnarhúsi, á Kjarvalsstöðum og í Ásmundarsafni í umboði Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar.**
**Leitað er að metnaðarfullum stjórnanda með skýra framtíðarsýn um öfluga starfsemi Listasafns Reykjavíkur.**

**Ábyrgðarsvið safnstjóra:**
- Safnstjóri ber ábyrgð á stjórnun og rekstri safnsins, þar með talið fjárhags- og starfsáætlunum, starfsmannamálum og á framkvæmd ákvarðana ráðsins og borgaryfirvalda
- Safnstjóri skipuleggur sýningar safnsins og sér um aðra faglega starfsemi þess
- Safnstjóri annast tengsl og samskipti við viðskiptavini safnsins og samstarfsaðila innan lands sem utan.

**Kröfur gerðar til umsækjanda:**
- Framhaldsmenntun á háskólastigi er tengist viðfangsefnum starfsins
- Þekking á myndlist og reynsla af lista- og menningarstarfi
- Stjórnunarhæfileikar og reynsla af stjórnun og rekstri
- Góðir forystu-, skipulags- og samskiptahæfileikar
- Góð tungumálakunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti
- Reynsla af alþjóðlegri samvinnu á vettvangi myndlistar

**Helstu verkefni Listasafns Reykjavíkur:**
Listasafn Reykjavíkur skal afla, skrá, varðveita og sýna listaverkaeign Reykjavíkurborgar, rannsaka íslenska myndlist og byggingarlist, sinna fræðslu um myndlist og byggingarlist, m.a. með sýningarhaldi, fyrirlestrum, leiðsögn, útgáfustarfsemi og útlánum verka til sýninga, og hafa umsjón með myndverkum á almannafæri í eigu borgarinnar. Safnið skal stuðla að því að borgarbúum og öðrum gestum safnsins sé gert kleift að fylgjast með þróun og helstu straumum og stefnum í myndlist innanlands og á alþjóðavettvangi.
Sjá www.listasafnreykjavikur.is

**Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur frá fyrri auglýsingu.**

**Í umsókn þarf að gera grein fyrir hvernig umsækjandi mætir öllum ofangreindum kröfum. Jafnframt er óskað eftir greinargerð að hámarki þrjár A4 blaðsíður þar sem umsækjandi lýsir framtíðarsýn sinni fyrir Listasafn Reykjavíkur.**

Kjör heyra undir kjaraákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar og um ráðningarréttindi viðkomandi gilda reglur um réttindi og skyldu stjórnenda hjá Reykjavíkurborg og samþykktir um Listasafn Reykjavíkur. Vakin skal athygli á að hér er um tímabundna ráðningu að ræða til fimm ára með möguleika á einni endurráðningu til fimm viðbótarára. Starfsemi Listasafns Reykjavíkur heyrir undir nýtt Menningar- og ferðamálasvið sem tók til starfa 1. febrúar 2005. Æskilegt er að nýr safnstjóri taki til starfa 1. júlí 2005. Staðan er auglýst alþjóðlega.

**Umsjón með ráðningu hafa Helga Jónsdóttir (helga@img.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 22. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Laugavegi 170, 105 Reykjavík, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is

# Störf í grunnskólum Reykjavíkur

## Borgaskóli, sími 577 2900
**Ræsting**, síðari hluta dags. 4 klst. tímamæld ákvæðisvinna.
**Stuðningsfulltrúi.**

## Engjaskóli, sími 510 1300
**Skólaliði.**

## Hólabrekkuskóli, sími 557 4466
Skólaliði, 50% staða.

## Hvassaleitisskóli, sími 570 8800
**Myndmenntakennsla,** 50% staða. Fyrir skólaárið 2005-2006.

**Upplýsingar veita skólastjórar, aðstoðarskólastjórar eða aðrir tilgreindir í viðkomandi skólum. Umsóknir ber að senda til viðeigandi skóla. Laun samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Nánari upplýsingar um laus störf, umsóknarfrest og grunnskóla Reykjavíkur er að finna á netinu.**

www.grunnskolar.is

Reykjavíkurborg — Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík, sími: 535 5000, fmr@reykjavik.is

Síminn



## Fosshótel auglýsir eftir fólki með ástríðu fyrir gestrisni til að starfa á sumarhótelum fyrirtækisins á komandi sumri. Eftirtalin störf eru í boði:

FOSSHÓTEL
- vinalegri um allt land
www.fosshotel.is

### Almenn sumarstörf á Fosshóteli
Reykholti, Bifröst, Áningu, Laugum, Húsavík, Hallormsstað, Vatnajökli, Mosfelli, Hlíð og Nesbúð.
- Herbergisþrif.
- Veitingasalur.
- Eldhús.
- Þvottahús.

Hæfniskröfur:
- Þjónustulund og umhyggjusemi.
- Gestrisni og sveigjanleiki.
- Áhugi og dugnaður.
- Vingjarnleiki.
- 18 ára lágmarksaldur.

### Móttökustörf á Fosshóteli
Reykholti, Bifröst, Áningu, Laugum, Húsavík, Hallormsstað, Vatnajökli og Mosfelli.
Hæfniskröfur:
- Reynsla af svipuðu starfi æskileg.
- Samskiptahæfileikar á að minnsta kosti 3 tungumálum.
- Þjónustulund og gestrisni.
- Tölvu-, bókalds- og skipulagsfærni.
- Vingjarnleiki.
- 20 ára lágmarksaldur fyrir dagvakt en 22 ára fyrir næturvakt.

**Einnig í afleysingar á næturvakt**
á Fosshóteli Lind í Reykjavík frá miðjum júní til miðs júlí.

### Matreiðsla á Fosshóteli
Reykholti, Bifröst, Áningu, Laugum, Húsavík, Hallormsstað og Vatnajökli.
Hæfniskröfur:
- Hæfni til að elda bragðgóðan mat.
- Skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Menntun og / eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Reynsla af innkaupum æskileg.
- Vingjarnleiki.

### Frístundaleiðbeinandi ferðamanna
á Fosshóteli Bifröst. Spennandi starf fyrir vingjarnlegan, skemmtilegan og þróttmikinn einstakling í góðu formi.
Hæfniskröfur:
- Þekking á íslenskri menningu og sögu.
- Geta til að syngja og leika á píanó / gítar.
- Frásagnargáfa og samskiptahæfileikar á að minnsta kosti 3 tungumálum.
- Að hafa gaman að útivist, svo sem göngu- og hjólreiðaferðum.
- Vingjarnleiki.
- 22 ára lágmarksaldur.

**Almennt skrifstofustarf frá 1. maí til 1. október**
á aðalskrifstofu í Reykjavík. Góð tungumálakunnátta nauðsynleg.

**Framtíðarstarf í bókhaldsdeild**
á aðalskrifstofu í Reykjavík. Reynsla af bókhaldsstörfum nauðsynleg. Navision kunnátta æskileg.

Fæði og húsnæði í boði á öllum hótelum nema Áningu, Mosfelli Húsavík og Hlíð. Umsóknareyðublöð má nálgast á **www.fosshotel.is** Umsækjendur eru sérstaklega beðnir um að tilgreina hvaða starf þeir sækja um og á hvaða hóteli. Nánari upplýsingar veitir Þórður B. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri, í síma 5624000 eða í gegnum tölvupóstfangið *thordur@fosshotel.is*

---

FERÐASKRIFSTOFA VESTURLANDS
VESTURLANDS TRAVEL BUREAU

## Ferðaskrifstofa – framtíðarstarf

Ferðaskrifstofa Vesturlands leitar að starfsmanni til almennra ferðaskrifstofustarfa. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri tölvukunnáttu, hafa gott vald á ensku og jafnframt er starfsreynsla á ferðaskrifstofu eða nám í ferðamálaskóla æskilegt. Starfið er laust nú þegar.

Umsóknir sendist til:
Ferðaskrifstofa Vesturlands,
Borgarbraut 59, 310 Borgarnesi.
Netpóstur: *karl@fv.is*

---

## Þjónustufulltrúi
### – lifandi umhverfi

- Ert þú jákvæður einstaklingur?
- Þykir þér gaman að mannlegum samskiptum?
- Viltu starfa í lifandi umhverfi?

Þá er þetta rétta starfið fyrir þig......

Stórt fjölmiðlafyrirtæki leitar að hæfum einstaklingi til starfa í áskriftadeild. Starfið felst í samskiptum við áskrifendur, reikningagerð og almennum skrifstofustörfum. Viðkomandi þarf að geta byrjað strax.

**Hæfniskröfur:**
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Reynsla af sölumennsku er kostur
- Jákvæðni og metnaður
- Tölvukunnátta

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á FBL, Skaftahlíð 24, 105 rvk. eða á netfangið box@frettabladid.is undir fyrirsögninni **„Þjónustufulltrúi – lifandi umhverfi"**

---

ICEIDA

Þróunarsamvinnustofnun Íslands auglýsir eftir

## STARFSNEMUM
### í samstarfslöndum stofnunarinnar í Afríku.

**Þróunarsamvinnustofnun Íslands auglýsir eftir ungu háskólafólki, sem áhuga hefur á starfsþjálfun í tengslum við þróunaraðstoð í samstarfslöndum stofnunarinnar í Afríku, en þau eru Namibía, Malaví, Mósambík og Uganda. Starfsþjálfunin mun hefjast í aprílmánuði komanda í Mósambík og Uganda og í júnímánuði í Namibíu og Malaví. Gert er ráð fyrir fimm mánaða samfelldri starfsþjálfun í hverju landi.**

Umsækjendur skulu hafa lokið grunnnámi í háskóla (BA eða BS gráðu). Mjög góð enskukunnátta er skilyrði svo og góð tölvukunnátta, þolinmæði og lipurð í mannlegum samskiptum. Þekking á þróunarstörfum og menningu þróunarlanda er ákjósanleg.

Nánari upplýsingar um ákjósanlega undirbúningsmenntun og starfsreynslu svo og um starfskjör er að finna á Starfatorgi **(starfatorg.is)** svo og á heimasíðu ÞSSÍ **(iceida.is).**

Mán - fös kl. 17:00 - 22:00
Góð laun + bónus og góð aðstaða.
**Getur hentað 18 ára - 70 ára +**
**Nánari upplýsingar: bm@bm.is**
**Sími 822 5052.**

**Konur nú er tækifæri !**
Vegna aukinna verkefna getum við bætt við okkur góðu kynningarfólki í verslanir. Sveigjanlegir vinnudagar eftir hádegi.
**Upplýsingar í síma 821 8550 Elín, alla daga vikunnar. Kynning og sala ehf.**

**Óskum eftir starfsfólki á dag- og kvöldvaktir**
Við hjá Skúlason leitum að fólki 18 ára og eldri við úthringingar í fjölbreytt og skemmtileg verkefni. Dag- og kvöldvaktir í boði. Almenn tölvukunnátta æskileg. Hafðu samband í síma 575 1500 og leggðu inn umsókn.
**Skúlason ehf, Laugavegi 26, s. 575 1500, www.skulason.is**

**Framtíðarstarf og sumarafleysingar**
AÐFÖNG óska eftir starfsmönnum í lagerstörf. Um er að ræða framtíðarstörf og einnig í sumarafleysingar.Við bjóðum upp á góða tekjumöguleika, góða vinnuaðstöðu og mötuneyti er á staðnum. Leitað er að kraftmiklum og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára og vilja framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.
**Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík. Upplýsingar gefur Ívar í síma 693-5602 alla virka daga milli 09:00 og 16:30**

**Þægilegar morgun ræstingar**
Viljum ráða 2 hressar ræstingamanneskjur til léttra ræstinga í nálægð við Mosfellsbæ. Fjölbreytt og skemmtilegt starf, sem unnið er fyrir hádegi alla virka daga frá kl. 08:00. Í boði er bílastyrkur og fín afkastatengd laun.
**Sækja þarf um á www.hreint.is eða í síma 554-6088 skrifstofutíma.**




Snyrtifræðingur með meistararéttindi óskast. Áhugasamir hafið samband í síma 8691078 eða sendið póst á buni@toppnet.is

Óskum eftir að ráða kröftugan og frískan starfskraft í hamborgaraframleiðslu og þrif. Uppl. í s. 894 4982.

Okkur vantar fólk í móttöku og í herbergisþrif. Upplýsingar í síma 568 0777.

Leitum af starfsmanni sem er jákvæður, glaðlyndur reglusamur með reynslu/menntun í vélsmiðju staðsetta í Hafnarfirði. áhugasamir sendið okkur póst á : smidjan@xnet.is með helstu upplýsingum.

RIZZO Pizzeria óskar eftir dugmiklu starfsfólki, nánari upplýs. á staðnum Hraunbæ 121.

**Bónus í Kjörgarði !**
Bónus vantar starfsmann til afgreiðslu á kassa, í hlutastarf og fullt starf, í verslun fyrirtækisins í Kjörgarði við Laugaveg. Áhugasamir sæki um hjá verslunarstjóra eða á bonus.is.

VDO verkstæðið óskar eftir framtíðarstarfsmanni á verkstæði. Áhugasamir sendi póst á verslun@vdo.is eða í hringið í s. 588 9747 eða komið í Borgartún 36.

**Málarar-sandsparslarar**
K.J. Málun ehf. óskar eftir að ráða starfsmenn vana sandspörslun og málun. Uppl. í s. 861 0006.

Xit Hárstofa getur bætt við sig hressum klippurum í vinnu eða stólaleigu, einnig vantar góða nema, uppl. gefur Svava í s. 564 6444/692 0028.

Vantar rafvirkja í vinnu. Upplýsingar í síma 862 5747.

Vantar vant starfsfólk í fiskvinnslu, lyftararéttindi æskileg. Þarf að geta hafið störf strax. Uppl. í s. 893 3185 & 897 9235.

VANTAR FÓLK sem hefur áhuga á heilsu og aukatekjum. www.heilsufrettir.is/aukatekjur

**Sjómenn ATH!**
Háseta og vélavörð vantar á 200 tonna netabát sem stundar veiðar frá Grindavík. Uppl. í s. 852 2388, 863 2692 & 863 6665

Meðferðarheimilið að Hvítárbakka vantar starfskrafta. Hvítárbakki er langtímameðferðarheimili, þar sem unglingum með verulega hegðunarröksun, afbrotahneigð og/eða vímuefnavanda að stríða er veitt sérhæfð meðferð. Þar dvelja að jafnaði 6 unglingar á aldrinum 13-18 ára. Leitum að ungu fólki með hugsjónir og kraft. Bjóðum upp á starf í öflugu meðferðarumhverfi með reyndu fólki. Áhugasamir sendi umsóknir til Meðferðarheimilisins að Hvítárbakka, 311 Borgarnes fyrir 10. mars næstkomandi. Nánari upplýsingar veitir Sigurður í síma 435 1530 eða 8613260.

## Atvinna óskast

Rafvirki óskar eftir vinnu sem fyrst. Hef mikla reynslu. Uppl. í síma 663 5538.

Heimilishjálp. Get tekið að mér þrif í heimahúsum (og eldamennsku ef óskað er eftir) og stigagöngum. S. 848 7788.

Karlmaður á besta aldri óskar eftir vinnu, er af gamla skólanum og tilbúinn að vinna mikið. Mjög góð meðmæli, B vinnuvélapróf. S. 694 8121.

**HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA**
*- heilshugar um þinn hag -*
Suðurlandsbraut 50 · bláu húsin v/Faxafen · 108 Reykjavík

**533 4300**

Ingvaldur Mar Ingvaldsson · viðskiptafræðingur
Símar 513-4319 & 821-2577 · ingvaldur@husid.is

**TIL SÖLU...**

**SKYNDIBITASTAÐUR**
margþættar veitingar, góð staðsetning, góð fyrstu kaup.

**TIL LEIGU GISTIHÚS**
utan höfuðborgarsvæðið, 17 herbergi og veitingarrekstur. Áhugaverður kostur fyrir þá sem eru með góðar hugmyndir en vilja lágmarka áhættu.

**HÁRSNYRTISTOFA**
með langa sögu, góð staðsetning og viðskiptavild, þægileg fyrstu kaup.

**HEILDSALA**
með þekkt merki í hársnyrtivörum, fullt starf fyrir eina manneskju, fín viðbót fyrir stærri aðila.

**VEITINGAHÚS**
staðsett í fallegu bæjarfélagi á landsbyggðinni, tvo húsnæði, er sem stendur aðallega rekið yfir sumartímann.

**VEITINGARSTAÐUR**
með áherslu á heimilismat í hádeginu og útkeyrðan bakkamat.

**AUGLÝSINGASTOFA**
og útgáfa, vegna persónulegra ástæðna. Miklir möguleikar, verksamningar fylgja. Góður starfsgrundvöllur með mikla möguleika á alþjóðlegum vettvangi.

**VIÐGERÐAR OG DEKKJAVERKSTÆÐI**
í fullum rekstri, glæsilegt húsnæði, tvær innkeyrsludyr, góð staðsetning. Fín eining fyrir tvær manneskjur.

**LÍTILL EN FJÁRHAGSLEGA TRAUSTUR AÐILI ÓSKAR EFTIR RÆSTINGARFYRIRTÆKJUM TIL KAUPS, ÞARF AÐ VERA MEÐ SKRIFLEGA SAMNINGA UM VERKEFNI.**

**SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS**
*Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali*

**SUNNUBRAUT 17-GARÐINUM**

Stærð eignar: 110 fm
Fjöldi herb.: 4
Byggingarár: 1977
Brunab.mat: 19,9 millj.
Verð: 14,4 millj.

Halla Ruth
S. 820-2188
halla@remax.is





Í NÁLÆGÐ VIÐ NÁTTÚRUNA: Snoturt 173,6fm. einbýli m/bílskúr. Gengið er inn í flísalagt andyri. Góð stofa m/útgengi í garð. Baðh. flísalagt,m/hita í gólfi, baðkar.3 svefnh. með góðum skápum. Flísalagt eldhús, flísar milli innréttinga. Stór vel hirt lóð. Þvottah.m/hita í gólfi. Ca. 5 mín.gangur í alla þjónustu.

RE/MAX Búi
Sigurður Guðmundsson löggildur fasteignasali

**SAMLESNAR AUGLÝSINGAR**
90,9 | 98,9 | vísir | FRÉTTABLAÐIÐ | 90,9 | 98,9 | vísir

Miðasala hefst í dag í Smárabíó á undanúrslitar og úrslitarkvöld Idol Stjörnuleitar klukkan 13:30.
Takmarkað magn af miðum
Hámark 4. miðar á mann.
**Stöð2.**

Segðu mér allt, eftir Kristínu Ómarsdóttur
Sýning í kvöld
**Borgarleikhúsið**

Missið ekki af Belgísku Kongó
Örfáar aukasýningar
**Borgarleikhúsið**

Útsala. Fjallalambs Lambahryggur aðeins 849 kílóið
**Kaupmannsbúðirnar**
**Þín Verslun**

Opið í dag.
**Nýja Bílahöllin**

Útsala. Fjallalambs Lambalæri aðeins 798 kílóið
**Kaupmannsbúðirnar**
**Þín Verslun**

Harpa-Sjöfn helgarvakt.
Opið til kl. 17
**Harpa-Sjöfn Skeifunni**




# Flestar fasteignir á visir.is



## Leitaðu þar sem úrvalið er mest

Fasteignavefur Vísis er með flestar fasteignir á skrá af öllum fasteignavefjum landsins, samkvæmt talningu 11. - 17. október.

- Ný og betri leitarvél
- Flestar skráðar fasteignir
- Markvissari leit
- Mesta úrvalið - örugg niðurstaða

vísir
...UM ALLT!

# ÍBR rifjar upp sögu Melavallar

Stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR) hefur beitt sér fyrir því að Melavallar í Reykjavík verði minnst með ýmsum hætti, en völlurinn var um árabil þjóðarleikvangur Íslendinga. Telur ÍBR hann verðskulda, bæði af sögulegum og minningarlegum ástæðum, að hans verði minnst á þann hátt að hann falli ekki í gleymsku.

Ákveðið hefur verið að reisa minnismerki um Melavöllinn og í framhaldi af því verða sett upp upplýsingaspjöld þar sem völlurinn stóð þar sem fólk getur kynnt sér sögu vallarins. Eins hefur verið ákveðið að gera heimildarmynd um Melavöllinn og stendur yfir söfnun á efni í hana. Er þar bæði falast eftir gömlum ljósmyndum eða filmubútum og frásögnum og reynslusögum af vellinum. Söfnunarátakið stendur fram í júlí, en ábendingar má senda á tölvupóstfangið saga@melavollur.is.

Þá hefur verið hleypt af stokkunum nýjum vef, www.melavollur.is. „Tilgangurinn með honum er að safna og varðveita minningar sem tengjast Melavellinum. Á vefnum verður hægt að nálgast upplýsingar, myndir og frásagnir frá vellinum,“ segir í tilkynningu Íþróttabandalagsins og eru allir þeir sem mögulega eiga minningar tengdar Melavelli hvattir til að „dusta nú rykið af öllum þeim gersemum sem tengjast sögu Melavallarins“ þannig að þjóðin fái notið þeirra. ÍBR ber ábyrgð á vefnum og sér um rekstur hans, en nánari upplýsingar er að finna á vefnum sjálfum. ■



**REYKJAVÍK 1961** Séð yfir Háskóla Íslands, Þjóðminjasafnið, Suðurgötu og Melavöll árið 1961. Myndin er í eigu Ljósmyndasafns Reykjavíkur.



**MELAVOLLUR.IS** Á nýjum vef tileinkuðum Melavelli er hægt að skoða gamlar myndir frá vellinum, en til stendur að fjölga þeim auk þess sem safna á sögum sem tengjast Melavelli.

tilboðsdagar
Opið í dag frá kl. 13-16
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375




Viltu verða þolfimi- eða spinningkennari?
Inntökupróf í Hreyfingu laugardaginn 5. mars kl. 14.00
Tilvalið tækifæri fyrir t.d. fimleikafólk, þolfimiiðkendur, dansara, áhugafólk um hjólreiðar ofl.
Einstakt tækifæri!
ÓKEYPIS NÁMSKEIÐ OG ÞJÁLFUN
Valdir verða aðilar úr hópi þátttakenda sem hljóta frítt þolfimikennaranámskeið og þjálfun í framhaldi. (Verðmæti u.þ.b. 130.000)
Ekki missa af þessu! Láttu skrá þig núna í síma **568 9915** eða sendu nafn, kennitölu og símanúmer með tölvupósti hreyfing@hreyfing.is
Eina skilyrðið er að þú sért 20 ára eða eldri.
FABRIKAN
HREYFING
Faxafeni 14 568 9915 www.hreyfing.is




Páskaferðir:
Kanaríeyjar Uppselt!
Kúba Uppselt!
Benidorm/Albir 19. mars - 12 nætur
Portúgal 17. mars - 12 nætur
Dublin 24. mars - 4 nætur
Benidorm, 19. mars - 12 nætur
Netverð frá 49.900 kr.*
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2ja til 11 ára í íbúð m/2 svefnh. á La Colina. 59.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna í stúdíói.
Portúgal, 17. mars - 12 nætur
Netverð frá 54.900 kr.*
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2ja til 11 ára í íbúð m/2 svefnh. á Ondamar. 72.329 kr. á mann m.v. 2 fullorðna í stúdíói.
Dublin, 24. mars - 4 nætur
Netverð frá 50.320 kr.*
á mann í tvíbýli á Juris Inn hótelinu.
Vorferðir:
Benidorm 31. mars - 11 nætur
Portúgal 29. mars - 12 nætur • 10. apríl - 8 nætur 18. apríl - 9 nætur
Vorferðir Úrvalsfólks:
Benidorm 11. apríl - 37 nætur
Portúgal 27. apríl - 27 nætur
Benidorm, 11. apríl - 37 nætur á La Colina. Verð frá 74.900 kr.* á mann m.v. 2 fullorðna í stúdíói.
Portúgal, 27. apríl - 27 nætur á Brisa Sol eða Paraiso de Albufeira. Verð frá 95.200 kr.* á mann m.v. 2 fullorðna í stúdíói.
*Innifalið: Flug, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.
Allt verð er netverð nema vorferðir Úrvalsfólks.
Bóka þarf og greiða staðfestingargjald, eða fullgreiða ferð á netinu. Ef bókað er símleiðis eða á skrifstofu, greiðist bókunar- og þjónustugjald, sem er 2.000 kr. á mann.
VISA
Færð þú MasterCard ferðaávísun?
VR orlofsávísun Munið ferðaávísunina
Lágmúla 4: 585 4000
Akureyri: 460 0600 • Vestmannaeyjum: 481 1450
www.urvalutsyn.is
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS URV 27454 02/2005

## Auglýsingastandar í miklu úrvali á frábæru verði



**Auglýsinga/gardínustandur Einfaldur eða tvöfaldur**

Frístandandi rúllustandur úr áli. Þægilegur og fyrirferðalítill. Plakatinu er rúllað inn í standinn og geymist þar.



Sogskála-festingar fyrir ýmis skilaboð

**Raðstandur**

Ódýr frístandandi auglýsingastandur. Hægt er að raða nokkrum stöndun saman sem mynda eina mynd.



Ljósakassar á vegg í ýmsum stærðum

**Tilbúnir ljósakassar**

Frístandandi ljósakassar með merkingum báðu megin.



**Sýningarveggur**

Þessi er frábær fyrir sýningar eða ýmsar kynningar. Þægilegur og fyrirferðalítill.



**Sýningarbásar/Ráðstefnur**

Ferró setur upp sýningarbása fyrir stórar sem smáar sýningar. Einnig leigjum við út aukahluti t.d. stóla, kynningarborð, plakatastanda o.fl.

ferró Skiltagerð

Langholtsvegi 130 • Sími 553 3553
www.ferroehf.is • ferro@ferroehf.is


# Hverjir hreppa Óskarinn?

Það stefnir í harða baráttu í mörgum flokkum á Óskarsverðlaunahátíðinni sem verður haldin hátíðleg í 77. sinn í Hollywood í nótt. Stórmynd Martin Scorsese, The Aviator, er tilnefnd til ellefu verðlauna. Er hún talin líklegust til að verða fyrir valinu sem besta myndin auk þess sem Scorsese er sagður eiga mikla möguleika á að hreppa styttuna fyrir leikstjórn sína. Yrði það í fyrsta sinn sem þessi virti leikstjóri fengi þessi eftirsóttu verðlaun eftir að hafa þurft að horfa eftir þeim í fjórgang. Gamli jaxlinn Clint Eastwood mun líklega veita honum hörðustu keppnina fyrir boxmynd sína Million Dollar Baby, sem er tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna. Er hún einnig talin eiga næstmesta möguleika á að verða valin besta myndin.

Flestir gagnrýnendur telja að Jamie Foxx og Hilary Swank verði fyrir valinu sem bestu aðalleikarar fyrir hlutverk sín í Ray, sem fjallar um ævi blinda tónlistarmannsins Ray Charles, og Million Dollar Baby. Hinn þeldökki Don Cheadle, sem sló í gegn í Boogie Nights, er sagður líklegur til standa uppi í hárinu á Foxx fyrir frammistöðu sína í Hotel Rwanda en oftast er það samt þannig að hlutverk sem lýsa einhvers konar fötlun eru vænlegust til árangurs hjá Óskarsakademíunni. Samkvæmt því á Foxx sigurinn nokkuð vísann.

Hilary Swank mun etja kappi á nýjan leik við Annette Bening en þær börðust einnig um Óskarinn árið 1999 þegar Swank varð fyrir valinu fyrir Boys Don't Cry. Bening, sem er tilnefnd fyrir hlutverk sitt sem virt sviðsleikkona í Being Julia, vann Golden Globe-verðlaunin á dögunum eins og Swank og því er líklegast að keppnin standi á milli þeirra.

Margir gagnrýnendur telja að frammistaða Morgan Freeman í aukahlutverki í Million Dollar Baby verðskuldi Óskarinn. Yrði það í fyrsta sinn í fjórum tilraunum sem Freeman fengi styttuna gljáfægðu. Thomas Haden Church er sagður helsti andstæðingur hans fyrir hlutverk sitt í gæðamyndinni Sideways, sem er tilnefnd til fimm verðlauna. Jamie Foxx er einnig tilnefndur fyrir hlutverk sitt í Collateral en væntanlega fær hann aðeins ein verðlaun í nótt.

Í aukahlutverki í kvennaflokki er Cate Blanchett talin líklegust fyrir túlkun sína á Katharine Hepburn í The Aviator. Virginia Madsen þykir einnig hafa staðið sig framúrskarandi í Sideways, eins og hin unga Natalie Portman í Closer. Loks er The Incredibles, sem er tilnefnd til fernra verðlauna, sögð líklegust til að hreppa hnossið sem besta teiknimyndin.

Gaman verður að fylgast með Íslandsvininum Morgan Spurlock og hinum íslenskættaða Pétri Hlíðdal keppa um Óskarinn í nótt. Spurlock, sem kom hingað til lands í sumar, er tilnefndur fyrir heimildarmyndina Super Size Me þar sem hart var deilt á McDonald's-hamborgarakeðjuna en Pétur er ásamt öðrum tilnefndur fyrir hljóðið í myndinni The Aviator. Áfram Ísland! ■






**HILARY SWANK** Hilary Swank gæti fengið Óskarsverðlaunin í annað sinn fyrir aðalhlutverkið í Million Dollar Baby.



**RAY** Jamie Foxx þykir líklegur til að hreppa Óskarinn fyrir hlutverk sitt í Ray.



**MARTIN SCORSESE** Leikstjórinn virti hefur þurft að bíða lengi eftir Óskarnum. Mun biðinni ljúka í nótt?

## HELSTU ÓSKARSTILNEFNINGARNAR:

**Besta mynd:**
- The Aviator
- Finding Neverland
- Million Dollar Baby
- Ray
- Sideways

**Besti leikstjóri:**
- Martin Scorsese — *The Aviator*
- Clint Eastwood — *Million Dollar Baby*
- Taylor Hackford — *Ray*
- Alexander Payne — *Sideways*
- Mike Leigh — *Vera Drake*

**Besti leikari í aðalhlutverki:**
- Don Cheadle — *Hotel Rwanda*
- Johnny Depp — *Finding Neverland*
- Leonardo DiCaprio — *The Aviator*
- Clint Eastwood — *Million Dollar Baby*
- Jamie Foxx — *Ray*

**Besta leikkona í aðalhlutverki:**
- Annette Bening — *Being Julia*
- Catalina Sandino Moreno — *Maria Full of Grace*
- Imelda Staunton — *Vera Drake*
- Hilary Swank — *Million Dollar Baby*
- Kate Winslet — *Eternal Sunshine of the Spotless Mind*

**Besti leikari í aukahlutverki:**
- Alan Alda — *The Aviator*
- Jamie Foxx — *Collateral*
- Morgan Freeman — *Million Dollar Baby*
- Thomas Haden Church — *Sideways*
- Clive Owen — *Closer*

**Besta leikkona í aukahlutverki:**
- Cate Blanchett — *The Aviator*
- Laura Linney — *Kinsey*
- Virginia Madsen — *Sideways*
- Sophie Okonedo — *Hotel Rwanda*
- Natalie Portman — *Closer*

**Besta erlenda mynd:**
- As It Is in Heaven
- The Chorus
- Downfall
- The Sea Inside
- Yesterday

**Besta frumsamda handrit:**
- The Aviator
- Eternal Sunshine of the Spotless Mind
- Hotel Rwanda
- The Incredibles
- Vera Drake

**Besta teiknimynd:**
- The Incredibles
- Shark Tale
- Shrek 2

ÓMISSANDI

**Sjónvarpsfólkið Sigríður Arnardóttir og Snorri Már Skúlason völdu þrjá ómissandi hluti.**



**Snorri Már Skúlason** er verkefnisstjóri fyrir enska boltann á Skjá einum. Starf hans felst í ýmsu, allt frá því að panta gervihnött yfir í að lýsa í útsendingum. „Það er mikið stúss í kringum þetta starf en þó er stund milli stríða hjá mér um helgina og ég ætla að skjótast til Austurríkis á skíði.“



**Fartölvan** Þetta er orðið bæði vinnutæki og samskiptatæki númer eitt. Maður er óttalega lamaður og getur lítið gert án þessa tækis. Ég finn það helst þegar eitthvað bilar, ef nettenging klikkar get ég ekki unnið og liggur við að ég sitji bara aðgerðarlaus.



**Gleraugun** Ég er reyndar alltaf að týna þeim en geri það sem betur fer bara heima hjá mér eða í vinnunni svo ég finn þau aftur. Ég kemst lítið án þeirra og þó ég sé ekki með mikla sjónskekkju er þetta orðinn stór hluti af manni. Bæði svo maður sjái sína heittelskuðu og bara allt lífið.



**Bíllinn** Þetta er svipað og með tölvuna, ég er það mikið á ferðinni og mikill þvælingur á mér á hverjum degi svo jeppinn er nauðsynlegur. Þetta er líka fjölskyldufarartækið. Ég þarf að sækja og keyra krakkana svo án bílsins væri þetta afskaplega erfitt.



**Sigríður Arnardóttir** er þáttastjórnandi sjónvarpsþáttarins Fólk með Sirrý og var á þönum við að taka upp kynningu fyrir næsta þátt. „Næsti þáttur verður um hjónaskilnaði og við erum búin að lokka ungan mann til að leika fyrir okkur. Honum verður hent út af svölum og hann sést þar sem hann er að tína upp fötin sín í Hagkaupsplastpoka.“



**Giftingarhringurinn** Mér finnst hann svo yndislegt tákn í lífinu. Hann er mér mjög mikilvægur því ég á svo góðan mann sem ég hef verið með í tuttugu ár núna. Hringurinn er tákn um eitthvað gott.



**Tannburstinn** Hvernig væri eiginlega lífið án tannbursta? Það fyrsta sem ég geri á morgnana er að bursta tennurnar og það síðasta sem ég geri áður en ég fer í rúmið á kvöldin. Tannburstinn er alveg gríðarlega mikilvægur og gerir góðan dag enn betri.



**Fjölmiðlarnir** Ég gæti ekki hugsað mér dag án útvarps og blaða. Ég vil að dagurinn byrji með útvarpi og blöðunum og endi einnig með þeim. Ég byrja alltaf á því að kveikja á útvarpinu og lesa Fréttablaðið, svo er Skjár einn alltaf góður í lok dagsins. Ég verð að hafa fjölmiðlana í mínu lífi.

# Saga af… vana

SIGURJÓN M. EGILSSON
sigurjon@frettabladid.is



NÝJAR ÍSLENSKAR ÞJÓÐSÖGUR *með Sigurjóni*

Sæmundur Guðvinsson blaðamaður er sögumaður góður. Hann sagði mér eitt sinn ágæta sögu, sögu um hversu vaninn getur verið sterkur hjá okkur. Sæmundi sagðist frá eitthvað í þessa veru.

Sæmundur sagðist hafa verið að ganga upp Laugaveg síðdegis á föstudegi. Í einum bílanna sat kunningi Sæmundar. Þeir sáu hvorn annan og tóku að spjalla. Eins og stundum gerist dróst samtalið á langinn, svo fór að Sæmundur settist inn í bílinn og spjallið hélt áfram. Það var komið sumar og Sæmundur spurði kunningjann hvað hann ætlaði að gera í sumarfríinu. Hann sagði þau hjónin vera komin í frí, þau væru að fara til sólarlanda strax eftir helgi og bæði hlökkuðu mikið til. Kunninginn fór nokkrum spennandi orðum um það sem beið þeirra hjóna. Sæmundur var bara á leið til vinnu þennan föstudag, eftir að hafa rekið erindi í miðborginni, og hafði ekki ráðgert neitt sumarfrí.

Aftur fór samtalið í pólitíkina og annað hefðbundið, jafnvel veðrið. Eftir nokkuð langa stund spyr Sæmundur kunningjann hvað hann sé að gera í kyrrstæðnum bílnum á Laugavegi.

Hann sagðist vera að sækja konuna, hún ynni skammt frá og þetta gerði hann alla daga. Spjallið hélt áfram, samt var eitthvað sem angraði Sæmund meðan hann bæði hlustaði og horfði á kunningjann. Ljósið kviknaði. Sagðir þú ekki áðan, stundi Sæmundur í hálfum hljóðum, að konan þín væri komin í sumarfrí?

Jú, svaraði kunninginn, fórum bæði í frí í gær. Erum að fara til sólarlanda eins og ég sagði þér áðan.

En hvað ertu þá að gera hér, spurði Sæmundur, er konan ekki heima?

Fjandi, sagði maðurinn, kvaddi Sæmund og ók af stað eins hratt og Laugavegur leyfði síðdegis á föstudegi.


BRJÁLUÐ VERÐLÆKKUN Á BÍLABRJÁLÆÐI Í SMÁRALIND





Nú höfum við lækkað verðið enn meira. Komdu og við hjálpum þér að finna rétta bílinn fyrir þig.

100% LÁN Á VÖLDUM BÍLUM

Opið 10 til 18 virka daga
10 til 16 laugardaga
12 til 16 sunnudaga

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

# sport

sport@frettabladid.is

**Við hrósum ...**

... ÍR og Stjörnunni fyrir vasklega framkomu í Höllinni og óskum þeim til hamingju með bikarmeistaratitilinn. Bæði félög hafa lagt mikla áherslu á unglingastarf og eru að uppskera titil á sínum uppöldu leikmönnum.



**Við skiljum ekki ...**

... af hverju Erlendur Ísfeld, þjálfari Stjörnunnar, tók leikhlé 47 sekúndum fyrir lok bikarúrslitaleiksins þegar hans stúlkur voru 14 mörkum yfir. Það þykir okkur ekki íþróttamannsleg framkoma að strá salt í sárin hjá ungu liði Gróttu/KR, sérstaklega þar sem tilgangurinn gat ekki verið annar en að lítillækka mótherjann enn frekar.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

21 22 23 **24** 25 26 27

**Laugardagur**

### LEIKIR

- 13.05 **Breiðablik** og **Grindavík** eigast við í Fífunni í deildarbikar karla.
- 15.00 **Þróttur R.** og **FH** eigast við í Fífunni í deildarbikar karla.
- 16.00 **Víkingur** og **Þór Ak.** mætast í Víkinni í DHL-deild karla í handbolta.
- 19.00 **Fylkir** og **Valur** eigast við í Egilshöll í deildarbikar karla í knattspyrnu.
- 19.15 **Haukar** og **Skallagrímur** eigast við á Ásvöllum í Intersportdeildinni í körfuknattleik.
- 19.15 **KFÍ** og **Hamar/Selfoss** eigast við á Ísafirði í Intersportdeildinni í körfuknattleik.
- 19.15 **Keflavík** og **Njarðvík** eigast við í Keflavík í Intersportdeildinni í körfu.
- 19.15 **KR** og **Snæfell** eigast við í DHL-höllinni í Intersportdeildinni í körfu.
- 19.15 **Tindastóll** og **Fjölnir** eigast við á Sauðárkróki í Intersportdeildinni.
- 19.15 **ÍR** og **Grindavík** eigast við í Seljaskóla í Intersportdeildinni í körfu.

### SJÓNVARP

- 12.55 **Newcastle – Bolton** á Skjá einum.
- 14.15 **Eiður Smári – 200 leikir** á Sýn.



- 14.45 **Enski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá **Liverpool – Chelsea** í úrslitaleik enska deildarbikarins.
- 19.20 **Ítalski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Inter** og **AC Milan**.
- 21.20 **NBA** á Sýn. Bein útsending frá leik **New Jersey Nets** og **Cleveland Cavaliers**.
- 21.35 **Helgarsportið** á Rúv.

# Bikarinn í Breiðholtið

ÍR-ingar unnu fyrsta handboltatitil félagsins í 59 ár þegar þeir unnu sex marka sigur á HK í bikarúrslitaleiknum í Laugardalshöllinni í gær.



**SIGURTILFINNINGIN** Hugsuðir ÍR-liðsins fagna sigri; Júlíus Jónasson þjálfari, Hannes Jónsson leikstjórnandi og Finnbogi Sigurbjörnsson aðstoðarþjálfari. Fréttablaðið/Pjetur

**HANDBOLTI** ÍR-ingar unnu fyrsta bikarmeistaratitil félagsins í Laugardalshöllinni í gær þegar þeir með samhentu liðsátaki lokuðu leiðum fyrir HK-inga og unnu góðan 6 marka sigur, 38–32 þökk sé góðri vörn, frábærri markvörslu og 15 hraðaupphlaupsmörkum. ÍR hafði þrjú mörk yfir í hálfleik, 18–15.

HK hafði unnið deildarleik liðanna með sjö mörkum á dögunum en maður leiksins, Ingimundur Ingimundarson, lagði línurnar fyrir sína menn í upphafi leiks og þegar Breiðhyltingar fóru að uppskera hraðaupphlaupsmörk um miðjan hálfleikinn breyttist leikurinn í eltingarleik fyrir HK. Vörnin og markvörðurinn Ólafur Gíslason unnu vel saman og liðið sýndi mikla áræðni í hröðum sóknum.

„Við spiluðum mjög góða vörn og vorum með mjög góða markvörslu, við fengum hraðaupphlaupin sem hjálpaði okkur mikið. Auðvitað vorum við að spila vel í sókn og vorum búnir að undirbúa hana vel fyrir leikinn og þannig séð bæta það sem fór illa í deildarleiknum hjá okkur. Menn voru virkilega tilbúnir og þá er ég ekki að meina líkamlega heldur andlega. Þeir voru mjög „kúl“ fyrir leikinn og maður hefði ekki miklar áhyggjur þegar maður var að tala við þá fyrir leikinn því þeir voru tilbúnir í slaginn,“ sagði Júlíus Jónasson, þjálfari ÍR, sem var að vinna sinn fyrsta titil sem þjálfari.

Ingimundur Ingimundarson var frábær í leiknum, bæði í vörn og sókn, en eins ber að geta hægri vængsins, þeirra Bjarna Fritzsonar og Ragnars Más Helgasonar, sem fundu endalausar leiðir í gegnum HK-vörnina. ÍR-vörnin lék öll mjög vel og fyrir aftan hana varði Ólafur Haukur Gíslason frábærlega auk þess sem Hreiðar Levy Guðmundsson bætti um betur þegar hann kom í markið síðustu 10 mínúturnar.

HK-ingar réðu ekki við hraðar sóknir ÍR-inga og þessi ellefu mörk sem ÍR skoraði umfram HK í hraðaupphlaupum voru algjör úrslitaþáttur í lokastöðu leiksins.

„Vörnin var ekki góð og við náum aldrei að komast almennilega inn í leikinn. Við vorum ekki nógu grimmir og ÍR-ingar spiluðu miklu betri vörn,“ sagði Björgvin Páll Gústavsson, markvörður HK-liðsins, sem átti fá svör við baráttuglöðu liði Breiðhyltinga í gær.

- óój/sj

### ŞTÆRSTU SIGRAR Í BIKARÚRSLITALEIK KVENNA:

| | |
|---|---|
| **2005** | **+14** |
| Stjarnan–Grótta/KR | 31–17 |
| **1982** | **+10** |
| Fram–ÍR | 19–9 |
| **1980** | **+9** |
| Fram–Þór Ak. | 20–11 |



**SIGURHRINGURINN** Hér til hægri sjást tvær af bestu leikmönnum Stjörnunnar, Anna Blöndal og Ásdís Sigurðardóttir, hlaupa sigurhringinn með bikarinn í leikslok. Fréttablaðið/Pjetur

Stjarnan bikarmeistari kvenna í fjórða sinn í gær:

# Stærsti sigur sögunnar

**HANDBOLTI** Stjörnukonur urðu bikarmeistarar í fjórða skiptið frá upphafi og í fyrsta sinn í sjö ár þegar þær unnu 14 marka metsigur á Gróttu/KR, 31–17, í bikarúrslitaleik SS-bikars kvenna í Laugardalshöllinni í gær. Stjarnan hafði 11 mörk yfir í hálfleik, 18–17.

„Þær eru að keyra á okkur allan tímann, voru sterkar í hraðaupphlaupunum og við áttum mjög erfitt með að stöðva þær í þeim. En stelpurnar þurfa ekkert að hengja haus, þetta er frábært lið sem á framtíðina fyrir sér en þær mættu bara mjög sterku liði í dag,“ sagði Kári Garðarsson, þjálfari Gróttu/KR, eftir leikinn.

Stjörnuliðið skoraði 13 mörk gegn tveimur á 20 mínútna kafla í fyrri hálfleik og komst í 5–15 og eftir það var leikurinn nánast búinn. Anna Blöndal, fyrirliði Stjörnunnar, átti mjög góðan leik í vörn og sókn sem og Ásdís Sigurðardóttir en eins varði Jelena Jovanovic vel í markinu og allt liðið var að spila vel og saman sem einn maður. Hið unga lið Gróttu/KR átti aldrei möguleika í þessum leik, trúna vantaði og fjarvera Önnu Úrsulu Guðmundsdóttur virtist ræna liðið öllu sjálfstrausti.

„Ég segi nú ekki að getumunurinn sé svona mikill á liðunum en á góðum degi vil ég meina að við séum með smá forskot á þær. Það er 10 stiga munur á þessum liðum í deildinni en munurinn er samt ekki svona mikill. Við náðum að halda einbeitingunni nánast allan tímann. Stelpurnar vissu upp á hár hvað þær þyrftu að gera, hvernig þær ættu að gera það og ég þurfti lítið að gera hér í dag því sú vinna var öll búin. Þetta rúllaði bara eins og smurð vel,“ sagði Erlendur Ísfeld, þjálfari Stjörnunnar, eftir leikinn.

- óój/sj

## HK 32-38 ÍR

**HK** **ÍR**

### SAMANBURÐUR

| | |
|---|---|
| Skotnýting | 51%–66% |
| Tapaðir boltar | 12–13 |
| Hraðaupphlaupsmörk | 4–15 |
| Brottvísanir (mínútur) | 8–12 |
| Varin skot | 13–23/1 |
| Varin skot í vörn | 0–5 |
| Víti fengin (nýting) | 5 (40%)–6 (50%) |

### TÖLFRÆÐI HK:

**MÖRK–SKOT (STOÐSENDINGAR)**

| | |
|---|---|
| Valdimar Þórsson | 8/1–17/2 (4) |
| Ólafur Víðir Ólafsson | 5/1–7/2 (5) |
| Elías Már Halldórsson | 4–6 (0) |
| Tomas Eitutis | 4–7 (4) |
| Karl Magnús Grönvold | 4–9 (2) |
| Augustas Strazdas | 3–11/1 (5) |
| Ragnar Þór Ægisson | 2–2 (0) |
| Alexander Arnarsson | 2–3 (0) |
| Brynjar Valsteins | 0–1 (1) |

**VARIN SKOT**

| | |
|---|---|
| Björgvin Páll Gústavsson | 10–36/2 (28%) |
| Hörður Flóki Ólafsson | 3–15/1 (20%) |

### TÖLFRÆÐI ÍR:

**MÖRK–SKOT (STOÐSENDINGAR)**

| | |
|---|---|
| Ragnar Már Helgason | 8–10 (0) |
| Tryggvi Haraldsson | 6–7 (0) |
| Ólafur Sigurjónsson | 6/1–9/1 (0) |
| Ingimundur Ingimundarson | 6–10/1 (9) |
| Bjarni Fritzson | 4–6 (8) |
| Fannar Þorbjörnsson | 4–6 (3) |
| Hannes Jón Jónsson | 4/2–9/4 (4) |
| Hreiðar Levy Guðmundsson | 0–1 (0) |

**VARIN SKOT**

| | |
|---|---|
| Ólafur Haukur Gíslason | 19–47/1 (40%) |
| Hreiðar Levy Guðmundss. | 4/1–8/2 (50%) |

**HVAÐAN KOMU MÖRKIN**

| | |
|---|---|
| Langskot | HK 9 – ÍR 5 |
| Úr hornum | 10–5 |
| Af línu | 3–5 |
| Með gegnumbroti | 4–5 |
| Úr hraðaupphlaupum | 4–15 |
| Úr vítum | 2–3 |

**BESTUR Á VELLINUM**

| | |
|---|---|
| Ingimundur Ingimundarson | ÍR |

## GRÓTTA/KR 17-31 STJARNAN

**GRÓTTA/KR** **STJARNAN**

### SAMANBURÐUR

| | |
|---|---|
| Skotnýting | 34%–66% |
| Tapaðir boltar | 11–11 |
| Hraðaupphlaupsmörk | 0–12 |
| Brottvísanir (mínútur) | 6–10 |
| Varin skot | 11/0–24/3 |
| Varin skot í vörn | 3–7 |
| Víti fengin (nýting) | 5 (40%)–6 (100%) |

### TÖLFRÆÐI GRÓTTU/KR:

**MÖRK–SKOT (STOÐSENDINGAR)**

| | |
|---|---|
| Arna Gunnarsdóttir | 5/1–14/2 (2) |
| Eva Margrét Kristinsdóttir | 4/1–13/2 (2) |
| Björk Gunnarsdóttir | 3–4 (0) |
| Íris Ásta Pétursdóttir | 2–5 (0) |
| Gerður Rún Einarsdóttir | 1–1 (1) |
| Arndís María Erlingsdóttir | 1–4 (1) |
| Inga Dís Sigurðardóttir | 1–6/1 (1) |
| Ragna Karen Sigurðardóttir | 0–1 (1) |
| Hera Bragadóttir | 0–2 (0) |

**VARIN SKOT**

| | |
|---|---|
| Sóley Halldórsdóttir | 11–40/5 (xx%) |
| Íris Björk Símonardóttir | 0–2/1 (0%) |

### TÖLFRÆÐI STJÖRNUNNAR:

**MÖRK–SKOT (STOÐSENDINGAR)**

| | |
|---|---|
| Anna Bryndís Blöndal | 8–10 (1) |
| Hekla Daðadóttir | 7/5–9/5 (0) |
| Ásdís Sigurðardóttir | 4–5 (2) |
| Kristín Jóhanna Clausen | 3–4 (2) |
| Hind Hannesdóttir | 3–5 (5) |
| Anna Einarsdóttir | 2–2 (0) |
| Elzbieta Kowal | 1–1 (0) |
| Lilja Lind Pálsdóttir | 1/1–1/1 (0) |
| Elísabet Gunnarsdóttir | 1–3 (0) |
| Kristín Guðmundsdóttir | 1–5 (2) |
| Elsa Rut Óðinsdóttir | 0–1 (1) |
| Harpa Sif Eyjólfsdóttir | 0–1 (1) |

**VARIN SKOT**

| | |
|---|---|
| Jelena Jovanovic | 20/2–30/3 (67%) |
| Helga Dóra Magnúsd. | 4/1–11/2 (36%) |

**HVAÐAN KOMU MÖRKIN**

| | |
|---|---|
| Langskot | Grótta/KR 8 – Stjarnan 4 |
| Úr hornum | 2–1 |
| Af línu | 2–4 |
| Með gegnumbroti | 3–4 |
| Úr hraðaupphlaupum | 0–12 |
| Úr vítum | 2–6 |

**BEST Á VELLINUM**

| | |
|---|---|
| Anna Bryndís Blöndal | Stjörnunni |




# Hiti í bústaðinn

**Ryðfríir neysluvatnshitarar, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitarar til húshitunar og flest annað til rafhitunar.**

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áranlangri reynslu.

**Rafhitarar fyrir heita potta**

**Rafhitun**

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitun.is

# Fermingarvélar




## MEDION® V8 GRANTSDALE

MULNINGS VÉLIN

**MEDION V8 Grantsdale 6600 SE3**
- Intel Pentium 530 (3 GHz,1MB,FSB800)
- MS7046 (i915P 533-800 FSB) DUAL DDR 400
- nVidia Geforce 6600 PCIe 16x, 128 MB, DirX9
- 160 GB 7200 rpm SATA 8MB Cache (JD)
- 512 MB DDR-RAM PC3200(400 MHz)
- DVD drif • DVD Skrifari - Dual Layer
- LAN 10/100 Mbit • IEEE1394/Firewire
- Medion Media Bay• Lyklaborð og mús
- 17" Flatur skjár

**Þú velur greiðsluform**

4.363* Tölvukaupalán 48 mán.

12.999** Vaxtalaust 12 mán.

155.988 Staðgreitt

**Bættu við 999** kr.**

Bættu við 999 kr. á mánuði í 12 mánuði og fáðu vélina með sjónvarpskorti, fjarstýringu og þráðlausu netkorti.

**nVidia GeForce 6600**
Með nýjustu tækninni frá nVidia. Öflugt skjákort sem ræður við nýjustu leikina.

**Hyperthreading**
Eykur afköst örgjörvans um allt að 30% miðað við sambærilegan Intel Pentium örgjörva án HyperThreading.

**FireWire**
Gerir stafræna myndvinnslu að veruleika. Nú er leikur einn að færa myndskeið af stafrænni tökuvél og klippa í tölvunni.

**12.000 kr. lækkun**




## MEDION® V6 CLAWHAMMER SE3

LEIKJA VÉLIN

- AMD Athlon64 3000+ • ATI Radeon 9200 SE; 128 MB • 160 GB Harður diskur
- 512 MB DDR PC3200 (400MHz) • DVD Skrifari - Dual Layer

3.420* Tölvukaupalán 48 mán.

9.999** Vaxtalaust 12 mán.

119.988 Staðgreitt

**DVD skrifari**
Auðvelt að afrita DVD myndirnar. Einnig rúma DVD diskar 7 sinnum meira gagnamagn en það sem gömlu diskarnir geyma.

**DV ready**
Nú er ekkert mál að tengja tökuvélina við tölvuna, klippa til og skrifa á DVD.

**Innbyggður kortalesari**
gefur þér þann möguleika að setja minniskort úr myndavélum beint í tölvuna. Aukin þægindi.

**AMD64**
Nýjasta tæknin frá AMD. 64 bita örgjörvinn er mjög afkastamikill.

**ATI skjákort**
Radeon 9200SE kortið ræður við alla nýjustu leikina.

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni VÍS. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.

**Miðað við jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.




## TOSHIBA Satellite

FERMINGAR VÉLIN

**Toshiba Satellite L10-120**
- Intel® Celeron M 1.5GHz
- 512MB DDR Minni (Mest 1GB)
- 60GB diskur
- 15" XGA skjár (1024 x 768 upplausn)
- Intel extreme graphics2 skjástýring 64MB
- DVD Super Multi brennari
- 10/100 Ethernet og V.90 mótald
- VGA, TV-OUT
- 3x USB 2.0, hljóð inn/út
- 33.2 x 27 x 3.7cm, 2.7 kg
- Lithium-ion, Allt að 2.9 klst
- Þráðlaus netstýring 802.11BG
- Windows XP Home
- 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

3.740* Tölvukaupalán 48 mán.

10.999** Vaxtalaust 12 mán.

131.988 Staðgreitt

**DVD skrifari**
Auðvelt er að afrita DVD. Skrifanlegir DVD diskar rúma allt að 7 falt gagnamagn miðað við eldri geisladikana

**Þráðlaust net**
Vélin er með innbyggðu þráðlausu neti sem er nauðsyniegt í ferðavéium í dag. Nýjasti 54Mpbs staðallinn að sjálfsögðu.

**Notaðu tvo skjái**
Með þessari tækni getur þú stækkað skjáplássið til muna. Þægilegt ef verið er að vinna í mörgu í einu.

**Celeron M**
Nýji Celeron M örgjörvinn er byggður á Centrino tækni og afkastar mun meira en eldri Celeron örgjörvar

**Tengdu við sjónvarp**
Auðvelt er að tengja tölvuna við sjónvarp.

**Intel Extreme 2**
Frábær þrívíddar skjástýring frá Intel. Intel Extreme tæknin sér til þess að nú getur þú spilað leiki í fartölvunni þinni.

# BT

# Opið í dag

BT Skeifan, BT Kringlunni, BT Egilsstöðum, BT Selfossi **kl. 13 til 17**

BT Smáralind **kl. 12 til 18**

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Enska úrvalsdeildin*

**STAÐA EFSTU OG NEÐSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| CHELSEA | 27 | 21 | 5 | 1 | 50–8 | 68 |
| **MAN. UTD.** | **28** | **18** | **8** | **2** | **47–17** | **62** |
| ARSENAL | 28 | 17 | 7 | 4 | 64–32 | 57 |
| **EVERTON** | **28** | **15** | **6** | **7** | **34–29** | **51** |
| LIVERPOOL | 27 | 13 | 4 | 10 | 41–29 | 43 |
| **MIDDLESB.** | **27** | **11** | **8** | **8** | **41–35** | **41** |
| BOLTON | 27 | 11 | 7 | 9 | 35–32 | 40 |
| **TOTTENH.** | **27** | **11** | **6** | **10** | **35–30** | **39** |
| CHARLTON | 26 | 11 | 5 | 10 | 30–36 | 38 |
| **A. VILLA** | **28** | **9** | **8** | **11** | **32–37** | **35** |
| ---------- | | | | | | |
| FULHAM | 27 | 8 | 5 | 14 | 33–46 | 29 |
| **BLACKB.** | **27** | **6** | **10** | **11** | **24–36** | **28** |
| C. PALACE | 28 | 6 | 7 | 15 | 32–45 | 25 |
| **SOUTH.** | **28** | **3** | **12** | **13** | **29–44** | **22** |
| NORWICH | 27 | 3 | 11 | 13 | 26–51 | 20 |
| **WBA** | **27** | **2** | **12** | **13** | **23–49** | **18** |

Enska úrvalsdeildin í knattspyrnu í gær:

# Forskotið niður í sex stig

**FÓTBOLTI** Tvö mörk Wayne Rooney tryggðu Manchester United 2–1 sigur á Portsmouth sem minnkaði forskot Chelsea á toppnum niður í sex stig. Arsenal náði hins vegar aðeins jafntefli gegn botnliði Southampton og er fjórum stigum á eftir United í 3. sætinu. Chelsea á leik inni en það er ljóst að pressan er aftur að aukast á Stamford Bridge.

Wayne Rooney skoraði bæði mörkin á laglegan hátt, það seinna níu mínútum fyrir leikslok eftir frábæra samvinnu við Ruud van Nistelrooy. United vann sinn sjötta leik í röð og þann tíunda í síðustu 11 leikjum. Rooney hefur skorað fjögur mörk í síðustu þremur sigurleikjum liðsins.

Arsenal komst í 1–0 en Robin van Persie lét reka sig út af á 52. mínútu, Southampton náði að jafna leikinn og markvörður liðsins, Paul Smith, sá síðan til þess með frábærri markvörslu í lokin að Southampton náði í stig.

Everton vann mikilvægan útisigur á Aston Villa og náði með því átta stiga forskoti á nágrannana í Liverpool í baráttunni um fjórða og síðasta sætið inn í Meistaradeildina.

Andrew Johnson skoraði tvívegis úr vítaspyrnum í 2–0 sigri Crystal Palace á Birmingham. Johnson hefur nú skorað átján mörk í deildinni í vetur. Palace-liðið er nú fjórum stigum frá fallsæti en þar sitja nú Southampton, Norwich og WBA.



**MAÐUR DAGSINS** Tvö mörk frá Wayne Rooney minnkuðu forskot Chelsea á toppi ensku deildarinnar niður í sex stig.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| SOUTHAMPTON–ARSENAL | 1–1 |

0–1 Fredrik Ljungberg (45.), 1–1 Peter Crouch (67.). David Prutton hjá Southampton (45. mín.) og Robin van Persie hjá Arsenal (52.) fengu báðir að líta tvö gul spjöld og þar með rautt.

| | |
|---|---|
| ASTON VILLA–EVERTON | 1–3 |

0–1 Leon Osman (17.), 1–1 Nolberto Solano (46.), 1–2 Tim Cahill (48.), 1–3 Osman (67.)

| | |
|---|---|
| CRYSTAL PALACE–BIRMINGHAM | 2–0 |

1–0 Andrew Johnson, víti (41.), 2–0 Johnson, víti (68.)

| | |
|---|---|
| TOTTENHAM–FULHAM | 2–0 |

1–0 Fredi Kanoute (78.), 2–0 Robbie Keane (90.)

| | |
|---|---|
| MAN. UTD–PORTSMOUTH | 2–1 |

1–0 Wayne Rooney (8.), 1–1 Gary O´Neil (47.), 2–1 Wayne Rooney (81.).

**Chelsea** leikur ekki um helgina þar sem liðið mætir Liverpool í úrslitaleik enska deildarbikarsins í Cardiff í dag.





**BENITEZ OG MOURINHO** Komu báðir til Englands í sumar eftir að hafa verið afar sigursælir með sín fyrrverandi lið.

# Fyrsti titillinn í boði

## Fullkomnar Rafael Benitez hrakfarir Jose Mourinho á Þúsaldarleikvanginum í Cardiff í dag þegar Chelsea mætir Liverpool í enska deildarbikarnum?

**FÓTBOLTI** Chelsea og Liverpool mætast á Þúsaldarleikvanginum í Cardiff í dag í úrslitaleik deildabikarsins í Englandi. Mun meiri pressa er á Eiði Smára og félögum fyrir leikinn því Chelsea er liðið sem allir aðrir vilja vinna og Liverpool-liðið hefur ekki verið sannfærandi á leiktíðinni. Ekki er hægt að segja að síðasta vika hafi verið hliðholl Chelsea; það datt út úr ensku bikarkeppninni um síðustu helgi og á mjög erfitt verkefni fyrir höndum í síðari leiknum gegn Barcelona í Meistaradeildinni. Allir draumar um að vinna fjórfalt í ár voru þar með horfnir á einu bretti og tap gegn Liverpool á morgun yrði til að fullkomna einhverja hroðalegustu viku sem Jose Mourinho hefur upplifað á sínum þjálfaraferli.

Á meðan flest augu almennings beinast að framgöngu Mourinho og hans manna eru væntingarnar til Liverpool litlar sem engar og búast langflestir við að Rafael Benitez og lærisveinar hans muni eiga erfitt verkefni fyrir höndum. En magnaður sigur á Leverkusen í Meistaradeildinni er vís til að gefa liðinu meðbyr á meðan það má gera ráð fyrir að ósigur Chelsea gegn Barcelona hafi dregið úr því sem virtist vera orðið óbilandi sjálfstraust.

Breskir fjölmiðlar setja leikinn upp sem taktíst einvígi tveggja þjálfara sem komu til Englands fyrir tímabilið í leit að nýrri áskorun. Báðir urðu þeir Evrópumeistarar á síðustu leiktíð, Mourinho með Porto í Meistaradeildinni og Benitez með Valencia í Evrópukeppni félagsliða. Lið Benitez eru vön að spila hraðan sóknarbolta, nokkuð sem aðdáendur Liverpool hafa sárlega saknað undanfarin ár, á meðan Mourinho byggir sinn leikstíl upp á gríðarlega skipulögðum varnarleik með fljóta og flinka sóknarmenn. Benitez er óhræddur við að breyta sinni liðsuppstillingu vikulega á meðan Mourinho er heldur staðfastur og vill ekki vera með of stóran leikmannahóp. „Ég hata stóra leikmannahópa. Ég vil hafa 21 útileikmann sem allir hafa ákveðið hlutverk í liðinu,“ segir Mourinho.

Líklegt þykir að Eiður Smári verði í byrjunarliði Chelsea, sem getur nánast stillt upp sínu sterkasta liði ef Arjen Robben og Wayne Bridge eru undanskildir. Liverpool endurheimtir Steven Gerrard og Fernando Morientes frá leiknum gegn Leverkusen en þá var Gerrard í banni og Morientes ekki löglegur. Þá er Harry Kewell orðinn heill heilsu á ný.

**- vg**

Reykjavíkurborg

## Forvarnir virka – við gerum góða hluti saman

Reykjavíkurborg heldur opinn fund um áhrifamátt forvarna fimmtudaginn 3. mars n.k. Fundurinn verður haldinn í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur kl. 14 – 16.

### Dagskrá

**Ávarp forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar**

**Ávarp borgarstjóra, Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur**

*Við gerum góða hluti saman*
Inga Dóra Sigfúsdóttir, Ph.d., Rannsóknum og greiningu
Bryndís Björk Baldursdóttir, Rannsóknum og greiningu

*Forvarnir, frítími og frjáls félagasamtök*
Anna Kristinsdóttir, formaður íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar

*Forvarnir, foreldrar og skóli*
Guðrún Ebba Ólafsdóttir, fulltrúi í menntaráði Reykjavíkurborgar

*Forvarnir, hverfastarf og skipulag þjónustu*
Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar

*Framtíðarsýn í forvarnarmálum*
Marsibil Sæmundsdóttir, formaður forvarnarnefndar Reykjavíkurborgar

**Umræður**

Fundarstjóri: Stefán Jón Hafstein, formaður menntaráðs Reykjavíkurborgar

Á fundinum verða kynntar athyglisverðar niðurstöður á mati á forvarnastarfi Reykjavíkurborgar á árunum 1997 - 2003. Dregið hefur úr vímuefnaneyslu á undanförnum árum meðal barna og unglinga. Öflugt starf að forvörnum og markvissar rannsóknir á högum barna og ungmenna hafa kennt okkur sitthvað um áhættuþætti vímuefnaneyslu meðal ungs fólks. Hvernig getum við nýtt þennan góða árangur og þá þekkingu sem aflað hefur verið við stefnumörkun og í starfi að forvörnum?

Að fundinum standa eftirfarandi nefndir og ráð Reykjavíkurborgar: forvarnarnefnd, íþrótta- og tómstundaráð, velferðarráð og menntaráð.

DAGSKRÁ SUNNUDAGINN 26. FEBRÚAR

9:00
ER ÞAÐ SVO?
Í umsjón Ólafs B. Guðnasonar (e).
Fréttir kl. 10.

10:00
SKEMMTIÞÁTTUR REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR

11:00
MESSUFALL
Í umsjón Önnu Kristine Magnúsdóttur.
Fréttir kl. 12.

12:10
SILFUR EGILS
Í umsjón Egils Helgasonar.

13:40
MENNINGARÞÁTTUR
Í umsjón Rósu Bjarkar Brynjólfsdóttur.
Fréttir kl. 15.

16:00
TÓNLISTARÞÁTTUR
Í umsjón Dr. Gunna.
Fréttir kl. 17.

18:00
ÚR FYLGSNUM FYRRI ALDAR
Eftir sr. Friðrik Eggertz. Hjalti Rögnvaldsson les. (e)

18:30
FRÉTTIR STÖÐVAR 2

19:00 Skemmtuþáttur Reykjavíkurakademíunnar (e)
19:55 Messufall (e)
22:00 Viðtalsþáttur Sigurðar G. Tómassonar (e)
23:00 Frjálsar hendur Illuga Jökulssonar (e)
00:00 Menningarþátturinn (e)
02:10 Tónlistarþáttur Dr. Gunna (e)
04:00 Úr fylgsnum fyrri aldar eftir (e)
04:30 Skemmtuþáttur Reykjavíkurakademíunnar (e)
05:25 Messufall (e)
06:20 Silfur Egils (e)





# Spennandi námskeið sem hefjast 7. mars

## KARLAR ÁTAK

**Hin sívinsælu Átaksnámskeið eru sérsniðin að þörfum karla.** Áhersla er lögð á að auka styrk og þol og minnka mittismál með brennslu- og styrktaræfingum.

**Innifalið:** Þrír lokaðir hóptímar, tími hjá þjálfara, frjáls aðgangur að öllum opnum tímum á stundaskrá, tækjasal og Laugardalslauginni.

**Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000.**

## PEAK PILATES

**Peak Pilates er æfingakerfi sem hefur farið sigurför um heiminn.** Kerfið býður upp á örugga og áhrifaríka leið til að styrkja, móta og teygja líkamann án þess að auka umfangið eða ofreyna liðamótin. Áhersla er lögð á kviðvöðva og öndun. Hentar fólki á öllum aldri.

**Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000.**

**Athugið - takmarkaður fjöldi!**

### Peak Pilates fyrir nýbakaðar mæður

Í boði eru sérstakir Peak Pilates tímar fyrir nýbakaðar mæður þar sem æfingarnar eru sérlega hannaðar til að byggja upp kviðvöðva. Börnin eru velkomin með.

## KONUR ÁTAK

**Átaksnámskeið fyrir konur er frábær leið til að bæta heilsuna.** Einstakt aðhald, góð fræðsla og ómetanlegur stuðningur. Ávinningurinn er aukið þol og þrek, styrkari líkami og góð andleg líðan.

**Innifalið:** Þrír lokaðir hóptímar, tími hjá þjálfara, frjáls aðgangur að öllum opnum tímum á stundaskrá, tækjasal og Laugardalslauginni.

**Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000 og Spönginni í síma 553 5000.**

## ROPE YOGA

**Rope Yoga sameinar hug, líkama og sál.** Rope Yoga eykur upptöku súrefnis í líkamanum og styrkir kviðinn, miðju líkamans, bætir virkni sogæðakerfisins og beinir orkunni í réttan farveg.

**Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000.**

**Athugið - takmarkaður fjöldi!**

## JIU JITSU

**Brasilískt Jiu Jitsu** er sjálfsvarnaríþrótt sem hentar báðum kynjum og er kennd í Laugum. Einstakt námskeið þar sem unnið er út frá tækni fremur en styrk. Ávinningurinn er aukið þol, styrkur og samhæfing líkamans.

**Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000.**

## JÓGA

### Jóga á meðgöngu

Námskeiðið byggist á styrktar-, teygju- og öndunaræfingum til að auðvelda meðgöngu og fæðingu. Aðaláhersla er lögð á mjaðma- og grindarbotnsæfingar, stöður sem styrkja líkamann, öndunaræfingar og slökun.

**Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000.**

**Námskeiðin hefjast mánudaginn 7. mars og standa yfir í átta vikur.**

**Aðgangur að Laugardalslaug, tækjasölum og opnum tímum í World Class.**

**Skoðið úrval opinna jóga-, styrktar-, brennslu- og kickbox–tíma á www.worldclass.is**

**World Class ICELAND**

Laugar - Spöngin - Í húsi Orkuveitunnar

www.worldclass.is






birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »







## STUÐ MILLI STRÍÐA | Ferming um fimmtugt

**KRISTJÁN HJÁLMARSSON** ÆTLAR AÐ TAKA TRÚNA



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég er hvorki skírður né fermdur. Móðir mín sagði mér strax í byrjun að hún vildi leyfa mér að velja hvaða trú ég tæki ef ég á annað borð vildi taka einhverja. Sjálf hafði hún ekki fengið að ráða neinu með skírnina en afþakkaði ferminguna pent þegar að henni kom. Eitthvað rámar mig þó í að hún hafi ekki ekki verið jafn líberal þegar nær dró fermingunni minni. Talaði um að það hefði aldrei hvarflað að henni að fermast, hvað þá litla bróður hennar eða frændsystkinum mínum sem hún vissi að ég leit upp til.

Þegar að fermingunni kom tjáði ég vinum mínum að ég myndi ekki fermast. Samt hafði ég stundað KFUM af miklum þrótti þar sem amma vinar míns starfaði þar. Þeir tóku því nú ágætlega, spurðu samt af hverju og ypptu öxlum þegar ég sagðist ekki trúa á guð.

Þeim brá hins vegar þegar ég sagði þeim að ég myndi líka fá gjafir. Í minni ætt er nefnilega ekki litið svo á að það eigi að mismuna börnum eftir trú.

Eftir því sem lengra líður frá fermingunni, því þakklátari verð ég móður minni. Hún fullvissaði mig um að ég hefði hvorki þroska né vit til að takast á við svo stóra ákvörðun auk þess sem ég trúði ekki á guð. Ég hef hins vegar velt fermingunni og trúnni fyrir mér á yfirvegaðan hátt síðan stóri dagurinn átti að renna upp, eða í ein sextán ár. Eftir því sem ég velti henni lengur fyrir mér, því ákveðnari verð ég í að taka trúna. Ég hef jú ekki verið samkvæmur sjálfum mér því börnin mín tvö voru skírð í kirkju. Sjálfur mun ég gifta mig í kirkju og að öllum líkindum verð ég grafinn í kirkjugarði. Ég hef því tekið ákvörðun um að ganga alla leið. Trúin er sterk og henni á að fylgja. Ég ætla því að gifta mig um þrítugt, tek skírn um fertugt, fermi mig um fimmtugt en jarðarförin verður auglýst síðar.

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## PÚ OG PA

Eftir SÖB



# Hagkaup

## kynna með ánægju nýjan samstarfsaðila:

## Landslið matreiðslumeistara



Við leggjum mikið upp úr því að vera fremst í flokki þegar mat er lagt á úrval og gæði matvara.  Á síðasta ári bættum við rúmlega 3.000 nýjum vörum við framúrskarandi vöruúrval okkar og erum stolt yfir því að vera sú verslun sem býður upp á landsins mesta úrval matvöru.

Við ætlum okkur að gera enn betur á þessu ári og því er það sérstök ánægja að fá til liðs við okkur landslið matreiðlumeistara.  Samstarfið færir viðskiptavinum Hagkaupa spennandi nýjungar á árinu auk mikils fjölda uppskrifta og ráðlegginga frá fagmönnum í fremstu röð.

Það er spennandi ár framundan því með samstarfinu ætlum við að tryggja enn frekar framúrskarandi vöruúrval og nýjungar í verslunum okkar.

*Nú verður enn skemmtilegra að versla hjá Hagkaupum!*

landslið matreiðslumeistara

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*










# Glæpir í Reykjavík

Fyrsta hefti Tímarits Máls og menningar 2005 er komið út í ritstjórn Silju Aðalsteinsdóttur.



**ERLENDUR Á FORSÍÐUNNI** Söguhetja Arnalds Indriðasonar kemur við sögu í nýju hefti Tímarits Máls og menningar.

Ljóðaunnendur fagna því að sjá þar verðlaunaljóðið „niður“ eftir Lindu Vilhjálmsdóttur úr samkeppninni um Ljóðstaf Jóns úr Vör sem afhentur var í janúar. Auk þess eru í heftinu bæði ljóðin sem fengu sérstaka viðurkenningu við sama tækifæri, annað einnig eftir Lindu og hitt eftir Val Brynjar Antonsson.

„Söguljóð borgarinnar“ nefnist grein eftir glæpasagnafræðinginn Katrínu Jakobsdóttur þar sem hún rekur þróun borgarmyndar Reykjavíkur í íslenskum glæpasögum. Í tilefni greinarinnar má sjá á forsíðu ritsins mynd af Erlendi Sveinssyni, söguhetju í bókum Arnalds Indriðasonar, á gangi í Austurstræti.

Meðal annars efnis í blaðinu er viðtal við Bergljótu Jónsdóttur sem stýrði Listahátíðinni í Björgvin í Noregi um níu ára skeið. Hún segir frá harkalegum deilum og snilldarlegum lausnum á þessum stormasömu árum og gefur uppskriftina að góðri listahátíð.

Einnig ritar Heimir Pálsson um óvænt tengsl milli Hallgríms Péturssonar, Augusts Strindberg og Halldórs Laxness, og Jón Yngvi Jóhannsson sér óvænt sameiginleg einkenni á mörgum skáldsögum síðasta árs. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

24 25 26 **27** 28 29 30

**Sunnudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 16.00 **Kristjana Stefánsdóttir** söngkona og **Agnar Már Magnússon** píanóleikari flytja blöndu af íslenskum og norrænum lögum í Norræna húsinu.

### SÝNINGAR

☐ 15.00 **Rakel Pétursdóttir** safnfræðingur verður með leiðsögn um báðar sýningarnar í Listasafni Íslands, sýninguna Íslensk myndlist 1930-45 og sýningu á Feneyjaverki Rúríar Archive: Endengered Waters.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.







Tenórinn

Sun. 27. feb. kl. örfá sæti

Sun. 6. mars kl. 20

Síðasta sýning

IÐNÓ

Miðasala í síma 562 9700 www.idno.is

Leikfélagið Snúður og Snælda sýnir:

Ástandið

Sögur kvenna frá hernámsárunum

Sunnudagur 27/2 kl. 14.00

Miðvikudagur 2/3 kl. 14.00

Sunnudagur 6/3 kl. 14.00

Takmarkaður sýningarfjöldi

Félag kennara á eftirlaunum

Árshátíðin 4. mars í Kiwanishúsinu við Engjateig 11.

Opnað kl. 18:30. Miðaverð kr. 3.500.

Skráning á skrifstofu KÍ – sími: 595-1111






## STÖÐ 2 BÍÓ



**Don't Say a Word.** Nathan Conrad geðlæknir er með unga konu til meðferðar sem talin er búa yfir leyndarmáli um mikinn þjófnað.

**6.00** The Master of Disguise **8.00** Big Fat Liar **10.00** Talk of Angels **12.00** Pelle Politibil **14.00** The Master of Disguise **16.00** Big Fat Liar **18.00** Pelle Politibil **20.00** The Barber of Siberia **23.00** 2005 Academy Awards – 77th An **1.00** Don't Say a Word (Stranglega bönnuð börnum) **3.00** The Barber of Siberia

## AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Andlit bæjarins **21.00** Níubíó. The Big Twist **22.15** Korter

## OMEGA

**7.00** Blandað efni **9.00** Robert Schuller **10.00** Billy Graham **11.00** Samverustund **12.00** Miðnæturhróp **12.30** Robert Schuller **13.30** Um trúna og tilveruna **14.00** T.J. Jakes **14.30** Joyce Meyer **15.00** Ron Phillips **15.30** Maríusystur 16.00 Freddie Filmore **16.30** Dr. David Cho **17.00** Samverustund (e) **18.00** Í leit að vegi Drottins **18.30** Miðnæturhróp **19.00** Believers Christian Fellowship **20.00** Fíladelfía **21.00** Sherwood Craig **21.30** Ron Phillips **22.00** Samverustund **23.00** Robert Schuller 0.00 Nætursjónvarp

## POPP TÍVÍ

**17.00** Game TV (e) **21.00** Íslenski popp listinn (e)

# Í TÆKINU

**DOLPH LEIKUR Í ROCKY IV Á SKJÁ EINUM KL. 21.50 Í KVÖLD.**

## *Vöðvamikil hetja*

Dolph Lundgren, réttu nafni Hans Lundgren, fæddist 3. nóvember árið 1957 í Stokkhólmi í Svíþjóð. Þar gekk Dolph í tækniháskóla en flutti síðar til Bandaríkjanna. Þar fékk hann ýmsa námsstyrki og var meðal annars í ríkisháskólanum í Washington og Clemson-skólanum í Suður-Karólínu. Árið 1983 fékk hann Fulbright-styrk til að læra í Tækniháskólanum í Massachusetts. Á leiðinni til Boston til að fara í skólann stoppaði hann í New York-borg og þar tók líf hans óvænta sveiflu. Í New York vann hann á Limelight-diskótekinu með leikaranum Chazz Palminteri. Þar hitti hann leiklistarkennarann Warren Robertson og ákvað að reyna við leiklist. Fyrsta myndin sem Dolph lék í var James Bond-myndin A View to a Kill árið 1985 og lék hann á móti ástkonu sinni Grace Jones. Síðan fékk hann hlutverk Ivan Drago í Rocky IV sama ár. Velgengni myndarinnar kom Dolph á kortið og fékk hann fjölmörg góð hlutverk eftir það. Þó hann sé látinn líta út eins og heilalaust vövðabúnt í flestum myndum er hann líka stofnandi New York-leikhúshópsins Group of Eight. Dolph er fyrsta flokks íþróttamaður. Hann byrjaði að læra bardagalist þegar hann var fjórtán ára og er með þriðju gráðu í svarta beltinu. Hann hefur meðal annars unnið evrópska karatekeppni árin 1980 og 1981 og þungavigtartitil í Ástralíu árið 1982. Dolph er giftur Annette Qviberg Lundgren, skartgripahönnuði og stílista, og búa þau bæði í New York og Stokkhólmi. Dóttir þeirra Ida fæddist í apríl árið 1996.



**Þrjár bestu myndir Dolphs:** **A View to a Kill** – 1985. **Rocky IV** – 1985. **The Defender** – 2004.


# Sjálfboðaliðar óskast

óskast til þróunarstarfa í Afríku. Prógrammið byrjar með þjálfun í Noregi í 6 mánuði, 6 mánuði í Zambíu og tveir mánuðir að eigin ósk til að skrifa loka skýrslu um starfið. Í sjálfboðaliðastarfinu felst meðal annars barátta gegn AIDS/HIV, vinna með götubörnum, kennsla, byggingarvinna og önnur samfélagshjálp.
Hugsanlega hægt að fá Styrk.
Upplýsingar gefur:
Sidsel sidsel@humana.org
Sími: 0047 61 26 44 44
www.drh-norway.org
HUMANA People to People



## Innköllun víkjandi skuldabréfa Kaupþings Búnaðarbanka hf.

1. flokkur 2000
Með vísan í ákvæði fyrsta skuldabréfaflokks Búnaðarbanka Íslands árið 2000, mun Kaupþing Búnaðarbanki hf. nýta sér rétt til innköllunar skuldabréfanna. Innköllunin miðast við vaxtagjalddaga bréfanna, 1. mars 2006. Verður skuldin greidd í samræmi við ákvæði skuldabréfaflokksins. Greiðslustaður skuldabréfanna er í Kaupþingi Búnaðarbanka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík, sími 444 7000. Að öðru leyti er vísað í ákvæði skuldabréfaflokksins.

2. flokkur 2000
Með vísan í ákvæði annars skuldabréfaflokks Búnaðarbanka Íslands árið 2000, mun Kaupþing Búnaðarbanki hf. nýta sér rétt til innköllunar skuldabréfanna. Innköllunin miðast við vaxtagjalddaga bréfanna, 1. júní 2005. Verður skuldin greidd í samræmi við ákvæði skuldabréfaflokksins. Greiðslustaður skuldabréfanna er í Kaupþingi Búnaðarbanka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík, sími 444 7000. Að öðru leyti er vísað í ákvæði skuldabréfaflokksins.

3. flokkur 2000
Með vísan í ákvæði þriðja skuldabréfaflokks Búnaðarbanka Íslands árið 2000, mun Kaupþing Búnaðarbanki hf. nýta sér rétt til innköllunar skuldabréfanna. Innköllunin miðast við vaxtagjalddaga bréfanna, 1. september 2005. Verður skuldin greidd í samræmi við ákvæði skuldabréfaflokksins. Greiðslustaður skuldabréfanna er Kaupþing Búnaðarbanki hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík, sími 444 7000. Að öðru leyti er vísað í ákvæði skuldabréfaflokksins.

Kaupþing Búnaðarbanki hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík

KB BANKI



allt - sem þig vantar
SMÁAUGLÝSINGAR ALLA DAGA
✓ Smáauglýsingasíminn er 550 5000
✓ auglysingar@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesna blað landsins




▶ **20.35** *Spenna*

**Örninn. Spennumyndaflokkur um hálfíslenskan rannsóknarlögreglumann í Kaupmannahöfn sem berst við glæpi.**



▶ **21.05** *Drama*

**Twenty Four. Nú er spurning hvort Jack Bauer óhlýðnast fyrirmælum og ryðst inn til að bjarga Heller ráðherra og dóttur hans.**



▶ **20.00** *Leikur*

**Bingó – lokaþáttur. Nú þarf Villi naglbítur að kveðja skjáinn og spilar hér síðasta bingóið sitt.**

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Kátur **8.28** Fallega húsið mitt **8.36** Bjarnaból **9.00** Disneystundin **9.01** Stjáni **9.25** Sígildar teiknimyndir **9.33** Lílo og Stitch **9.58** Sammi brunavörður **10.11** Ketill **10.28** Andarteppa **11.00** Laugardagskvöld með Gísla Marteini **11.50** Spaugstofan

**12.20** Regnhlífarnar í New York (6:10) **12.55** Mósaík **13.35** Heimur kuldans **14.05** Í brennidepli **14.50** Ísjakamálarinn **15.25** Ragnar í Smára **16.20** Nektarmyndir á Viktoríutímanum **17.20** Óp **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30** **Krakkar á ferð og flugi** Á Sauðárkróki býr Skagfirðingurinn Jónas Sigurjónsson. Jónas er eins og aðrir Skagfirðingar mikill hestamaður, körfuboltamaður og góður dansari. Umsjónarmaður er Linda Ásgeirsdóttir og um dagskrárgerð sér Ægir J. Guðmundsson og framleiðandi er Ljósaskipti. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**

**19.35** **Kastljósið**

**20.00** **Hafið gaf og hafið tók** Heimildamynd eftir Jón Hermannsson um Benoný Friðriksson, öðru nafni Binna í Gröf, skipstjóra og útgerðarmann í Vestmannaeyjum. Benoný Friðriksson var fæddur 7. janúar 1904 að Gröf í Vestmannaeyjum og lést 12. maí 1972. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

▶ **20.35** **Örninn (4:8)** (Ørnen)

**21.35** **Helgarsportið**

**22.00** **Í ólgu lífsins** (En la puta vida) Úrúgvæsk bíómynd frá 2001 um unga konu sem dreymir um að opna snyrtistofu í Montevideo í Úrúgvæ en leiðist út í vændi og flyst til Barcelona. Leikstjóri er Beatriz Flores Silva og meðal leikenda eru Mariana Santángelo, Silvestre, José Linuesa og Andrea Fantoni. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 14 ára.

**23.40** Kastljósið **0.00** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Kolli káti, Svampur, Pingu, Vaskir Vagnar, Litlir hnettir, Leirkarlarnir, Kýrin Kolla, Litlu vélmennin, Smá skrítnir foreldrar, Könnuðurinn Dóra, Hálendingurinn, Batman, Galidor, Lizzie McGuire, Shin Chan, Froskafjör) **11.35** Oliver Beene

**12.00** Silfur Egils **13.30** Neighbours **15.30** American Idol 4 (12:42) **16.10** American Idol 4 (13:42) **17.00** Amazing Race 6 (8:15) (e) **17.45** Oprah Winfrey

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**

**19.15** **Whose Line Is it Anyway?** (Hver á þessa línu?) Kynnir er Drew Carey og hann fær til sín ýmsa kunna grínista.

**19.40** **Sjálfstætt fólk** (Sjálfstætt fólk 2004-2005) Í hverri viku er kynntur til sögunnar skemmtilegur viðmælandi sem hefur frá mörgu að segja.

**20.15** **Cold Case 2 (8:24)** (Óupplýst mál) Myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar í morðdeildinni í Fíladelfíu. Hún fær öll óleystu málin í hendurnar. Sakamál sem hafa rykfallið í skjalasafni lögreglunnar árum og áratugum saman. Bönnuð börnum.

**21.05** **Twenty Four 4 (6:24)** (24) Jack Bauer fær kaldar kveðjur þegar nýr yfirmaður er ráðinn til CTU. Bauer er látinn fjúka en fer til starfa hjá varnarmálaráðuneytinu. Aðalhlutverkið leikur Kiefer Sutherland. Stranglega bönnuð börnum.

**21.50** **Nip/Tuck 2 (14:16)** (Klippt og skorið) Lýtalæknarnir Sean og Christian þurfa ekki að kvarta. Samkeppnin er hörð í þessum bransa en félagarnir hafa meira en nóg að gera. Á meðal leikenda eru Famke Janssen og mæðgurnar Vanessa Redgrave og Joely Richardson. Stranglega bönnuð börnum.

**22.35** **60 Minutes**

**23.20** Silfur Egils (e) ▶ **1.00** 2005 Academy Awards – Countdown to the O **1.30** 2005 Academy Awards – Countdown to the Oscars **5.05** Fréttir Stöðvar 2 **5.50** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**8.30** Malcolm In the Middle (e) **9.00** Still Standing (e) **9.30** The Simple Life 2 (e) **10.00** America's Next Top Model (e) **11.00** Sunnudagsþátturinn

**12.30** The Awful Truth (e) **12.55** Newcastle – Bolton **15.00** Middlesbrough – Charlton **17.00** Judging Amy – lokaþáttur (e) **18.10** Innlit/útlit (e)

**19.00** **Yes, Dear (e)** Harold Nicholson heimsækir Jimmy og Christine og segir þeim að Dominic leggi Ronnie son sinn í einelti.

**19.30** **The Awful Truth** UPS efnir ekki loforð sem fyrirtækið gaf verkalýðsfélagi. Sal er sendur á staðinn og handrukkar. „Thomas Jefferson" mótmælir árásunum á Bill Clinton. Indland og Pakistan hefja vopnakapphlaup. En kunna íbúar landanna að fela sig?

▶ **20.00** **Bingó – lokaþáttur** Áhorfenfur í sal skrái sig á bingo@s1.is.

**20.35** **According to Jim – lokaþáttur**

**21.00** **Law & Order: SVU – lokaþáttur** Maður er ásakaður um að hafa myrt þrjá Araba. Hann notar þá vörn að hann sé fæddur ofbeldismaður. En Benson og Stabler eru staðráðin í að sýna fram á að það hafi verið aðrar ástæður en erfðir fyrir morðunum.

**21.50** **Rocky IV** Gamall vinur hnefaleikakappans Rocky Balboa, Apollo Creed, deyr í hringnum þegar hann berst við rússneska hnefaleikakappann Ivan Drago. Rocky er staðráðinn í að hefna vinar síns og skorar Drago á hólm. Áskorunin er samþykkt með þeim skilmálum að bardaginn skuli fara fram í Rússlandi. Í aðalhlutverkum eru Sylvester Stallone, Dolph Lundgren og Brigitte Nielsen.

**23.20** C.S.I. (e) **0.05** Blow Out – lokaþáttur (e) **0.50** Óstöðvandi tónlist

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Cross-country Skiing: World Championship Oberstdorf Germany **14.30** Nordic Combined Skiing: World Championship Oberstdorf Germany **15.00** Football: UEFA Cup **16.00** Bobsleigh: World Championship Calgary Canada **17.00** Fight Sport: Fight Club **18.00** Bobsleigh: World Championship Calgary Canada **19.00** Tennis: ATP Tournament Dubai United Arab Emirates **20.00** Tennis: ATP Tournament Scottsdale United States **21.30** Boxing **23.00** News: Eurosportnews Report **23.15** Superbike: World Championship Doha Qatar **0.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.00** EastEnders Omnibus **14.00** Teletubbies **14.25** Tweenies **14.45** Bits & Bobs **15.00** Step Inside **15.10** Andy Pandy **15.15** The Story Makers **15.35** Serious Jungle **16.00** The Abyss **17.00** Keeping up Appearances **17.30** Yes Minister **18.00** Design Rules **18.30** Location, Location, Location **19.00** Born and Bred **19.50** We Got a New Life **20.50** Safe as Houses **21.50** Top Gear Xtra **22.50** Wild Weather **23.40** A Little Later **0.00** Mohammed Reza Pahlavi – The Last Shah **1.05** Watergate

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** The Raising of U-534 **13.00** Mission **14.00** The Real Zulu Dawn **15.00** Zulu Dawn **17.30** The Real Zulu Dawn **18.30** Battlefront **19.00** Search For The Submarine I – 52 **20.00** Marine Machines **21.00** Air Crash Investigation **22.00** Seconds from Disaster **23.00** Death by Natural Causes **0.00** Protecting the President **1.00** Frontlines of Construction

**ANIMAL PLANET**
**12.00** The African King **13.00** Animals A-Z **15.00** O'Shea's Big Adventure **16.00** Mad Mike and Mark **17.00** Keepers **18.00** Profiles of Nature **19.00** Animals A-Z **21.00** Swimming Lions **22.00** Pet Powers **23.00** Going Ape **0.00** The African King **1.00** Animals A-Z

**DISCOVERY**
**12.00** Mythbusters **13.00** Scrapheap Challenge **14.00** Rides **15.00** Super Racers **16.00** Industrial Revelations – The European Story **17.00** Biggest Baddest Bugs **18.00** Aircrash **19.00** American Chopper **20.00** Birth of a Sports Car **23.00** American Casino **0.00** Hitler's Doctors **1.00** Amazing Medical Stories

**MTV**
**12.00** I Want My MTV **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Punk'd **17.00** So 90's **18.00** World Chart Express **19.00** Dance Floor Chart **20.00** MTV Making the Movie **20.30** Wild Boyz **21.00** Top 10 at Ten **22.00** MTV Live **23.00** Just See MTV

**VH1**
**12.00** Friends Fabulous Life Of **12.30** Brad & Jen Fabulous Life Of **13.00** How the Stars Get Hot **14.00** Rock Bodies **15.00** Tom Cruise Fabulous Life Of **15.30** Angelina Jolie Fabulous Life Of **16.00** So 80's **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** 100 Outrageous Moments **22.00** MTV at the Movies **22.30** VH1 Rocks

**CLUB**
**12.15** The Stylists **12.45** Anything I Can Do **13.10** Hollywood One on One **13.35** Spectacular Spas **14.05** The Race **14.55** Weddings **15.20** Fantasy Open House **15.45** 3rd Date **16.15** Cheaters **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** The Stylists **18.20** Anything I Can Do **18.50** The Race **19.40** The Roseanne Show **20.25** 3rd Date **20.50** Hollywood One on One **21.15** What Men Want **21.40** Sex Tips for Girls **22.10** My Messy Bedroom **22.35** Cheaters

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** E! Entertainment Specials **13.00** The E! True Hollywood Story **17.00** Countdown to the Red Carpet **23.00** Live from the Red Carpet **1.00** Celebrities Uncensored

**CARTOON NETWORK**
**12.05** Top Cat **12.30** Looney Tunes **12.55** Tom and Jerry **13.20** The Flintstones **13.45** Scooby-Doo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** The Powerpuff Girls **15.00** Codename: Kids Next Door **15.25** Dexter's Laboratory **15.50** Samurai Jack **16.15** Courage the Cowardly Dog **16.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **17.05** Scooby-Doo **17.30** Looney Tunes **17.55** Tom and Jerry **18.20** The Flintstones **18.45** Wacky Races

**JETIX**
**12.20** Digimon I **12.45** Inspector Gadget **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry II **14.15** Hamtaro **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps

**MGM**
**13.05** The Whales of August **14.35** I Start Counting **16.20** The Bells of Silesina **18.00** Stay Hungry **19.40** Last Embrace **21.20** The Fantasticks **22.45** Brannigan **0.35** Article 99 **2.15** The Good Wife **3.50** Gog

**TCM**
**20.00** Stephen Fry Oscar Introduction for **20.15** Doctor Zhivago **23.20** Seven Women **0.45** The Prize **3.00** The V.I.P.S

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**ÓSKARSVERÐLAUNAHÁTÍÐIN 2005** *Stöð 2* **kl. 01.00**

### *Óskarinn í 77. sinn*

***Kynnir kvöldsins er grínistinn Chris Rock.***

Óskarsverðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn í kvöld í Los Angeles í 77. sinn. Þar eru leikarar og kvikmyndagerðarmenn verðlaunaðir fyrir gott starf fyrir árið 2004. The Aviator er með flestar tilnefningar, alls ellefu, og þykir mjög sigurstrangleg. Hún er tilnefnd sem besta myndin og Martin Scorsese sem besti leikstjóri. Margir vilja einmitt meina að Scorsese fái loksins Óskarsstyttuna en hann hefur verið tilnefndur fimm sinnum en alltaf gripið í tómt.

Annars eru myndirnar Million Dollar Baby og Finding Neverland með sjö tilnefningar hvor, Clint Eastwood er með tvær tilnefningar sem og Jamie Foxx.



Martin Scorsese

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Legs or no legs, I've never seen such a mobile fireball."**

**Svar:** Turner úr kvikmyndinni Reach for the Sky frá árinu 1956.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Er það svo í umsjón Ólafs B. Guðnasonar e. **10.03** Skemmtiþáttur Reykjavíkurakademíunnar **11.00** Messufall með Anna Kristine Magnúsdóttur. **12.10** Silfur Egils

**13.40** Menningarþáttur með Rósu Björk Brynjólfsdóttur. **16.00** Tónlistarþáttur Dr. Gunna. **18.00** Úr fylgsnum fyrri aldar eftir sr. Friðrik Eggertz e.

**19.30** Endurtekin dagskrá dagsins.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.05** Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Lóðrétt eða lárétt **10.15** Styrjaldir – skemmtun og skelfing **11.00** Guðsþjónusta í Grafarvogskirkju

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Útvarpsleikhúsið: Ekkjan og yfirvaldið **14.00** Stofutónlist **15.00** Vísindi og fræði **16.10** Helgarvaktin **17.00** Í tónleikasal

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Seiður og hélog **19.00** Íslensk tónskáld **19.40** Íslenskt mál **19.50** Óskastundin **20.35** Sagnaslóð **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Af minnisstæðu fólki **22.30** Til allra átta

**23.00** Grískar þjóðsögur **23.10** Silungurinn

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Sunnudagskaffi **14.00** Helgarútgáfan **16.08** Rokkland

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Sunnudagskaffi **21.15** Popp og ról **22.10** Hljómalind

**0.10** Ljúfir næturtónar **2.03** Auðlindin

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Reykjavík Síðdegis - Það Besta Úr Vikunni **9.00** Sunnudagsmorgunn á Bylgjunni

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** N á tali hjá Hemma Gunn

**18.30** Kvöldfréttir **19.00** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.00** Endurflutningur frá liðinni viku. **11.00** Rósa Ingólfsdóttir - endurflutningur.

**13.00** Kolbrún Bergþórsdóttir - endurfl **15.00** Þóra Sigríður Ingólfsdóttir les upp úr bókinni Lóla Rós.

**16.00** Óskar Bergsson - endurfl. **17.00** Ólafur Hannibalsson - endurflutningur. **18.00** Endurflutningur frá liðinni viku.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**14.45**
*Íþróttir*

**Deildabikarkeppnin. Bein útsending frá úrslitaleik Liverpool og Chelsea en þetta er þriðja viðureign liðanna í sögu keppninnar.**

## SÝN

**10.00** European PGA Tour **10.50** Spænski boltinn

**12.30** UEFA Champions League (Liverpool – Bayer Leverkusen)

**14.15** Eiður Smári – 200 leikir. Ítarlegt viðtal við Eið Smára Guðjohnsen sem leikið hefur 200 leiki fyrir Chelsea **14.45** Enski boltinn. Bein útsending frá úrslitaleik Liverpool og Chelsea í deildabikarkeppninni. **17.20** UEFA Champions League **17.50** World Supercross

**18.45** **Inside the US PGA Tour 2005** (Bandaríska mótaröðin í golfi) Vikulegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi á nýstárlegan hátt. Hér sjáum við nærmynd af fremstu kylfingum heims og fáum góð ráð til að bæta leik okkar á golfvellinum. Ómissandi þáttur fyrir golfáhugamenn.

**19.20** **Ítalski boltinn** (Inter – AC Milan) Bein útsending frá leik Inter og AC Milan. Það er ekkert gefið eftir þegar stórveldin í Mílanó mætast á fótboltavellinum. AC Milan skaust í toppsætiðum síðustu helgi en Inter, sem er taplaust í deildinni, fylgir nágrönnum sínum og Juventus eftir eins og skugginn.

**21.20** **NBA** (New Jersey – Cleveland) Útsending frá leik New Jersey Nets og Cleveland Cavaliers í Austurdeildinni. Gestirnir hafa komið skemmtilega á óvart í vetur en í þeirra herbúðum er ein skærasta stjarnan í NBA í dag, LeBron James. Á sama tíma hefur heimamönnumheldur fatast flugið eftir góðan árangur undanfarin ár. Af þeim sökum var Vince Carter keyptur til Nets fyrr í vetur en honum er ætlað að koma liðinu á sigurbraut á nýjan leik.

**23.20** Enski boltinn (Liverpool – Chelsea)

### HALLMARK

**12.15** Merlin **13.45** The Prince and the Pauper **15.15** Anastasia: The Mystery of Anna **17.00** Nairobi Affair **18.45** Just Cause **19.30** Love Or Money **21.15** Hamlet **22.30** Cavedweller

### BBC FOOD

**12.00** Food Source **12.30** Tamasin's Weekends **13.00** Jancis Robinson's Wine Course **13.30** The Thirsty Traveller **14.00** The Italian Kitchen **14.30** Rocco's Dolce Vita **15.00** Coconut Coast **15.30** Floyd's India **16.00** Kitchen Invaders **16.30** Ready Steady Cook **17.00** Who'll Do the Pudding **18.00** Ainsley's Meals in Minutes **18.30** Gondola On the Murray **19.30** Ready Steady Cook **20.00** Rick Stein's Food Heroes **20.30** Masterchef **21.00** Can't Cook Won't Cook **21.30** Floyd On France **22.30** Ready Steady Cook

### DR1

**12.25** Arbejdsliv **12.55** Gospelgudstjeneste fra Gjerrild Kirke **13.45** HåndboldS¢ndagI **15.20** HåndboldS¢ndagII **17.00** Bamses Billedbog **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Fint skal det være **18.30** Sådan ligger landet **19.00** Jeg så det land **20.00** TV Avisen **20.15** S¢ndag **20.45** S¢ndagsSporten **20.55** D¢dens Detektiver **21.20** Lad mig leve – henrettelsen af Wanda Jean **22.50** Magtens billeder: Under anklage **23.45** Musikprogrammet

### SV1

**13.55** Skidor: Längd-VM 2005 **15.00** Dokument utifrån: Kursk – ubåt i grumligt vatten **16.00** Diktator eller morsa **16.30** Med musiken som revansch **17.00** BoliBompa **17.01** Harleys hittegods **17.15** Tv-huset **18.30** Rapport **19.00** Sixties **19.30** Sportspegeln **20.15** Stopptid **20.20** Agenda **21.15** Om barn – Dokumentär **22.15** Rapport **22.20** Design 365 **22.25** The Desk **22.55** Orka! Orka! **23.40** Sändningar från SVT24




# Ert þú félagsvera?

## Við erum félagsskapur. Vertu með.

Ert þú orðin leið / leiður á að vera ein(n) á daginn og hafa lítið fyrir stafni? Vilt þú hitta fólk, spjalla yfir kaffibolla, stunda tómstundir í góðum hópi? Miðla af þinni eigin reynslu, læra eitthvað nýtt, taka þátt í lífinu? Við þurfum öll samneyti við aðra. Það er félagsmiðstöð í þínu hverfi. Komdu við.

Félagsmiðstöðin er hlýr og hvetjandi vettvangur fyrir alla. Þar er hæfileg blanda lífsgleði og alvöru. Þar finnur þú andrúmsloft sem hentar þér. Þú kemur þegar þú sérð þér fært og tekur þátt í þeim viðburðum sem þig langar, snæðir hádegisverð, færð þér kaffi, eða bara nýtur þess að vera innan um aðra, því maður er manns gaman. Komdu í félagsmiðstöðina þína og taktu þátt eða fáðu þér kaffi og líttu í blöðin.

**Félagsmiðstöðvararnar eru á eftirtöldum stöðum:**

- Aflagranda 40
- Árskógum 4
- Bólstaðarhlíð 43
- Dalbraut 18-20
- Dalbraut 21-27
- Furugerði 1
- Langahlíð 3
- Lindargata 59
- Hraunbæ 105
- Hvassaleiti 56-58
- Hæðargarður 31
- Norðurbrún 1
- Sléttuvegur 11
- Vesturgata 7

Í Reykjavík eru 14 félagsmiðstöðvar, opnar borgarbúum á öllum aldri. Þar gefst íbúum hverfa kostur á að koma saman, og taka þátt í fjölbreyttri starfsemi. Þú getur einnig haft áhrif. Í þinni félagsmiðstöð er starfandi notendaráð þar sem þeir sem vilja geta tekið virkan þátt í uppbyggingu og starfsemi sinnar félagsmiðstöðvar.

Hver stöð býður upp á sína eigin dagskrá sem samanstendur af ýmsum spennandi hlutum. Sem dæmi má nefna: vinnustofur, hagleikssmiðjur, listasmiðjur og klúbbastarf ýmiskonar. Spilamennsku, skoðunarferðir, dans og leikfimi. Einnig kaffiveitingar og heitan hádegisverð. Síðan eru ýmsir viðburðir árlegir og / eða tilfallandi, svo sem grillveisla, haustfagnaður og þorrablót. Að auki bjóða flestar félagsmiðstöðvarnar uppá akstursþjónustu, sameiginlegar verslunarferðir og baðþjónustu. Hárgreiðslu- og fótaaðgerðarstofur eru starfrækt á mörgum stöðvunum.

**Komdu til okkar eða hafðu samband.**
**Við tökum vel á móti þér.**

Félagsþjónustan í Reykjavík




## HRÓSIÐ

*... fær Guffi bílasali, sem hefur selt þrjátíu þúsund bíla á 35 árum sem bílasali.*

## HIN HLIÐIN

**HIN HLIÐIN Á LEIKARANUM VALDIMAR ERNI FLYGENRING**

# Trukkurinn lætur bringuhárin vaxa

**Hvernig ertu núna?** Sjaldan verið betri.
**Augnlitur:** Blár.
**Starf:** Leikari.
**Stjörnumerki:** Krabbi.
**Hjúskaparstaða:** Góð.
**Hvaðan ertu?** Frá pabba og mömmu.
**Helsta afrek:** Börnin mín.
**Helstu veikleikar:** Óákveðni.
**Helstu kostir:** Heiðarleiki og sveigjanleiki.
**Uppáhaldssjónvarpsþáttur:** *That 70s Show.*
**Uppáhaldsútvarpsþáttur:** AA-stöðin XA 88,5.
**Uppáhaldsmatur:** Grafinn skarfur að hætti Hávars Sigurjónssonar.
**Uppáhaldsveitingastaður:** Trukkurinn á Gráa kettinum fær bringuhárin til að vaxa.
**Uppáhaldsborg:** París. Sambland af sveit og erótík.
**Mestu vonbrigði lífsins:** Að Samfylkingin skyldi ekki taka það síðast.
**Áhugamál:** Skíði, mótorhjól, flugvélar, heilbrigði andans og fjölskyldulíf. Er krabbi. Án fjölskyldu er ég dauðans matur.
**Viltu vinna milljón?** Já, og gefa hana strax.
**Jeppi eða sportbíll?** Bifhjól.
**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?** Leikari. Skrifaði Roger Moore bréf tólf ára gamall. Fékk svar: Best wishes.
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Synir mínir Siggi og Þór.
**Hver er kynþokkafyllst(ur)?** Konan í hjartanu á mér.
**Trúir þú á drauga?** Já. Hef ástæðu til að halda að veröldin sé stærri en það sem ég sé.
**Hvaða dýr vildirðu helst vera?** Stór og fallegur fugl; örn.
**Hvaða dýr vildirðu ekki vera?** Rotta; siðlausir lifnaðarhættir.
**Áttu gæludýr?** Eigum fisk og leitum nú að handmötuðum gára.
**Besta kvikmynd í heimi:** *Apocalypse Now.*
**Besta bók í heimi:** *Sjálfstætt fólk* eftir Laxness
**Næst á dagskrá:** Að taka á móti vori með opnu hjarta, leika, og vonandi sér RÚV sér fært að sýna *Kallakaffi* áður en fötin verða hallærisleg.




FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

# Dáleiðir Eyjamenn og Akureyringa

Gengið hefur verið frá tveimur sýningum gríndávaldsins Sailesh í Vestmannaeyjum og á Akureyri. Sailesh mun dáleiða og skemmta Eyjapeyjum og -pæjum þann 20. apríl í Höllinni og daginn eftir verður hann í Sjallanum. Miðasala á báðar þessar sýningar hefst mánudaginn 7. mars klukkan 13 og er aldurstakmark 18 ár.



**SAILESH** Gríndávaldurinn ætlar að skemmta Akureyringum og Eyjamönnum í apríl.

Miðar á sýningu dávaldsins á Broadway þann 17. apríl eru uppseldir en enn eru nokkrir miðar lausir á seinni sýninguna, 18. apríl. Við þetta er að bæta að aðsókn á námskeið Sailesh þar sem hann hjálpar fólki að hætta að reykja og losa sig við aukakílóin hefur verið framar vonum. Þegar hefur selst upp á átta námskeið og nýlega var tveimur bætt við en sala á þau námskeið hefst þriðjudaginn 1. mars.

Sailesh kolféll fyrir landi og þjóð þegar hann sótti Ísland heim fyrst, í september og ætlar hann að dvelja hér í nokkra daga fyrir og eftir ráðgerðar sýningar og námskeið þrátt fyrir að vera afar upptekinn skemmtikraftur. ■

HENSON: HELDUR HÖNNUNARKEPPNI UM NÝJAN GALLA

# Á Henson-buxum um hnöttinn

„Það er eins og með annað sem fer út í öfgar. Einu sinni framleiddi ég galla sem öll íslenska þjóðin var í, og það var asnalega mikið. Varð bara púkó og hallærislegt," segir Halldór Einarsson í Henson, sem fyrr í mánuðinum fór af stað með hönnunarkeppni á nýjum Henson-galla og nýrri útfærslu Henson-merksins, en keppnin stendur til 12. mars.

„Við leitum að nýrri útfærslu á hinum dæmigerða Henson-galla sem hentar báðum kynjum og svo merkinu sem við höfum breytt og þróað fjórum sinnum síðan Henson var stofnað fyrir 36 árum síðan," segir Halldór, en hönnunarkeppni Henson er unnin í samvinnu við Iceland Express og Tæknival.

„Undirtektirnar hafa verið frábærar. Hingað streyma stórkostlegar tillögur frá nemendum Listaháskóla Íslands, myndmenntakennurum og kunnum fatahönnuðum. Samkeppnir af þessu tagi hafa sárasjaldan verið haldnar, en þetta er í stíl við annað; þegar vel gengur er það hvatning til að gera enn betur, og indælt að nýta meðbyrinn til að peppa fólk upp með þessum hætti."

Í verðlaun eru peningar, flugferðir til útlanda og tölvur, en þann 20. mars verður verðlaunaafhending í Ráðhúsi Reykjavíkur, auk tískusýningar þar sem sýnt verður brot af því besta sem barst í keppnina.

„Margar tillögur hafa þegar skilað sér inn og þar má sjá verulega góða spretti. Það er alveg klárt mál að þrír efstu gallarnir fara strax í framleiðslu og sölu," segir Halldór léttur í lund, en með honum í dómnefnd eru Linda Árnadóttir fatahönnuður, Svava Johansen í Sautján og tónlistarfólkið Erpur Eyvindarson og Birgitta Haukdal.

Halldór festi nýlega kaup á hæðinni ofan við Henson í Brautarholti. Umfang fyrirtækisins hefur vaxið hratt hin síðari ár, enda Henson-fatnaður í hávegum hafður hjá þeim sem vilja vera með á nótunum. Á döfinni er sögusafn Henson.

„Þegar betur er að gáð hef ég verið nógu lengi í þessu til að geta sett á laggirnar sögusafn, enda heimilikil saga á bak við þetta. Við gerðum fyrstu búningana fyrir mörg af þeim liðum sem nú teljast orðin þroskuð; HK, Stjörnuna, Fylki, Leikni og Fjölni, sem öll byrjuðu í Henson-búningum og klæðast mörg enn. Hugmyndin kviknaði á Íþróttasafninu á Akranesi þegar ég sá slatta af Henson-fatnaði frá þeim tíma þegar ég klippti út prívat og persónulega allar merkingar, númer og auglýsingar, og saumaði á búninga á kvöldin. Þessu fylgdi mögnuð tilfinning og ég upplifði Henson upp á nýtt; allar sögurnar bak við hlutina og á reyndar ýmislegt í pokahorninu, þar á meðal síðbuxur Ágústs Þorsteinssonar maraþonhlaupara sem hann keypti af mér 1974 og hefur hlaupið í tvo og hálfan hring kringum hnöttinn!" segir Halldór brosandi; alveg staðráðinn í að opna sögusafnið fyrir sumarið.

thordis@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**HALLDÓR EINARSSON Í HENSON MEÐ SÖGULEGAR SÍÐBUXUR** Halldór ætlar að opna sögusafn Henson á vordögum þar sem sjá má ýmsa merkilega hluti úr 36 ára sögu Hensons. Hér er hann með síðbuxur Ágústs Þorsteinssonar maraþonhlaupara sem að síðarnefndi hljóp í meira en tvisvar sinnum kringum hnöttinn.




Stórar og rúmgóðar íbúðir í boði fyrir barnafjölskyldur

Ótrúlegt verð

Kr. 45.595 á mann
M.v. Hjón með 2 börn á California íbúðahóteli. 20. maí, 5 dagar. Netverð með 10.000 kr. afslætti.

Kr. 55.190 á mann
M.v. tvíbýli á California Garden m/hálfu fæði 27. maí, 5 dagar (fös-mið). Netverð með 10.000 kr. afslætti.

10.000 kr.
afsláttur ef þú bókar strax.
Tryggðu þér lægsta verðið.

Salou

NÝTT
Nú bókar þú beint á netinu á www.terranova.is

– sólarperlan suður af Barcelona

Salou er fallegur bær á Costa Dorada ströndinni, um 100 km sunnan við Barcelona. Þar er Port Aventura, stærsti og glæsilegasti skemmtigarður Spánar. Bærinn skartar stórkostlegum ströndum, fjölbreyttri aðstöðu og einstöku veðurfari. Ströndin er breið og aðgrunn með fínum gylltum sandi og því tilvalin fyrir barnafjölskyldur. Menning, verslanir og litríkt næturlíf taka síðan við þegar sólböðum líkur. Salou er sérstaklega skemmtilegur sumarleyfisstaður fyrir fjölskyldur.



Löng helgi eða fullvaxið frí
5 dagar – notaleg endurhleðsla í sólinni
12 dagar - fullvaxið frí
... og lengur ef þú vilt

ENNEMM / SIA / NM15362

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Stangarhyl 3 · 110 Reykjavík
Sími: 591 9000 · www.terranova.is
Akureyri Sími: 461 1099

TERRA NOVA -SPENNANDI VALKOSTUR


# Stuðmannasætin uppseld

Öll 800 flugsætin sem voru í boði vegna tónleika Stuðmanna í Royal Albert Hall í London þann 24. mars eru uppseld. Miðasala í Bretlandi hefur einnig gengið vel og hafa alls á þriðja þúsund miðar verið seldir á tónleikana.

Koma Stuðmanna til Bretlands og fyrirhuguð sýning á Stuðmannamyndunum hefur vakið nokkra athygli í þarlendum fjölmiðlum. Var hljómsveitin til umfjöllunar í dagblaðsdálki sem ber heitið „Who the hell are?" sem myndi útleggjast „hver í andskotanum eru?" Þar veltir blaðamaður upp þeirri spurningu hvernig standi á því að hljómsveit sem enginn hafi heyrt minnst á í Bretlandi geti haldið tónleika í einu virtasta tónleikahúsi landsins. Eins spyr blaðamaður hvernig standi á því að Ísland geti endalaust framleitt tónlist sem ekki sé nokkur leið að flokka eftir hefðbundnum aðferðum.

Drefiblaðið Metro fjallar um tónleikana í dálkinum „Hottest ticket in town" og segir þá hljóta að vera einn forvitnilegasta viðburðinn í London yfir páskahelgina. Enn er hægt að nálgast miða á tónleikana á vefsíðu Royal Albert Hall, www.royalalberthall.co.uk. ■



**RAGNHILDUR GÍSLADÓTTIR** Það verður væntanlega mikið fjör á tónleikum Stuðmanna í Royal Albert Hall 24. mars.



RÝMINGARSALA
vegna breytinga
40% AFSL.
AF ÖLLU DÓTI
laugardag, sunnudag og mánudag
Steffi Love
Groovy Girls
NIKKO
MECCANO
LEGO
BIONICLE
Keel Toys
Hot Wheels
Disney
BABY born
Fisher-Price
Simba
Music World
Barbie
my little Pony
DÓTABÚÐIN
SMÁRALIND sími 522 8322
KRINGLAN sími 568 8190

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



FERÐALEIKURINN ER Á VISIR.IS – TAKTU ÞÁTT!

Þú gætir unnið ferð til Kaupmannahafnar eða London!

Iceland Express

vísir ...UM ALLT!




BAKÞANKAR


ÞORBJARGAR S. GUNNLAUGSDÓTTUR


## Spuna-drottningin

Brúðkaup Karls og Kamillu hefur vakið blendin viðbrögð. Ástin sigraði að lokum segja sumir en aðrir telja að hjónadjöfullinn hafi farið með sigur af hólmi. Elísabet Englandsdrottning hefur sagst samgleðjast hjónaleysunum. Samhliða þeirri yfirlýsingu hefur frést að hún muni ekki mæta í brúðkaupið. Fréttirnar eru þó fyrst og síðast dæmi um vel lukkaðan spuna.

**STYRKLEIKI** skrópsins felst í því að láta fjarveruna skyggja á stóru stundina hjá elskendunum. Þetta er ekki öllum gefið. Á meðan forseti Íslands var fjarverandi í konunglegu brúðkaupi í Danmörku vakti Dorrit verðskuldaða athygli í fjölmiðlum. Niðurstaðan var sú að enginn tók eftir því að forsetann vantaði, hvorki þar né hér. Allir voru með hugann við fallegan kjól eiginkonunnar. Skróp þingmanna á samkomum með forsetanum eða í mánaðarlegum móttökum fyrir háttsetta kínverska embættismenn hafa verið mislukkuð. Sennilega saknar forsetinn þingsins takmarkað og Kínverjarnir koma hingað í stríðum straumum eftir sem áður. List drottningar felst aftur á móti í því að hanna skrópið þannig að eftir því sé tekið. Íslenskir spunameistarar mættu því líta til Elísabetar drottningar, enda eru íslenskir stjórnmálaspunar yfirleitt því marki brenndir að þeir skila sér annaðhvort alls ekki eða vitlaust í umræðuna.

**DROTTNINGUNNI** hefur með lagni tekist að koma í veg fyrir fréttaskýringar um elskendur sem loks fengu að eigast eftir 35 ára bið. Væntanleg fjarvera hennar vekur meiri athygli en sú staðreynd að viðhaldinu hefur loks tekist að hneppa prinsinn. Og skrópið rifjar upp meinlegar staðreyndir á borð við þær að Karl bað Díönu í kálgarði Kamillu og að Díana líkti verðandi konu hans við Rottweilerhund. Samúð almennings er nú hjá Díönu. Niðurstaðan er sú að Kamilla fær ekki drottningartitil þegar Karl verður konungur, þrátt fyrir að vera eiginkona hans. Það hefur gleymst að örlög Díönu voru hin sömu. Hún komst aldrei lengra en að verða prinsessa.

**SPUNADROTTNINGIN** Elísabet hefur með skrópi sínu tryggt sér drottningartitilinn til frambúðar. Í tvígang mun Karl ganga í konunglegt hjónaband, án þess þó að eignast drottningu.


Kappsamir starfsmenn Icelandair klippið hér



# 2000 FLUGSÆTI

Í dag eru **2 ár** liðin síðan fyrsta vél Iceland Express fór í loftið. Af því tilefni bjóðum við Íslendingum 2000 sæti á **2000 króna** afmælistilboði aðra leið. Við verðið bætast skattar og gjöld sem nema frá **2500 krónum** aðra leið. **Til hamingju með afmælið okkar!**

| | |
|---|---|
| Til Kaupmannahafnar | **5.100 kr.** aðra leið með sköttum |
| Frá Kaupmannahöfn | **5.100 kr.** aðra leið með sköttum |
| Til London | **5.100 kr.** aðra leið með sköttum |
| Frá London | **4.500 kr.** aðra leið með sköttum |

SALA HEFST KL. 12:00
www.icelandexpress.is

Fiton/SÍA

Búðu þig undir brottför á **www.icelandexpress.is**

**2000 SÆTI**
Verð frá aðeins: **4.500 kr.**
(Aðra leið með sköttum)
Sala hefst kl.12:00 í dag sunnudaginn 27. febrúar.
Tilboðið gildir aðeins á völdum dagsetningum frá 1. apríl til 15. maí. Takmarkað sætaframboð.

Iceland Express

Ferðaþjónusta Iceland Express, Suðurlandsbraut 24, Sími 5 500 600

MEIRIHÁTTAR Heimabíókerfi

Pioneer

Ert þú að hlusta á þau?



49.900,-

3JA ÁRA ÁBYRGÐ

450W (6x75W) RMS •
Heimabíókerfi •
DVD-spilar öll kerfi •
Geislaspilari MP3/JPG •
Útvarp 30 stöðva minni •

PIONEER DCS-222
Heimabíókerfi






BRÆÐURNIR ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND
RADIONAUST Furuvöllum 5 · Akureyri Sími 461 5000

Ljósboginn, Keflavík • Módel, Akranesi • Þristur, Ísafirði • Bókav. Þórarinns Stefánssonar, Húsavík • Geisli, Vestmannaeyjum • Árvirkinn, Selfossi